



Náttúrunnandi Tónlistar- og myndlistarmaðurinn Tryggvi Gunnar Hansen býr sig undir veturinn í tjaldbúð sinni í útjaðri höfuðborgarsvæðisins. Hann stefnir að því að verða sjálfbær og reyndi að rækta grænmeti í sumar. Tryggvi vill að Íslendingar hverfi frá græðgi vaxtarhyggiunnar, flytji aftur í torfkofana og skipti sér í hundrað manna þorp. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ferðaðþjónustan svínar á starfsmönnum sínum

Tugir mála hafa komið inn á borð Einingar-löju þar sem starfsfólk í ferðaðþjónustu fær ekki greitt samkvæmt kjarasamningum. Ferðaðþjónustan er sú atvinnugrein sem brýtur einna helst á launafólki sínu að mati Björns Snæbjörnssonar.

VINNUMARKAÐUR Ferðaðþjónustan er sú atvinnugrein sem helst brýtur á launafólki að mati Björns Snæbjörnssonar, formanns Einingar-löju á Akureyri.

Tugir mála hafa komið inn á borð stéttarfélagssins í sumar þar sem starfsfólk í ferðaðþjónustu er greitt minna en kveðið er á um í kjarasamningum.

Björn skrifar harðorða grein í Fréttablaðið í dag þar sem hann telur ferðaðþjónustuna taktlausu hvað þetta varðar.

„Ferðaðþjónustan getur hreinlega ekki verið þekkt fyrir að gera út á íslenska náttúru sem er í eigu fólksins í landinu og brjóta á sama tíma umsamin réttindi ungs fólks,“ segir í greininni.

„Að sjálfsgöðu viljum við að fyrirtæki innan okkar samtaka fylgi kjarasamningum og leggjum mikið upp úr því,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaðþjónustunnar. „Fyrirtæki í greininni eru mörg og misjöfn að stærð. Þótt einhverjir standi sig ekki hvað þetta varðar þá er ekki hægt að alháfa yfir á alla greinina.“

Björn segir tugir mála hafa komið inn á borð til sín þar sem reglur um yfirvinnugreiðslur eru brotnar. „Það eru margir í þessum geira sem hreinlega vita ekki að þeir eru að brjóta á starfsfólki sínu en aðrir eru vísitandi að brjóta á sínu fólki, það er bara eins og gengur og gerist,“ segir Björn. „Ég hef heyrt í mörgum vinnuveitendum, sem hafa allt á hreinu, sem eru orðnir langþreyttir á að samkeppnisáðilar þeirra á markaði brjóti á sínu fólki. Því þetta skekkir einnig samkeppnisstöðuna ef sumir greiða undir taxa.“

Ferðaðþjónustan hefur verið í miklum vexti og Eining-löja hefur þurft að hafa afskipti affjölda mála. Björn hvetur starfsmenn í ferðaðþjónustu að þekkja sinn rétt. „Við sendum út auglýsingar og bæklinga til starfsfólks um hvernig launaseðlarnir þeirra eiga að lita út og það hefur haft góð áhrif og okkur hefur borist fjöldi fyrirspurnna í kjölfarið. Einnig verður starfsfólk að vera duglegra að lesa launaseðla sína og vera vakandi.“

sveinn@frettabladid.is / sjá síðu 14

●● Þótt einhverjir standi sig ekki hvað þetta varðar þá er ekki hægt að alháfa yfir á alla greinina.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF



●● Það eru margir í þessum geira sem hreinlega vita ekki að þeir eru að brjóta á starfsfólki sínu en aðrir eru vísitandi að brjóta á sínu fólki.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju



Telur óheimilt að neita um vígslu

JAFNRÉTTISMÁL Ólöf Nordal innanríkisráðherra telur presta ekki geta neitað samkynhneigðum um hjónavígslu á meðan gjörningurinn hefur lögformlegar afleiðingar. Annað gildi ef aðeins væri um blessun að ræða.

Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup kallar eftir því að óvissu um málið verði eytt. „Með þessari yfirlýsingu innanríkisráðherra er komin upp alveg ný staða í málinu. Ef frelsi skoðana og sannfæringar sem stjórnarskráin tryggir gildir ekki hér, gildir það ákvæði þá nokkurn tíma?“ – **kgb / sjá síðu 6**

●● Þegar prestar gegna opinberum skyldum eins og nú er, enda hefur hjúskaparvígsla lögformlegar afleiðingar, tel ég að þeir geti ekki hafnað að gefa saman pör á grundvelli kynhneigðar þeirra.

Ólöf Nordal, innanríkisráðherra



Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Haukur Logi Karlsson skrifar um dómara. **12-14**

SPORT Hannes Þór Halldórsson hefur slegið í gegn í Hollandi. **18**

MENNING Lestrarhátíð í Reykjavík hefst á fimmtudag. **26**

LÍFIÐ Dóri DNA gefur út ljóðabók, semur leikrit og býr til sjónvarpsþátt. **28-30**



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Pinex® Smelt

Munddreifitöflur 250 mg



Actavis

Veður



Stífl suðvestanátt í dag og skúrir, en léttir til fyrir norðan og austan. Hvessir með rigningu vestanlands í kvöld. Hiti svipaður og í gær.

SJÁ SÍÐU 20



Þessi mynd er sjálfsmýnd könnunarfarsins Curiosity sem lenti á Mars þann 6. ágúst 2012. NORDICPHOTOS/AFP

Rennandi vatn á Mars

VÍSINDI Fljótandi vatn finnst yfir sumartímann á Mars. Þetta staðfestu vísindamenn frá NASA á blaðamannafundi í gær.

Þetta þykir gefa vísbendingu um að líf kunni að finnast á plánetunni sem er á milli jarðar og Júpíters.

Vatnið rennur niður gil og gíga þegar hlýtt er í veðri en þornar upp þegar kólnar.

Vísindamenn vita ekki hvaðan vatnið kemur en kenningar eru um að það renni úr ís undir yfirborði plánetunnar.

Fyrir á þessu ári greindi NASA frá því að vísbendingar hefðu fundist um haf sem hefði hulið Mars að hálfu í fjarlægri fortíð. – **snæ**

» **Hitinn á Mars fer úr -143°C í 35°C á góðum sumardeg.**

Heimsfrægur á Íslandi



Kattavinir Þessi kisi mátti þola ágenga ferðamenn á Skólavörðustíg í gær. Hann kippti sér lítið upp við myndatökuna en virtist þó ekkert allt of sáttur við athyglina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jafnréttissjóður í þróunarmál

JAFNRÉTTISMÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra tilkynnti í ávarpi, á leiðtogafundi Sp á sunnudag, að meira en helmingur nýlega stofnsetts jafnréttissjóðs rynni til þróunarmála.

Þann 16. júní var þingsályktunartillögu um sjóðinn breytt þannig að ekki var gert ráð fyrir að helmingur rynni til þróunarmála heldur „verulegur hluti“, meðal annars vegna gagnrýni Kvenréttindafélags Íslands.

„Auðvitað fagna ég því að það eigi að auka fjármagn í þróunarmál en það þýðir ekki að það sé hægt að gera það í einhverju svona yfirskini undir vitlausum hatti,“ segir Friða Rós Valdimarsdóttir, formaður félagsins. „Þessu var breytt úr ákveðinni stærð í algjörlega óræða stærð. Það var ekki ásettlegt að gera það. Þau hafa ákveðið að gefa sér rýmra vald með þennan sjóð.“

– **snæ**

Hvetur sveitarfélög til að rannsaka heimagistingar

Við rannsókn Hvalfjarðarsveitar fundust níttján sumarhús sem voru leigð út til gistingar. Í kjölfarið voru fasteignagjöld hækkuð. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga segir tekjur af ferðaþjónustu skila sér illa til sveitarfélaganna.

HVALFJARÐARSVEIT Skipulögð rannsókn Hvalfjarðarsveitar á vefsíðum sem bjóða upp á gistingu í heima- eða sumarhúsum skilaði auknum skatttekjum fyrir sveitarfélagið. Fundust 19 sumarhús í sveitarfélaginu sem voru leigð út til gistingar og því hækkaði sveitarfélagið fasteignagjöld á þá bústaði.

„Við sáum þetta sem eina ráðið. Við byrjuðum á að skoða þetta skipulega undir lok síðasta árs og lögðum aukin fasteignagjöld á 19 eignir í sveitarfélaginu,“ segir Skúli Þórðarson, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar. „Þessi gisting er í beinni samkeppni við hótél í ferðaþjónustu og því er það réttlætismál að allir sitji við sama borð þegar kemur að fasteignagjöldum. Sumarhús greiða 0,44 prósent af fasteignamati í gjöld en hótél greiða 1,65 prósent.“

Mikil umfjöllun hefur verið undanfarið um heimagistingar í ferðaþjónustu. Fjöldi einstaklinga leigir hýbýli sín til ferðamanna. Hundruð eigna eru á skrá í höfuðborginni einni hjá síðum eins og Airbnb.

„Sú umræða hefur verið í gangi hringinn í kringum landið að tekjur af ferðaþjónustu skili sér illa til sveitarfélaga. Ríkið hefur yfirumsjón með öllum veltusköttum og sveitarfélög eru óhress með að taka á sig allan kostnað við komu ferðamanna en fá litlar tekjur í staðinn,“ segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Skráning húsnæðis verður að vera rétt og þetta gerist þegar skil eru óljós. Það er erfitt að gera sér grein fyrir hvað er íbúðarhúsnæði og hvað



Eftir miklu getur verið að slægjast hjá sveitarfélögum að skrá rétt fasteignamat. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkið hefur yfirumsjón með öllum veltusköttum og sveitarfélög eru óhress með að taka á sig allan kostnað við komu ferðamanna en fá litlar tekjur í staðinn.

Halldór Halldórsson



er atvinnuhúsnæði. En eins og í þessu þá þarf nærsamfélagið að skoða þessa hluti og vera á varðbergi.“

Skúli segir líklegt að Hvalfjarðarsveit muni halda áfram eftirliti með heimagistingu sem þessari. Í sveitarfélaginu sé gríðarlegur fjöldi sumarbústaða einstaklinga sem margir gætu hugsað sér að leigja út til skemmri eða lengri tíma fyrir erlenda ferðamenn. „Ef við myndum fylgja þessu eftir allt árið 2016 þá myndu tekjur Hvalfjarðarsveitar aukast um á þriðju milljón króna árlega. Ég hvatti kollega mína á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga til að skoða þetta frekar því þarna eru miklir hagsmunir í húfi, ekki bara fyrir okkur heldur er þetta líka réttlætismál,“ segir Skúli. sveinn@frettabladid.is

Í REYKJAVÍK VEGNA FJÖLDA ÁSKORANNA!

RÚNAR 70 JÚL

SVEITAPILTSINS DRAUMUR

HÁSKÓLABÍÓ
31. OKTÓBER

EYÞÓR INGI · MAGNI · VALDIMAR · SALKKA SÓL
ASAMT SÉRVALINNI ROKKSVEIT
UNDIR STJÓRN JÓNS ÓLAFSSONAR

MIDASALA ER HAFIN Á TIX.IS



G-TEC FYRIR NÁTTÚRUNA OG VESKIÐ

ŠKODA Octavia G-TEC verð frá 3.420.000 kr.



Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samvinnast feegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu 1.330 km án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC**.



Huldumaðurinn sem býr í eigin þorpi

Náttúruunnandinn Tryggvi Gunnar Hansen hefur frá því í maí hafst við í tjaldbúð í skóglendi í jaðri Reykjavíkur. Tryggvi segir sig afkomanda og merkisbera fólks sem hafi verið hér fyrir „svikalandnám víkinga“ og vill að Íslendingar skipti sér í hundrað manna þorpssamfélag.

Garðar Örn
Úlfarsson
gar@frettabladid.is

FÓLK „Húsin í borginni eru eins og fangabúðir,“ segir Tryggvi Gunnar Hansen sem býr í tjaldi í rjóðri einu við mörk byggðarinnar í höfuðborginni.

Tryggvi er tónlistar- og myndlistarmaður auk þess að vera þekktur torfhleðslumaður. Undanfarna áratugi hefur hann gert viðreist og meðal annars dvalist á Norðurlöndunum, í Eystrasaltslöndunum og í Karpatafjöllum í Úkraínu. Í þessum löndum leitar Tryggvi uppi náttúruunnendur sem deila lífsskoduunum hans.

Nú er Tryggvi kominn heim og hefur frá því í maí gert sér athvarf í skógarjòðri sem hann biður um að ekki komi fram hvar er.

„Ég stefni að því að verða sjálfbær og hef reynt að rækta grænmeti í sumar en þar sem ég er ekki mjög reynslumikill og sumarið var lélegt gekk það fremur slælega,“ segir Tryggvi og gefur gestunum að bragða á stíkilsberjum sem vaxa á svæðinu.

Tryggvi segir gríðarmiklum verðmætum fargað hér. Mat og alls kyns hlutum sem hægt sé að gera við eða nýta í annað. Sjálfur hafi hann sem dæmi bjargað stráheilum reidhjólum frá því að lenda í málmpressum Sorpu.

„Endurnýtingardeild Sorpu ætti að nýta hlutina betur og jafnvel vera með skiptimarkað fyrir almenning líkt og tíðkast í Svíþjóð og skapar þar skemmtilega stemningu,“ segir Tryggvi. Einu þessara hjóla hefur hann breytt í rafmagnshjól sem hallar sér upp að húsbilnum sem Tryggvi flutti með sér frá Svíþjóð.

Tryggvi telur sig vera afkomanda og merkisbera náttúrufólks sem bjó hér tugþúsundum saman fyrir „lygalandnám víkinga“ sem komið hafi með yfirgangi.

„Þetta var fríðsamt fólk sem lifði á landi og bjó í hringlaga kotum og hellum. Benedikt Gíslason segir í bók sinni Íslendu að við höfum verið 80 til 100 þúsund manns hér fyrir. Þá tel ég að 25 prósent hafi flúið land, 25 prósent verið drepin, 25 prósent gerð að þrælum og 25 prósent flúið á fjöll. Þetta fólk var síðan kallað álfar, tröll og huldufólk. Þeir sem eru náttúrusinnaðir eins og ég eru af þessu fólki komnir. Síðan var hér óslitið þrælshald og nauðgun „bænda“, sem sagt léns herraveldi,“ segir Tryggvi sem vill breytingar.

„Áður vorum við fjölskyldur



Tryggvi Gunnar er enn að innrétta hjá sér íverutjaldið. Þar þó komin kynding sem hann útbjó sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Tryggvi vill að fólk endurheimti raunverulegt lýðræði með litlum þorpum sem velji sína fulltrúa á stærri þing. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta fólk var síðan kallað álfar, tröll og huldufólk. Þeir sem eru náttúrusinnaðir eins og ég og eru af þessu fólki komnir.

– þorp – og það er einmitt þetta þorp sem ég vil endurvekja. Ekki þorp eignarréttar heldur þorp sem vinnur að því að allir verði sjálfbærir af náttúrunni hér og án skulda og án peninga,“ lýsir Tryggvi sem sér fyrir sér 3.300 þorp með eitt hundrað manns í hverju.

„Þessi þorp myndu senda sína fulltrúa til þinga en ekki bara þrjár eða fjórar hundrað manna klikur, það er stjórnmalaflokkarnir sem eru í raun mafiuklúbbar,“ segir Tryggvi. Hluti vandans sé of stórar einingar. „Ef fleiri en níutíu kjúklingar eru í sama húsi þá verða þeir vitskertir. Samskiptakerfi sem þeir hafa byggt upp í milljónir ára brotnar niður og þeir byrja að gogga hver í annan. Svipað gildir með okkur mennina.“

Tryggvi bendir á að ef Íslendingar skipta með sér landinu þá

komi þrjátíu hektarar í hlut hvers og eins. „Við gætum byggt allt sjálf úr náttúruvefnum, án banka og peninga og pössum landið saman. Það á ekki að selja landið, ekki gefa það og ekki auka við. Stærsta ruglið er þessi vöntun, að þurfa meira og meira – sem er vaxtarhyggjan endalaus. Nú er komið að nóg hyggju,“ segir hann.

Aðspurður segist Tryggvi lítið sækja til byggða. „En ég fer samt alltaf að ná mér í einhverja næringu,“ játar hann þó enda sé sjálfbærinn ekki komin alveg til framkvæmda.

Í sumar bjuggu nokkur ungmenni í tjöldum á svæðinu. Tjöldin standa enn á sínum stað en unga fólkið er horfið. Eini íbúinn býr sig undir veturinn.

„Ég þarf að þetta tjaldið meðfram gölfinu og sennilega loka betur að ofan svo snjóí ekki inn,“ segir Tryggvi og sýnir aðkomumönnum við svo búið hugvittsamlega kyndingu með tvöföldu kerfi sem nýtir eldivið betur. Kyndinguna bjó hann til úr notuðum hlutum. „Þetta verður allt í lagi.“

NICOTINELL FRUIT

Ódýrasta Nicotinell lyfjatyggigúmmíið!

Nicotinell Fruit lyfjatyggigúmmí, inniheldur 2 eða 4 mg nikótín. Til meðferðar á tobaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrarfeinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Ekki má nota Nicotinell Fruit ef þú reykir ekki eða ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefna lyfisins. Ráðlagður skammtur fer eftir því hversu háð/ur þú ert reykingum. Þú skalt nota Nicotinell Fruit 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmis. Annars skaltu nota Nicotinell Fruit 2 mg ef reykt er minna en 20 sigarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtisins skaltu ihuga minni skammt í staðinn. Tyggjið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggjið aftur þegar bragðið dofna, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmiinu. Í upphafi meðferðar skaltu venjulega nota eitt stk á 1-2 klst. fresti þegar þú finnur fyrir reykingabörf. Venjuleg notkun er 8-12 stk í á sólarhring. Þú mátt ekki nota fleiri en 25 af 2 mg eða meira en 15 af 4 mg lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring og er ekki malet með notkun lengur en í 1 ár. Sumt reykingafólk gæti þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Leitaðu faglegrar ráðgjafar hjá lækni eða lyfjafræðingi ef þú getur ekki hætt að nota lyfið eftir eitt ár eða ef þér tekst ekki að fækka fjölda reyktra sigarettar eftir 6 vikur. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er tilbúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðferðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú hefur fengið einhverja hjarta eða aðasjúkdöma, sjkursjúki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahættur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/ eða lífrastirsemi, með magasar, gervitnum, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurlánda 12a, 210 Garðabær

Lyfjaauglýsing



BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

BMW X5

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure



AKTU FRAMFÖRUM Á NÝJUM BMW X5.

NÝR BMW X5 30d DÍSIL xDRIVE.

Þriðja kynslóðin af BMW X5 er sú glæsilegasta hingað til. Nýr X5 30d xDrive er með 258 hestafla 6 cyl. díslivél og 8 þrepa Steptronic sjálfskiptingu.

Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5.

BMW X5 30d xDrive. Verð frá 11.790.000 kr.: Steptronic 8 þrepa sjálfskipting – 18" álfelgur lykillaus gangsetning – rafdrifinn afturhleri – rafdrifin framsæti með minni fyrir ökumann – nálgunarvarar bakkmyndavél – handfrjáls Bluetooth símabúnaður – 6,5" litaskjár.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á
bilaland.is

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN



TÖKUM NOTAÐAN
UPPÍ NOTAÐAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

HYUNDAI ix35 COMFORT
Nýskr. 05.14, ekinn 48 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 120744.

Glæsilegur bíll
4.990 þús.



KIA PICANTO EX
Nýskr. 06.14, ekinn 21 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.250 þús.
Rnr. 120769.



FORD FOCUS TITANIUM
Nýskr. 09.11, ekinn 65 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.620 þús.
Rnr. 143001.



HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr. 05.12, ekinn 45 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 320397.



NISSAN PULSAR ACENTA
Nýskr. 05.15, ekinn 25 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.490 þús.
Rnr. 131804.



PORSCHE CAYENNE
Nýskr. 07.07, ekinn 111 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.290 þús.
Rnr. 350011.



TOYOTA AURIS SOL HYBRID
Nýskr. 07.14, ekinn 9 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 103037.

bilaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Flogið undir ofurmána



Ofurmáni Farþegaþota frá Air France flýgur undir ofurmána rétt fyrir landingu í Tókýó í Japan í gær. Það kallast ofurmáni þegar fullt tungl er næst jörðu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Biskup segir ráðherra fara gegn frelsi skoðana

Starfandi biskup spyr hvort ákvæði í stjórnarskrá um frelsi skoðana og sannfæringar sé tryggt í ljósi orða Ólafar Nordal innanríkisráðherra um að prestar geti ekki hafnað því að gefa saman pör á grundvelli kynhneigðar þeirra.

MANNRÉTTINDI „Þegar prestar gegna opinberum skyldum eins og nú er, enda hefur hjúskaparvígsla lögformlegar afleiðingar, tel ég að þeir geti ekki hafnað að gefa saman pör á grundvelli kynhneigðar þeirra. Verði hins vegar breytingar þar á, og sú athöfn verði einungis blessunarathöfn, eigi önnur sjónarmið við,“ svarar Ólöf Nordal innanríkisráðherra spurð hvort hún telji eðlilegt að hjúskaparlög séu skoðuð sem sérlæg gagnvart lögum um opinberar skyldur og réttindi starfsmanna ríkisins. Lög sem leggja bann við að opinberir starfsmenn mismuni almenningi.

„Með þessari yfirlýsingu innanríkisráðherra er komin upp alveg ný staða í málinu. Ef frelsi skoðana og sannfæringar sem stjórnarskráin tryggir gildir ekki hér, gildir það ákvæði þá nokkurn tíma?“ spyr starfandi biskup og vígslubiskup, Kristján Valur Ingólfsson, og segir þjóðkirkjuna munu fara fram á að allri óvissu um málið verði eytt.

Hilmar Hildar Magnússon, formaður Samtakanna '78, segist geta verið sammála Kristjáni Val um það eitt að það þurfi að eyða óvissu í málinu.

„Það væri mjög til bóta. Annars stend ég við fyrri málfutning minn. Þetta er grundvallarprinsipp og getur ekki verið óhreyft í lögum. Það skiptir ekki máli hversu fáir mögulega hafna samkynja pari um

hjónavígslu, það sem skiptir máli er að heimildin sé ekki til staðar í lögum. Þannig er það nú.“

Frumvarp til breytingar á lögum er ekki á þingmálaskrá innanríkisráðherra fyrir komandi vetur í þinginu. Umræðan þykir Ólöfu hins vegar tilefni til að farið verði yfir þessi mál. Annars vegar hjá kirkjunni sjálfri, að hún hafi skýra afstöðu, og jafnframt að löggjöfin sé skýr um þessi réttindi.

Ólöf Nordal, innanríkisráðherra



Ef frelsi skoðana og sannfæringar sem stjórnarskráin tryggir gildir ekki hér, gildir það ákvæði þá nokkurn tíma?

Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup og starfandi biskup Íslands



Ólöf lagði fram breytingartilöggu í allsherjarnefnd þegar ný hjúskaparlög voru til umfjöllunar þingveturinn 2009-2010 þess efnis að stiga það í lög að prestum yrði aldrei skylt að framkvæma hjónavígslu gegn trúarlegri sannfæringu sinni. „Ýmis álitamál voru uppi í þeirri umræðu, m.a. hvort rétt væri að stiga það skref að trúarleg vígsla væri blessunarathöfn en hin lögformlega væri alltaf borgaraleg,“ segir Ólöf. kristjanabjorg@frettabladid.



Síminn

Njóttu Sinfóníunnar heima með Sjónvarpi Símans

siminn.is/sinfonian

Síminn sendir beint frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands tvisvar í mánuði í allan vetur

Strengir titra, raddbönd þenjast og fínustu blæbrigði berast heim í stofu með fyrsta flokks útsendingu í Sjónvarpi Símans.

Núna býðst þér að vera með áskrift að tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Njóttu Sinfóníunnar í nærmynd fyrir 2.900 kr. á mánuði í Sjónvarpi Símans.

Pantaðu áskrift í síma 800 7000.



Vilja bandalag gegn Íslamska ríkinu

Vladímír Pútín segir einu lausnina í Sýrlandi felast í því að styrkja Assad Sýrlandsforseta, en Barack Obama stendur fast á því að samvinna við Assad komi ekki til greina. Hins vegar er Obama reiðubúinn að vinna með Rússum og Írönum gegn Íslamska ríkinu.

BANDARÍKIN Vladímír Pútín Rússlandsforseti hvetur leiðtoga heims til að taka höndum saman gegn vígasveitum Íslamska ríkisins, sem hreiðrað hefur um sig í Sýrlandi, Írak og víðar.

„Svipað bandalaginu gegn Hitler gæti þarna sameinast breið fylking aflla sem vilja af einurð berjast gegn þeim sem, rétt eins og nasistar, sá illsku og hatrí yfir mannkynið,“ sagði Pútín í ávarpi sínu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær.

„Og auðvitað eiga múslimaríki að gegna lykhillutverki í bandalaginu, ekki síst vegna þess að þeim stafar ekki bara bein hættu af Íslamska ríkinu heldur vanvirðir það með glæpum sínum ein af mikilfenglegustu trúarbrögðum heims,“ sagði Pútín enn fremur: „Hugmyndafræðingar vígasveitanna draga dár að íslam og snúa út úr hinum raunverulegu mannúðargildum þess.“

Pútín sagði hins vegar mikil mistök hafa verið gerð með því að styrkja óvini Bashar al Assads Sýrlandsforseta, og vísar þar til þess að Bandaríkin, fleiri Vesturlönd og sum arabaríki hafa veitt uppreisnarmönnum í Sýrlandi, öðrum en Íslamska ríkinu, margvíslega aðstoð.

Eina lausnin, að mati Pútíns, felst í því að styrkja Assad sjálfan, stjórn hans og hersveitir, og hefja viðræður við Assad.

Barack Obama Bandaríkjafor-

Ef við störfum ekki saman, þá náum við engum árangri.

Barack Obama,
Bandaríkjaforseti

seti er þarna á öndverðum meiði við Pútín. Í ávarpi sínu í gær sagðist Obama enn þeirrar skoðunar að ekki kæmi til greina að vinna með Assad. Hann væri einræðisherra sem hefði notað bæði sprengjur og efnavopn gegn sinni eigin þjóð.

„Þegar einræðisherra slátrar tugum þúsunda af sinni eigin þjóð, þá fellur það ekki bara undir innri málefni þess ríkis,“ sagði Obama.

Engu að síður sagðist Obama reiðubúinn til að starfa með Rússlandi, Íran og fleiri löndum gegn Íslamska ríkinu. Þá tók Obama fram að hann hefði engan áhuga á að einangra Rússland: „Það viljum við ekki. Við viljum sterkt Rússland,“ sagði hann eftir að hafa ítrekað gagnrýni sína á innlimun Krímsskaga. Hann bætti því svo við að Bandaríkin gætu ekki leyst öll vandamál upp á eigin spýtur. Þann lærdóm hefðu menn dregið af stríðinu í Írak.

„Ef við störfum ekki saman, þá náum við engum árangri. Það er ekki hægt að koma á röð og reglu með því einu að beita afli.“

gudsteinn@frettabladid.is



Vladímír Pútín Rússlandsforseti biður eftir því að komast að í ræðustól á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. NORDICPHOTOS/AFP

Og auðvitað eiga múslimaríki að gegna lykhillutverki í bandalaginu.

Vladímír Pútín,
Rússlandsforseti

Haust

HAUST FJÖLSKYLDAN STÆKKAR
LJÚFFENGT PAR SEM ALLIR ELSKA



HEILHVEITIKEXIÐ HEFUR EIGNAST FULLKOMINN JAFNINGJA
– NÝJA HAUST HAFRAKEXIÐ

Haust
GRAHAMSKEX
WHOLE WHEAT BISCUITS



Ásta Roth skólaflokkari með nemendum í skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Börninn byrja sjö ára að læra brotareikning

MENNTAMÁL Hjá Reykjavík International School læra nemendur alfarið eftir alþjóðlegri námsskrá. Ásta Roth, skólaflokkari skólans, segir eftirspurn eftir alþjóðlegu námi aukast ár frá ári. Til ársins 2012 hafi allir grunnskólar þurft að vinna námsskrá sína samkvæmt aðalnámsskrá grunnskólanna.

„Reykjavík var síðasta evrópska höfuðborgin til þess að setja á fót alþjóðlegan skóla, við urðum að kippa því í liðinn því sá hópur sem hefur þörf fyrir alþjóðlegt nám stækkar ár frá ári.“

Skólinn starfar í Hamraskóla þar sem honum bauðst húsnæði í kjölfar sameininga í Grafarvogi. „Aðstaðan er frábær. Við starfrækjum skóla fyrir börn frá fimm ára aldri til fimmtán ára, en stefnum á að útskrifa börnin en í framtíðinni stefnum við á að bjóða upp á nám til átján ára aldurs, og útskrifa nemendur átján ára að erlendra fyrirmynd.“

Ásta segir mjög erfitt fyrir börn fjölskyldna sem flytjast hingað til lands vegna tímabundinnar atvinnu að aðlagast í íslenskum grunnskólum.

„Það er bara svo miklu erfiðara fyrir þessi börn að halda námi sínu áfram og þurfa að læra allt námsefnið á íslensku. Hér kennum við á ensku en kennum auðvitað íslensku líka.“

Stærðfræði og raungreinakennsla í skólanum hefur vakið eftirtekt. „Við kennum sömu stærðfræði og er kennd í Singapúr sem hefur gefið góða raun, börnin standa mjög sterkt að vígi og mér finnst tilefni til að þýða þetta námsefni sem við erum að nota yfir á íslensku. Börnin eru sjö ára þegar þau byrja að læra brotareikning, mér fannst það fyrst töluvert snemmt en námsefnið er svo vandað að það gengur virkilega vel,“ segir Ásta. Raungreinakennsla hefst strax í upphafi skólagöngu og er þar einnig kennt námsefni frá Singapúr.

Námið í skólanum er fyrst og fremst einstaklingsmiðað, Ásta hefur leyfi fyrir 60 nemendum á landsvisu. „Börninn taka svokölluð Map-próf sem eru viðurkennd víða um heim, en býðst einnig að taka samræmd próf í íslensku ef þau eða foreldrar þeirra vilja.“ – kbj



2004
ÍSLANDS-
MEISTARAR



2005
ÍSLANDS-
MEISTARAR



2006
ÍSLANDS-
MEISTARAR



2007
BIKAR-
MEISTARAR



2008
ÍSLANDS-
MEISTARAR



2009
ÍSLANDS-
MEISTARAR



2010
BIKAR-
MEISTARAR



2012
ÍSLANDS-
MEISTARAR



2015
ÍSLANDS-
MEISTARAR



Til hamingju

MEISTARAR!

AVTÁ MIÐIÐ / SÍA / 15.08.15

Við erum stolt af því að styðja FH

Actavis



Oliuborpollurinn sem Shell hefur notað við Alaska til að leita að olíu og gasi. NORDICPHOTOS/AFP

Shell hættir oliuleit við Alaska

ÍDNADUR Bresk-hollenska olíufyrirtækið Shell hefur hætt olíu- og gasleit út af ströndum Alaska. Fyrirtækið segir ekki nóg hafa fundist þar í borunum til þess að áframhaldandi vinna borgi sig.

Þessi ákvörðun er tekin aðeins rúmlega tveimur mánuðum eftir að Barack Obama Bandaríkjaforseti gaf Shell grænt ljós á boranir út af Alaskaströndum.

Oliuboranir þar hafa verið harðlega gagnrýndar fyrir að hafa slæm áhrif á umhverfið.

Upphaflega borgaði Shell bandaríska innanríkisráðuneytinu fimm milljarða dala fyrir leyfi til rannsóknna. Þetta var árið 2008.

Í tilkynningu, sem Shell birti á vef sínum í gær, segir fyrirtækið framkvæmdirnar hafa kostað sig þrjú milljarða dala og 1,1 milljarður dala muni bætast við kostnaðinn vegna framtíðarskuldbindinga.

Málaferli og ýmis óhöpp hafa tafið framkvæmdirnar og fyrirtækið segir að ein ástæða þess, að hætt hefur verið við boranir, sé hve bandaríska laga- og reglugerðarumhverfið sé erfitt viðureignar og óútreiknanlegt.

Óvenjulágt olíuverð á vafalítið ekki síður sinn þátt í þessari ákvörðun, enda hagnaðarvinin enn minni sem því svarar.

Núna fást um það bil 50 dalir fyrir hverja olíutunnu, og hefur verið lækkað um helming frá því fyrir nokkrum árum þegar ákvörðun var upphaflega tekin um að reyna olíuboranir út af Alaska. –gb

Segir flutninginn hafa verið valdsýningu fyrir fjölmiðla

Saksóknari krefst þess að verjanda Annþórs Kristjáns Karlssonar verði dæmd réttarfarssekt fyrir þau ummæli að með flutningi ákærðu fyrir dóminn væri verið að setja á svið einhvers konar valdsýningu fyrir fjölmiðla. Verjandinn stendur við orð sín enda sé fylgd mannanna hefðbundin þegar engir fjölmiðlar eru nálægt.

DÓMSMÁL „Um mjög svipað leyti fór Börkur á heilsugæslustöð þar sem hann sat ójarnaður á biðstofunni með tveimur fangavörðum innan um gamalmenni og börn. Þeir eru ekki taldir hættulegri en það,“ segir Hólmgeir Elías Flosason, verjandi Annþórs Kristjáns Karlssonar í sakamáli gegn honum og Berki Birgissyni vegna andláts samfanga þeirra á Litla-Hrauni í maí 2012.

Saksóknari krefst þess að Hólmgeiri verði dæmd réttarfarssekt fyrir ummæli sem hann lét falla við þingfestingu málsins í júní 2013. Ummæli Hólmgeirs voru í þá veru að með flutningi Annþórs og Barkar fyrir dóminn væri verið að setja á svið einhvers konar valdsýningu fyrir fjölmiðla.

Í greinargerð ákærða, Annþórs, sem lögð var fram í málinu í byrjun september segir að saksóknara hafi þótt fara betur að ræsa út sérsveit ríkislögreglustjóra til þess að flytja ákærðu með miklum tilburðum í dómssal í viðurvist fjölmiðla. Var Börkur borinn inn flatur og honum hent á gólfid fyrir framan dómabordid, en ljóst var að hann var sárþjáður vegna brjós-kloss. Hann þurfti í kjölfarið að leita sér aðhlyningar.

„Þarna lá það fyrir að fjölmiðlar yrðu á staðnum og þeir voru bornir inn í fylgd margra sérsveitarmanna. Ég held því fram að þarna hafi verið sett á svið sýning á valdi lögreglunnar gegn glæpamönnum,“ segir Hólmgeir.

Þá segir í greinargerðinni að rökstuðningur flutningsins hafi verið að ákærðu væru sérstaklega hættulegir almenningi og umhverfi sínu og því væri einfaldlega ekki boðlegt að færa þá fyrir dóminn



Að sögn Hólmgeirs Elíasar Flosasonar lögmanns voru ákærðu bornir inn í dómssal með miklum tilburðum í viðurvist fjölmiðla. Á myndinni má sjá fjölda lögregluþjóna þegar Börkur er borinn inn. Hólmgeir segir það hafa verið ljóst að Börkur var sárþjáður vegna brjós-kloss og hann hafi þurft að leita sér aðhlyningar í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Þó er látið óátalið að ákærðu fari í fylgd tveggja fangavarda þegar þeir fara á almenningssstaði þar sem fjölmiðlafólk er ekki.

Hólmgeir Elías Flosason, lögmaður

með venjubundnum hætti í fylgd fangaflutningamanna. „Þó er látið óátalið að ákærðu fari í fylgd tveggja fangavarda þegar þeir fara á almenningssstaði þar sem fjölmiðlafólk er ekki,“ segir Hólmgeir. Dómarinn spurði Hólmgeir hvort hann vildi draga

umrædd ummæli til baka. Hólmgeir svaraði því neitandi. „Ég er fullviss um að þetta hafi verið raunin og ég ætla að standa við orð mín.“

Aðalmeðferð málsins fer fram í október næstkomandi, rúmum þremur árum eftir að þeir voru ákærðir. nadine@frettabladid.is

8.30-10.00 SJÁLFBÆR NÝTING AUÐLINDA

Setning

Porsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA

Ábyrg nýting og hagsmunir atvinnulífsins

Daði Már Kristófersson, umhverfis- og auðlindahagfræðingur og forseti félagsvísindasviðs HÍ

Auðlindagarðurinn á Suðurnesjum

Kristín Vala Matthíasdóttir, efnaverkfræðingur

Þorskurinn, pólitíkin, sagan og vísindin í 40 ár

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur og rithöfundur

Forseti Íslands afhendir umhverfisverðlaun atvinnulífsins 2015

Umhverfisfyrirtæki ársins útnefnt og framtak ársins verðlaunað

Kaffi og með því

10.15-12.00 MÁLSTOFUR SAMTAKA Í ATVINNULÍFINU

SAF, SFS, SFF, SI, Samorka og SVP bjóða upp á fjölbreytta dagskrá, umræður og reynslusögur um atvinnulíf og umhverfismál

Dagskrá lýkur með léttri hádegishressingu og netagerð

Ráðstefnustjóri er Sigurborg Arnarsdóttir, sérfræðingur í samfélagsábyrgð hjá Össuri

MÍÐVIKUDAGINN 30. SEPTEMBER KL. 8.30-12.00
Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA

Umhverfisdagur atvinnulífsins 2015

Allir velkomnir – ekkert þátttökugjald.

NORÐURLÖNDIN



Sviku skattinn um milljarða

1 DANMÖRK Enginn þeirra sem svikið hafa 6,2 milljarða danskra króna út úr danska ríkinu hefur fundist þrátt fyrir mánaðarrannsókn. Um 100 erlend fyrirtæki, sem fullyrtu að þau ættu hlut í fyrirtækjum skráðum í dönsku kauphöllinni, sendu dönskum skattayfirvöldum umsókn um frádrátt á grundvelli alþjóðlegra samninga um skattgreiðslur. Kváðust fyrirtækin hafa greitt skatt af hagnaði erlendis.

Græða á móttöku flóttabarna

2 SVÍPJÓÐ Sænskar fjölskyldur sem taka inn á heimili sín flóttabörn sem koma ein síns liðs til Svíþjóðar fá 12 til 18 þúsund sænskar krónur á mánuði fyrir hvert barn. Dæmi eru um að fólk liti á móttöku flóttabarna sem auðvelda leið til að græða peninga. Í frétt sænska ríkissjónvarpsins er sagt frá einstaklingum sem hringja í skrifstofur sveitarfélaga sinna og spyrja hversu mörg börn þeir geti tekið inn á heimili sín.

Hlera finnska pólitíkusa

3 FINNLAND Finnska stjórn-málamenn sem hafa varnarmál á sinni könnu grunar að erlend leynipjónusta hleri símtöl þeirra. Haft er eftir Hufvudstadsbladet að Ilkka Kanerva hafi oft orðið var við undarlegar truflanir á línunni þegar hann hefur rætt um öryggismál. Fyrrverandi varnarmálaráðherra Finnlands, Carl Haglund, kveðst einnig hafa orðið var við truflanir á línunni. Þær hafi hætt þegar hann lét af embætti.



Hörð átök geisa nú í borginni Kunduz í Afganistan. NORDICPHOTOS/AFP

Talibanar réðust á borgina Kunduz

AFGANISTAN Mörg hundruð talibanar réðust á borgina Kunduz í Norður-Afganistan í gærmorgun. Þeir hafa náð yfirráðum í stórum hluta borgarinnar að sögn lögreglu. Frá þessu greinir BBC.

Mikil og hörð átök geisa nú á svæðinu og réðust talibanar inn í borgina á þremur stöðum. Þeir réðust á byggingar stjórnvalda í borginni, þar á meðal fangelsi, og frelsuðu yfir fimm hundruð fanga. Talibanar hafa nú flaggað fána sínum á stærsta torgi borgarinnar.

Borgin Kunduz hefur orðið fyrir fjölmörgum árásum talibana síðan í apríl. – ngy

» Talibanar frelsuðu fimm hundruð fanga í borginni Kunduz í Afganistan.



Stúlkann fannst í þessum kassa.

Stúlkubarn fannst í pappakassa

BRETLAND Stúlkubarn fannst í pappakassa fyrir utan hús í bænum Corby í Northamptonshire í Bretlandi í gær. Talið er að stúlkann sé eins til fjögurra vikna gömul. Frá þessu er greinir Sky News.

Vegfarandi fann barnið sem var vafið inn í blátt teppi í pappakassanum.

Talsmaður lögreglunnar í Northamptonshire segir að stúlkann virðist við góða heilsu. Hún var flutt á sjúkrahús þar sem hlúð var að henni.

Lögreglan leitar vitna og leggur áherslu á að finna móður barnsins. – ngy

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós kynnir:

KÍNVERSK MENNINGAR- og KUNGFUSÝNING

*HÁSKÓLABÍÓ
30. september*

Húsið opnar kl. 18:00

Kungfusýning frá kl. 20:00-22:00

Kl. 18 - Menningarsýning hefst í anddyri Háskólabíós þar sem boðið verður upp á ljósmyndasýningu, bækur og kínverskan mat.

Kl. 19 - Sýning á klæðnaði þjóðarbrotta Kína.

Kl. 20 - Kungfusýning og tónlistaratriði þar sem fjölmargir listamenn koma fram. Kungfusýninguna annast listamenn frá Shaolin klaustrinu og er því um einstaka sýningu að ræða.

Þessi frábæra skemmtun er öllum opin að kostnaðarlausu. Verið hjartanlega velkomin!



Heilbrigðisský



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

Því er oft haldið fram að íslenska heilbrigðiskerfið sé að hrúni komið. Á fundi Viðskiptaráðs í síðustu viku um stöðu heilbrigðismála kom þvert á móti fram að heilbrigðiskerfið er í sterkri alþjóðlegri stöðu, hvort sem lítið er til fjármögnunar, lýðheilsu eða aðbúnaðar. Allir helstu árangursmælikvarðar hafa batnað á undanföllum áratugum og árangur algengra meðferðarúrræða hérlendis er mikill í alþjóðlegum samanburði. Aðgengi að heilbrigðisstarfsfólki og tækjakosti er í fremsta flokki og fjöldi lækna miðað við höfðatölu er talsvert yfir meðaltali OECD og fjöldi hjúkrunarfræðinga með því hæsta sem gerist.

Fjárfraðslög hins opinbera til heilbrigðiskerfisins sem hlutfall af landsframleiðslu eru yfir meðaltali OECD ríkja og hlutfeldi í heilbrigðisútgjöldum meiri en tíðkast annars staðar. Heilbrigðismálin eru stærsti útgjaldaliður hins opinbera. Á næsta ári verður 160 milljörðum varið til málaflökksins – fjórðungi af heildarútgjöldum. Sjúklingar bera einnig kostnað, 33 milljarða samtals í fyrra.

„Það eru gríðarlegar breytingar fram undan, öldruðum fjölgar og fatlaðir fá ekki næga þjónustu. Kerfið sem við rekum mun ekki duga til að sinna þörfum þessa fólks eftir nokkur ár. Það blasir við. Hins vegar hefur lítið verið gert og virðist lítil villi til þess að greina hvernig við getum mætt þessum þörfum með breyttu kerfi,“ sagði Aslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúi í Föstudagsviðtali Fréttablaðsins fyrir helgi. Svar hennar við stöðunni voru frekari útbod á veitingu þjónustu velferðarmála.

Meðalaldur Íslendinga hefur verið lágur og aldurs-samsetning þjóðarinnar hagstæð. Það mun hins vegar samkvæmt öllum mælingum breyttast hratt næstu árin. Fjölgun aldraðra mun auka álag á sjúkrahús og öldrunarstofnanir og samhliða lækkar hlutfall vinnandi einstaklinga og þannig þeim skattgreiðendum sem standa undir kerfinu. Nokkuð breið sátt ríkir um að hið opinbera fjármagn meginhluta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem Íslendingar þurfa á að halda og ekki að sjá að sú samstaða sé að rofna. Hins vegar er ljóst að rekstur heilbrigðiskerfisins er að verða dýrari með ári hverju og þrýstingur á að þessi hæstu framlög ríkisins hækki enn frekar mun aukast.

Fæstir sjá það sem kost að hækka skatta verulega til að mæta þessari útgjaldaaukningu og hið sama gildir um frekari kostnaðarþáttöku sjúklinga. Eftir stendur að auka hagkvæmni innan kerfisins. Viðskiptaráð nefnir sem dæmi að æskilegt væri að fjárfraðslög séu byggð á magni og gæðum þeirrar þjónustu sem veitt er í stað ákveðinnar summu í fjárlögum. Slíkt fyrirkomulag myndi opna fyrir aukna aðkomu einkaaðila að veitingu þeirrar heilbrigðisþjónustu sem hið opinbera fjármagnar.

Hvað svo sem mönnum finnst um einkarekstur í heilbrigðisþjónustu er ljóst að áskoranir hvað varðar fjármögnun heilbrigðiskerfisins til framtíðar eru á næsta leiti. Hvorki ríkisrekkið heilbrigðiskerfi né einkarekið er að fara að leysa þann vanda. Við þurfum kerfi sem tekur mið af því besta sem bæði kerfi hafa upp á að bjóða. Það þýðir að aðdáendur ríkisrekstrar annars vegar og einkarekstrar hins vegar þurfa að finna einhvern milliveg. Því miður virðist það ólíklegt miðað við þær upphrópanir og harmakvein sem heyrast nú ítrekað úr hvorum tveggja herbúðunum. Og á meðan hrannast óveðursskýin upp.



**Fjölgun aldr-
aðra mun
auka álag á
sjúkrahús
og öldrunar-
stofnanir og
samhliða
lækkar hlut-
fall vinnandi
einstaklinga
og þannig
þeim skatt-
greiðendum
sem standa
undir kerf-
inu.**

Halldór



Frá degi til dags

Óæskileg útlutningsvara Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra lýðveldisins, ávarpaði leiðtoga fund Sameinuðu þjóðanna nú um helgina og fór um viðán völl. Forsætisráðherrann hafði varla sleppt orðinu þegar heitu pottar landsins fóru að veita og meta hvað hann hefði í raun verið að segja og hvað ekki. Aðstoðarmaður hans þurfti að lokum að leiðrétta orð meistarans síns en áður en menn höfðu snúið sér við þverneitaði aðstoðarmaðurinn svo að hafa nokkurn tímann leiðrétt nokkurn einasta mann. Það hljóta allir að vera sammála um að ræðustill forsætisráðherra Íslands er ekki útlutningsvara og menn ættu að láta slíka leikfimi vera bæði hér heima og erlendis.

En hvað sagði ráðherrann? Þann 19. júní, á aldarafmæli kosningaréttar kvenna, var samþykkt tillaga Sigmundar um að setja á stofn jafnréttissjóð sem hefði úr að móða hálfum milljarði á fimm ára tímabili. Upprunalega tillagan var á þá leið að „allt að“ helmingur fjárens færi í alþjóðleg verkefni. Tillögunni var breytt og búin til loðnari útgáfa þar sem „verulegum fjárhæðum“ yrði varið í alþjóðaverkefni. Forsætisráðherra tilkynnti á þingi SP um helgina að „meira en“ helmingur færi í þróunarverkefni. Ekki gat hann sagt okkur það fyrst. Það er eins og landsmenn fái aldrei fréttir nema í gegnum þing SP eða landsþing Framsóknarflokksins. sveinn@frettabladid.is

Áhættan sé hjá fjárfestum



Álfheiður Ingadóttir þingmaður Vinstri grænna

Á undanföllum árum hafa margir spáð nýju bankahruni sem hefði afleiðingar fyrir heimsbyggðina alla. Ástæðan er einföld: Fjármálakerfi heimsins og skipulagi bankamála var ekki breytt í kjölfar hrunsins. Það er óbreytt og veikleikarnir þeir sömu og áður, hættan sú sama og áður.

Eftir bankahrunið 2007–2008 var kallað eftir endurskipulagningu fjármálakerfisins á heimsvísu. Margir röktu hrúnið til þess að bandarísku Glass-Steagall lögin voru afnumin 1999, en þau voru sett eftir heimskreppuna 1929 til að koma í veg fyrir að bankarnir gætu velt tapi af áhættusömum fjárfestingum yfir á almenna viðskiptamenn. Í kjölfarið var Glass-Steagall takmörkunum aflétt í flestum vestrænum ríkjum – þeirra á meðal á Íslandi – og þegar bólan sprakk var tapi fjárfesta velt yfir á almenning og heimili, eins og við þekkjum manna best á Íslandi.

Í Bandaríkjunum og Evrópu fóru fram ítarlegar rannsóknir, kynntar voru tillögur á vegum þinga, ríkisstjórna og Evrópusambandsins til að koma í veg fyrir aðra heimskreppu og tryggja um leið að áhættan lenti á þeim sem hefðu til hennar stofnað ef kerfið hryndi. En tillögurnar hafa ekki orðið að veruleika: Eigendum bankanna hefur tekist að koma í veg fyrir fullan aðskilnað fjárfestingabankastarfsemi og viðskiptabankastarfsemi í anda Glass Steagall. Þeir hafa þverskallast við og því er mikil hætta á að nýtt bankahrun bitni á nákvæmlega sama hátt á almennum viðskiptavinum bankanna eins og gerðist 2007–2008!

Nú þegar breistir eru komnir á ný í fjármálamarkaði heimsins er augljóst að krafan um aðskilnað í bankakerfinu verður að hafa forgang á þjóðþingum í Evrópu, þar á meðal á Íslandi. Það má ekki lengur líða bönkunum að koma í veg fyrir þessa einföldu breytingu sem hefur þann tilgang einan að verja eignir einstaklinga og heimila fyrir áhættusæknunum fjármálaspekúlöntum.

Nú hafa þingmenn úr fjórum flokkum endurflutt tillögu um aðskilnað í bankakerfinu. Vonandi bregst þingið við nýjustu tíðindum af fjármálamarkaði heimsins og samþykkir hana. Það má ekki dragast lengur.



**Það má ekki
lengur líða
bönkunum
að koma í veg
fyrir þessa
einföldu
breytingu ...**

KANNTU
AÐ JÓÐLA?

ÍSLAND GOT
TALENT

Áheyrnarprufum er lokið en hægt verður að senda inn myndbönd til **30. september**.
Smelltu þér inn á www.stod2.is/talent

Hæfasti dómariinn eða dómurinn?



Haukur Logi Karlsson
doktorsnemi í lögfræði við European University Institute

Niðurstaða dómnefndar um hæfi umsjækjenda um embætti hæstaréttardómara leiðir tvennt í ljós: Annars vegar galla á hæfiskrítériunni sem leiðir nefndina til þess að gjaldfella augljóslega hæfasta kandidatin, og hins vegar skort á fjölbreytileikakrítériu sem metur framlag einstakra kandidata til heildarþekkingar dómstólsins.

Af þessum ástæðum verður niðurstaða dómnefndarinnar ekki skilin öðruvísi en sem áskorun til ráðherra um að virða niðurstöðuna að vettugi og leita til þingsins um að skipa annan hvorn þeirra kandidata sem voru niðursettir af hæfisnefndinni. Nefndinni verður að virða það til vorkunnar að hún er bundin af lögum og venjuhelguðum mistökum sem skapast hafa um framkvæmd hæfismatsins.

Hæfismatið eins og það hefur verið framkvæmt að undanfögnu gefur yfirlit um nokkur atriði sem gefa til kynna reynslu viðkomandi á mismunandi starfssviðum lögfræðinga sem talin eru nýtast í störfum dómara við Hæstarétt. Eins og þetta er framkvæmt þá telur mest að hafa farið sem víðast og hafa prófað sem flest, fremur en að hafa raunverulega sérfræðiþekkingu á afmörkuðu sviði. Þannig vigtar meira að hafa verið í nokkur ár á tveimur starfssviðum, í stað þess að ná því að verða alþjóðlega þekktur sérfræðingur á einu starfssviði.

Vinna má bug á gallanum

Hæfiskrítéria sem virkar með þessum hætti setur þúsundþjalasmiðsamatörinn ofar sérfræðingnum. Vinna má bug á þessum galla með því að vigta með eðlilegum hætti mismunandi starfssvið lögfræðinga og gefa þannig þeim störfum aukið vægi í krítériunni sem það eiga skilið.

Þegar einfeltnislegum naumhyggjuhugmyndum um störf dómara sleppir, þá sjá flestir að bakgrunnur dómara skiptir máli við úrlausn mála. Í erfiðum úrlausnarmálum veltur niðurstaðan iðulega á afstöðu dómara til umdeilda síðferðismála. Mórölsk afstaða fólks mótast oft en ekki af þeirri rót sem það er sprottið af. Þannig getur rökrétt niðurstaða álitamáls skarast á milli einstaklinga allt eftir því hvaða bakgrunnsupplýsingar móta staðreyndamengi viðkomandi. Þannig getur dómari í einlægni talið alla hina dómara hafa rangt fyrir sér af þeirri ástæðu einni að staðreyndamengi hans er öðruvísi samsett en staðreyndamengi hinna dómara.

Tvíþætt hlutverk ráðherra

Hlutverk ráðherra við skipun Hæstaréttar er tvíþætt: Annars vegar að sjá til þess að hver dómari sem þar situr sé hæfur til starfans, og hins vegar að sjá til þess að stofnunin sem slík sé hæf til starfa. Færa má rök fyrir því að háþörfun hins fyrri tryggir ekki nauðsynlega háþörfun hins síðara. Mögulegt er að skipa sterka dómara sem mynda ekki sterkan dóm. Við úrlausn mála í Hæstarétti bera alltaf fleiri en einn dómari ábyrgð á niðurstöðunni. Ákvarðanir dómsins eru teknar sameiginlega, ekki í einrúmi. Það er því forgangsríkið að stofnunin sé sterk, fremur en að einstakir dómara séu sterkir ef þetta tvennt skarast.

Ákvörðunartaka í gegnum dómstóla er bundin ákveðnu formi. Dómur skal byggður á röklegri afleiðingu efnislegra og lagalegra staðreynda. Í dómsmálum er síðan gjarnan deilt um hverjar þessar staðreyndir eru. Stofnun sem hefur

víða skírskotun í ólíkan reynsluheim mismunandi þjóðfélagshópa er betur til þess fallin að vera samstíga þjóðfélaginu sem hún þjónar þegar kemur að því að heimfæra lagalegar staðreyndir upp á efnislegar staðreyndir. Stofnun sem skilur ekki blæbrigðamun ólíkra hópa í upplifun þeirra af efnislega heiminum er hætt við að leiða rök að taktlausri niðurstöðu. Við skipun í Hæstarétt ætti ráðherra að gefa því gaum að skipunin styrki stofnunina sem handhafa ríkisvalds yfir okkur öllum. Það verður ekki endilega gert



Við skipun í Hæstarétt ætti ráðherra að gefa því gaum að skipunin styrki stofnunina sem handhafa ríkisvalds yfir okkur öllum.

með því að láta sem svo að reynsluheimur kvenna skipti ekki máli við úrlausn dómsmála.



Kynningarfundur vegna hlutafjárútbóðs Símans hf.

Arion banki býður til kynningarfundar vegna almenns útbóðs í Símanum hf.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 30. september í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá

8.00 Léttar veitingar og kaffi

8.30 Fundur settur

Halldór Bjarkar Lúðvígsson

framkvæmdastjóri Fjárfestingarbankasviðs Arion banka

Kynning á Símanum hf.

Sigríður Hrólfsdóttir, stjórnarformaður

Orri Hauksson, forstjóri

Óskar Hauksson, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs

Um útbóðið

Þórbergur Guðjónsson, fyrirtækjaráðgjöf Arion banka

10.00 Fundarlok

[Skráning á arionbanki.is](#) ▶

Síminn

Arion banki
- Fyrir framtíðina

Bitlaus kjarabarátta



Eyrún Eyþórsdóttir
lögglukona

skylduven og svo hafa rannsóknir sýnt fram á skaðsemi vaktavinnu fyrir fólk. Það er því bæði jafnréttis- og mannréttindamál að grunnlaun lögreglumanna séu hærri en þau eru svo þeir geti framfleytt sér og fjölskyldum sínum.

Þessu til viðbótar er starfsumhverfi lögreglumanna slæmt. Sífelldar sparnaðarkröfur á embættin, bæði í efnahagslegum stöðugleika og niðurskurði, hafa skilað sér í fráhrindandi vinnuumhverfi. Menntun, fræðsla og almenn tækifæri til eflingar innan starfa lögreglumanna eru fá og þakka má fyrir ef skrifstofustóllinn er nokkuð óslitinn.

Launin endurspegla ekki störfin

Sé litid til þessara þátta sem veða þungt varðandi starfsánægju og framlag lögreglumanna er ekki annað hægt en að velja fyrir sér hvort ríkisvaldinu sé sama hverjir sinni þessu mikilvæga starfi. Er ekki vilji til að halda í gott og hæft fólk? Fólk með mismunandi þekkingu og menntun, fólk sem er ósérhlið og getur brugðist við öllum þeim fjölbreyttu verkefnum sem lögreglan þarf að sinna samhliða því að standa undir þeim miklu kröfum og skyldum sem ríkið leggur á lögglumenn.

Nú stefnir í nýja efnahagslega uppsveiflu, ef marka má fyrirsagnir fjölmíðla, þar sem atvinnuleysi er spáð undir 3%. Á síðasta góðæristímabili var mikil hreyfing á lögglumönnum þar sem auðvelt var að sækja á ný og aflameiri mið. Slíkt hlýtur að veikja lögglumanna sem stofnun þar sem reynslumiklir aðilar hverfa frá. Lögglumenn hljóta að spyrja sig að því hvort nú sé lag að skipta um starfsvettvang og fá betra kaup og bætt kjör annars staðar. Núverandi laun endurspegla ekki störf



Lögglumenn hljóta að spyrja sig að því hvort nú sé lag að skipta um starfsvettvang og fá betra kaup og bætt kjör annars staðar.

lögglumansins né taka þau mið af vaxandi fjölda verkefna. Sem dæmi má nefna mikla fjölgun ferðamanna og helst sú fjölgun í hendur við vaxandi fjölda verkefna lögglunnar. Á sama tíma hefur lögglumönnum á landsvísu fækkað um 100 sl. áratug.

Það má því velja fyrir sér hver eigi að sinna þessum auknu verkefnum í framtíðinni og hvað ríkið ætli að gera til þess að laða að gott og hæft fólk í lögglumanna á meðan stjórnarliðar koma í veg fyrir það að lögglumenn geti brýnt hnifinn í komandi kjarabaráttum.

Svartur blettur sem verður að uppræta



Björn Snæbjörnsson
formaður Einingar-
löju og Starfs-
greinasambands
Íslands

Því miður er allt of algengt að vinnuveitendur brjóti á ungu fólk. Langflestir sem leita til Einingar-löju vegna brota á kjarasamningum starfa við ferðaþjónustu og oftar en ekki er um ungt fólk að ræða.

Langur listi

Ferðaþjónustan er sú grein sem hefur vaxið hraðast á undanfönum árum og telst vera stærsta atvinnugrein landsins. Vöxturinn hefur verið gríðarlegur og víðast hvar á landinu hafa ný störf skapast. Líklegast er því að ungt fólk stigi sín fyrstu skref á vinnu- og ferðamáli með því að starfa við ferðaþjónustu. Kvartanir unga fólksins sem leitar til Einingar-löju vegna brota á kjarasamningum eru meðal annars vegna launa undir lágmarkstöxtum, brota á reglum um vaktavinnu, hvíldartíma, jafnaðarkausps (sem er ekki til í kjarasamningnum) og launalausrar starfsþjálfunar. Listinn er reyndar ótrúlega langur.

Kvörtunum hefur fjölgað á undanfönum árum, hugsanlega í svipuðu hlutfalli og vöxtur ferðaþjónustunnar.

Ungt fólk á þetta ekki skilið. Vinnuveitendur verða að taka sig á í þessum efnun og jafnvel virðuleg bókhaldsfyrirtæki.

Trúnaður

Atvinnurekendur tala gjarnan um „samkeppnishæft rekstrarumhverfi sem stuðli að arðbæru, fjölbreyttu og ábyrgu atvinnulífi sem bæti lífskjör allra“.

Eining-löju hefur reglulega birt auglýsingar, þar sem brýnt er sérstaklega fyrir starfsfólki í ferðaþjónustu að standa vörð um réttindi sín. Tilfnið er ærið.

Þá hefur félagið sömuleiðis gefið út bækling, þar sem tíundaðar eru ýmsar



Ungt fólk á þetta ekki skilið. Vinnuveitendur verða að taka sig á í þessum efnun og jafnvel virðuleg bókhaldsfyrirtæki.

upplýsingar um réttindi launþega. Á heimasíðu Einingar-löju er sömuleiðis hægt að nálgast margvíslegan fróðleik og starfsfólk félagsins er ávallt reiðubúið til aðstoðar.

Rétt er að undirstrika að öll mál sem koma til félagsins eru trúnaðarmál. Það er því um að gera að hafa samband, ef hlutirnir eru ekki í lagi. Vissulega er oft á tíðum um vankunnáttu að ræða, en þeir sem eru með fólk í vinnu bera ríka ábyrgð.

Eining-löju kappkostar að standa vörð um hagsmunum félagsmanna. Brot á ungu fólk er svartur blettur á vinnu- og ferðamáli, sem verður að uppræta.

Hlutirnir eiga að vera í lagi, það er svo einfalt.

Taktlaus ferðaþjónusta

Ferðaþjónustan er orðin ein af undirstöðu atvinnugreinum íslensku þjóðarinnar. Náttúra landsins er helsta aðdráttarafur þeirra erlendu ferðamanna sem heimsækja landið. Bæklingar ferðaþjónustunnar og auglýsingar bera því glóggvitni að náttúran lokkar ferðamennina til landsins.

Ferðaþjónustan má hins vegar ekki gleyma því að náttúran er í eigu fólksins í landinu.

Ferðaþjónustan getur hreinlega ekki verið þekkt fyrir að gera út á íslenska náttúru – sem er í eigu fólksins í landinu – og brjóta á sama tíma umsaminn réttindi ungs fólks.

Flest bendir til þess að íslensk ferðaþjónusta eflist enn frekar á næstu árum.

Þess vegna þurfa allir að ganga í takt. Það er algjörlega taktlaus af ferðaþjónustunni að vera sú atvinnugrein sem helst brýtur á launafólki.

Um það er þjóðin örugglega sammála.

Er hótellborgin að verða óbyggileg?



Halldór Þorsteinsson
fv. skólástico, Málaskóla Halldórs

Ég veit ekki hverju þú svarar því, lesandi góður, en ég svara því hiklaust játandi. Hótel og svokallaðar „lundabúðir“ blasa við manni á öðru hverju götuhorni og flest ef ekki allt virðist miðast við ætlaðar þarfir og viðskipti við erlenda ferðamenn, sem er að vissu marki ósköp skiljanlegt, þar sem við lifum að verulegu leyti á þeim, en hins vegar eiga borgarþáttar alls ekki skilið að vera vanræktir þeirra vegna.

Það er svo ótalmargt sem er á mælisvert í rekstri borgarstjórnarinnar, eins og til að mynda sorphirðan, sem er í fullkomnum ólestri. Væri ekki þjóðráð að bjóða hana út eins og tíðkast hjá flestum sveitarfélögum? Ekki bætur heldur úr skák að borgarsjóður skuli vera rekinn með sívaxandi halla eftir því sem hermt er. Maður hefur það ósjálfrátt á tilfinningunni að þeir valdamenn sem borginni stjórna séu í einskona sandkassaleik og hagi sér eiginlega eins og hálfgerðir óvitar eftir verkum þeirra að dæma og líka skoðunum á flestum hlutum.

Einkabillinn er greinilega þyrnir í þeirra augum. Að þrengja og mjökka götur höfuðborgarinnar er þeim þrálátt keppikefli svo ekki sé minnst á gjör samlega ótímabæra fækkun bílastæða.

Svo er ekki úr vegi að geta þess að



Ekki bætur heldur úr skák að borgarsjóður skuli vera rekinn með sívaxandi halla.

þessa óvita dreymir um að reisa glannalega háar íbúðarbyggingar á frekar óheppilegum stöðum, sem myndi víða byrgja fyrir útsýni yfir Sundin blá og Esjuna.

Víða pottur brotinn

Sumum kann að finnast helst til nokkuð djúpt í árinni tekið að kalla Dag B. Eggertsson og alla hans blindu meðreiðarsveina óvita, en óhætt er engu að síður að fullyrða að ekki sé sláandi skynsemisbragur yfir breytni þeirra og framkvæmdabroti í samgöngu- og borgarskipulagsmálum. Á þeim vettvangi er því miður víða pottur brotinn.

Nú langar mig til að leggja eftirfarandi spurningu fyrir borgarstjórn og hans fylgispaka lið. Hvernig vogið þið ykkur að ætla að hröfla við Reykjavíkurlflugvöllinum, þegar meirihluti þjóðarinnar vill hafa hann á sinum gamla, góða og rétta stað? Skiljið þið ekki hvað felst í orðinu lýðræði?

Greinilega ekki eftir skoðunum ykkar og viðbrögðum að dæma.

Að lokum skora ég á alla sanna og skynsama Íslendinga að róa öllum árum að því að koma Degi B. Eggertsyni burt úr borgarstjórnunum ásamt allri þeirri spöku hirð jákálfa sem situr í kringum hann.



Fljótleg og fersk



– þau koma á óvart á kvöldverðarborðinu



Hafa skal það sem betur hljómar



Pioneer

X-HM21 hljómflytningstæki með dokku fyrir síma eða spjaldtölvu. Til í hvítu og svörtu.

Verð frá: 45.900,-



Pioneer

DEH-1800UB Biltæki FM/LW Geislaspilari/USB/Aux

Verð frá: 18.300,-



MJ532 heyrnartól. Samanbrjótanleg. Fánleg í 4 litum.

Verð: 8.690,-



X-HM11 hljómflytningstæki fyrir þá sem vilja einfalt og kraftmikið. Til í silfur og svörtu.

Verð frá: 29.900,-



Heimabíomagnarar. Kraftmiklir og ómótstæðilegir.

Verð frá: 55.900,-

Pioneer

XW-LF1-K/W 2x40mm full range hátalarar m. Dynamic Range Control.



Verð: 29.900,-

levenhuk
Zoom&Joy



Hágæða sjónaukar með lífstíðarábyrgð. Allar gerðir í gluggakistuna, bílinn, bókpakann, ferðalagið, gönguferðina, fjallgönguna og veiðina. Vatnsheldir og niturfylltir frá 14.900,- kr.

Verð frá: 3.990,-



TILBOÐ Verð: 46.900,-

veho.
Sportmyndavélar

NPNG útgáfa - 1080@60fps og 720p@120fps - Innbyggð WiFi tenging - Snjalltæki fyrir Android og Apple iOS - 16MP ljósmyndir - LCD Skjúr og losanleg 1500mAh rafhlada - Vatnshelt hjóli á 100m fylgir - Festingar og 8GB kort fylgja - Kemur í með flöttri tösku.



GO groove
BlueGATE

GoGroove FlexSmart X3 Bluetooth FM Sendir. Hágæða hljómburður í gegnum Bluetooth. Tengist í 12v tengi. Langur hreyfanlegur háls. USB tengi til að hlæða önnur tæki Aux-in tengi. Virkar vel með Spotify.

Verð: 13.900,-

SANGEAN



WR-15 Borðútlarp. Hágæða hljómburður m. bassatækni. Sterkt loftnet með góðri móttöku. Innbyggð Bluetooth tenging við snjalltæki m. NFC. Falleg „Retro“ hönnun. Aux-in og heyrnartólatengi. Fánlegt í 5 litum.

Verð 35.900,-

Wii U

Mario Maker

Leikurinn þar sem þú hannar sjálfur umhverfi Mario.

Verð frá: 9.990,-



Verbatim

Verbatim V3 USB3.0 Minnistykjar 8GB - 256GB

Verð frá: 1.990,-



Gott úrval af LED perum.



NINTENDO 3DS

Þessar vinsælu leikjatölvur eru komnar í nýrri útgáfu, með betri stjórnun, stærri skjá og öflugri. Til í nokkrum litum.

Gott úrval leikja.

Verð: 39.900,-

XL

Verð: 46.900,-



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ormsson.is



Opíó virka daga kl. 10-18
og á laugardögum
kl. 11-15.



ORMSSON

Greiðslukjör

Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ISAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NEKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
-----------------------------------	---	---------------------------------	-------------------------------------	-----------------------------------	----------------------------------	--	--	---	--	---------------------------------------	---------------------------------



Hannes Þór Halldórsson fagnar sigri með liði sínu, NEC, eftir að hafa haldið hreinu einu sinni sem oftast. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stoltur af því að spila í Hollandi

Hannes Þór Halldórsson, landsliðsmarkvörður í fótbolta, tók á ný skref upp á við í sumar þegar hann samdi við NEC Nijmegen í hollensku úrvalsdeildinni. Þar er hann búinn að halda hreinu í fjórum af sjö leikjum. Leið hans á toppinn byrjaði í 2. deildinni fyrir tíu árum, en hann er kominn langa leið.

FÓTBOLTI „Hér er allt bara glansandi fint,“ segir Hannes Þór Halldórsson, landsliðsmarkvörður Íslands, léttur og kátur við Fréttablaðið. Hannes greindi frá því á Facebook-síðu sinni í gær að framkvæmdastjóri hollenska félagsins NEC Nijmegen sem hann spilar með stóð við loforð um að þrifa íbúð markvarðarans skyldi Ísland leggja Holland að velli í undankeppni EM.

Hannes yfirgaf Sandnes Ulf í norsku B-deildinni í sumar og tók enn á ný skref upp á við. Hann samdi við hollenska félagið NEC Nijmegen sem er nýliði í úrvalsdeildinni þar í landi eftir að hafa fallið 2014. Þar er Hannes að slá í gegn, en hann hélt hreinu í fjórum leikjum í röð þar til meistara PSV settu tvö á hann í síðasta leik.

„Ég er þvilíkt sáttur með þetta allt saman og virkilega ánægður. Þetta er flottur klúbbur í hrikalega sterkri deild. Þetta er þvilíkt skref upp á við fyrir mig frá næstefstu deild Noregs,“ segir Hannes við Fréttablaðið, en eins og gefur að skilja er hollenska úrvalsdeildin töluvert frábrugðin næstefstu deild Noregs.

„Fótboltinn hérna er miklu hraðari og betri. Leikirnir eru mun meira krefjandi og fótboltinn öðruvísi líka því mikið er lagt upp úr því að spila boltanum með jörðinni frá markverðinum. Það hefur ekki verið minn stíll hingað til sem er gott og hollt fyrir mig. Ég get þróast enn meira sem markvörður. Það gerir mér gott að fara í gegnum þennan hollenska skóla þótt það sé á gamalsaldri,“ segir hinn 31 árs gamli Hannes Þór.

Bullandi samkeppni

NEC Nijmegen gerði ekki góða hluti síðast þegar það var í úrvalsdeildinni, en það fékk á sig 82 mörk í 34 leikjum. Sagan er svo sannarlega ekki sú sama núna, því liðið er aðeins búid að fá á

sig sjö mörk í sjö leikjum. Fimm þeirra komu í fyrstu tveimur leikjunum áður en Hannes múraði fyrir markið.

„Ég fæ mikið af skotum á mig og sá um daginn tölfræði yfir það, að ég er með næstflestar markvörslur í deildinni. Það var gaman að sjá því vörnir hefur fengið mikið lof og lítið talað um markvörsluna. Þetta er samt samstillt átak og liðið er mjög þétt. Það bjóst enginn við þessu af NEC enda ekki verið still liðsins að fá á sig lítið af mörkum. Menn eru því mjög ánægðir með þetta hérna,“ segir Hannes Þór.

Joshua Smits, 22 ára gamall hollenskur markvörður, varði mark NEC í B-deildinni á síðustu leiktið. Hannes átti að koma inn í samkeppni við hann, en Smits hefur ekkert getað beitt sér vegna meiðsla. Það er samt eins gott fyrir íslenska landsliðsmarkvörðinn að halda áfram að standa sig.

„Smits er mjög góður. Hann var tæpur vegna meiðsla þegar ég kom eftir aðgerð sem hann fór í. Svo kom í ljós að aðgerðin heppnaðist ekki þannig hann getur ekkert spilað. Við fengum annan reynslumikinn mann frá Þýskalandi þannig að það er bullandi samkeppni um stöðuna og verður enn meiri þegar Smits kemur aftur. Ég verð bara að nýta samsinn á meðan. Ég nýt þess allavega í botn að spila núna,“ segir Hannes Þór.

Inn um bakdyrnar

Uppgangur Hannesar hefur verið mikill undanfarnar áratug, en fyrir sléttum tíu árum var hann að spila með Aftureldingu í 2. deildinni á Íslandi. „Ég er mjög stoltur af að spila hérna í Hollandi. Miðað við það sem á undan er gengið hjá mér er þetta ákveðið afrek. Hér spila ég flotta leiki á flottum völlum og nánast alltaf fullt. Veðrið er gott og fjölskyldunni liður vel,“ segir Hannes.

Eftir dvölinu hjá Aftureldingu fór hann til Stjörnunnar áður en Þorvaldur

Örlygsson gaf honum fyrstur tækifæri hjá Fram í efstu deild 2007. Síðan þá hefur ferill Hannesar farið á flug. Hann fór til KR og varð tvisvar sinnum Íslandsmeistari, komst í atvinnu-mennsku nokkuð seint og er auðvitað fastamaður í landsliði Íslands sem er komið á EM 2016.

„Það fallega við að koma inn í þetta bakdyramegin allt saman er að oft þegar ég tek þessi skref upp á við er ég alltaf svo sáttur í eigin skinni og get algjörlega einbeitt mér að því sem ég er að gera hverju sinni. Það byrjaði hjá KR þar sem mér fannst ég búinn að standa mig vel fyrir KR. Ég var ekkert að spá í atvinnu-mennsku eða landsliðinu,“ segir Hannes og heldur áfram:

„Svo kemst ég út til Noregs í atvinnu-mennsku 29 ára og allt umfram það fannst mér bara bónus. Svo núna er ég kominn á stað sem ég er ánægður á og stoltur af að vera á. Það er gott að vera svona sáttur með hvern stað sem maður er á því það skilar sér í afslappaðra viðhorfi. Auðvitað vonast ég samt eftir því að geta tekið stærra skref.“

Miðað við uppgang Hannesar á undanföllum árum þyrfti engum að koma á óvart spili hann í enn betri deild á næsta tímabili. Hann fær jú ansi stóran sýningarglugga í Frakklandi næsta sumar.

„Þessi deild er auðvitað risastór gluggi líka þannig það er aldrei að vita hvað gerist. Kannski held ég áfram að synda gegn straumnum en líkurnar eru ekkert mér í hag. Það háir mér að ég fór út 29 ára og hversu grófa tækni ég er með, en maður veit aldrei hvað gerist. Frammistaðan með landsliðinu og félagsliðum undanfarnar ár gæti skilað einhverju. En ég spila bara í núinu og sé svo til,“ segir Hannes Þór Halldórsson. tomas@365.is

Nýjast

Olís-deild karla

ÍBV - ÍR 32-31

Markahæstir: Theodor Sigurbjörnsson 10, Kári Kristján Kristjánsson 7, Andri Heimir Friðriksson 5 - Arnar Birkir Hálfánarsson 10, Sturla Ásgeirsson 8/4.

ÍBV varð fyrsta liðið sem lagði ÍR að velli í Olís-deildinni í vetur en sigurmark leiksins kom þegar fjórar sekúndur voru eftir af leiknum. Þetta var þriðji sigurleikur ÍBV í röð.

Haukar - Fram 31-25

Markahæstir: Einar Pétur Pétursson 10, Janus Daði Smáráson 7/3 - Ólafur Ægir Ólafsson 5, Sigurður Örn Þorsteinsson 4.

Eftir rautt spjald á Þorgrím Smára virtist allur kraftur detta úr liði Fram. Tókst leikmönnum Hauka að setja 8 mörk í röð og gera út um leikinn.

Valur - Gróttá 29-21

Markahæstir: Ómar Ingi Magnússon 9/3, Sveinn Aron Sveinsson 5 - Daði Laxdal Gautason 5, Finnur Ingi Stefánsson 5, Þórir Jökull Finnbogason 4.

Annar leikinn í röð tókst andstæðingum Gróttu að ná öllum völdum og gera út um leikinn í fyrri hálfleik.

Víkingur - Aftureld. 24-17

Markahæstir: Arnór Þorri Þorsteinsson 5, Jóhann Reynir Gunnlaugsson 3 - Árni Bragi Eyjólfsson 8/4, Gunnar Malmquist Þórsson 5.

Gestirnir úr Mosfellsbænum höfðu undirtökin allt frá fyrstu mínútu og var sigurinn í raun aldrei í hættu.

Efst	Neðst
Haukar 8	FH 4
ÍR 8	Fram 4
Afturelding 8	Víkingur 2
Valur 8	Gróttá 2
ÍBV 6	Akureyri 0

Er að horfa á MLS, SJ v RSL... er ekki viss um að ég fái þessar 57 mín til baka.

Guðmundur Benediktsson
[@GummiBen](https://twitter.com/GummiBen)

EIDUR, HJÖRTUR OG FÉLAGAR

ÓSTÖÐVANDI Í SVÍÞJÓÐ
Eiður Aron Sigurbjörnsson, Hjörtur Logi Valgarðsson og félagar í Örebro unnu fimmta leik sinn í röð í 2-1 sigri á Kalmar í gær. Örebro er átta stigum frá fallsæti þegar fjórar umferðir eru eftir en félagið hefur nælt í sextán stig af átján í síðustu sex leikjum og virðist vera að bjarga sér fyrir horn.

Hjálmar Jónsson og félagar í Göteborg unnu nauman sigur á Sundsvall í gær. Með því nær liðið að halda í við Norrköping í baráttunni um sænska meistaratitilinn en liðin eru jöfn að stigum þegar fjórar umferðir eru eftir.

Í dag

Olís-deild kvenna	
18.00 ÍBV - Stjarnan	Íþróttahöllin í Vestm.
19.30 HK - ÍR	Digranes
19.30 Selfoss - Fyllkir	Selfoss
19.30 Gróttá - KA/Þór	Hertz höllin
19.30 Valur - FH	Vodafone höllin
20.00 Fjölnir - Fram	Dalhús
20.15 Haukar - Aftureld.	Schenkerhöllin

Sportrásirnar

18.15 Meistaradeildarkvöld	Sport 4
18.30 Arsenal - Olympiacos	Sport
18.30 Bayern Mun. - Dinamo Z.	Bravó
18.30 Barcelona - Bayer Leverkusen	Sport 5
18.30 Porto - Chelsea	Sport 3

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Umhverfisvitund

Konur eru með meiri umhverfisvitund en karlar, segir Bryndís Soffía Jónsdóttir en hún heldur fyrirlestur um verkefni sitt, Tengsl umhverfisvitundar og útvistar, í Öskju, Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands á morgun.

SÍÐA 2

HAUSTSPRENGJA

Á VÖLDUM VETRARYFIRHÖFNUM Í NOKKRA DAGA

RÝMUM FYRIR NÝJUM VETRAFATNAÐI

30%-50%-60% AFSLÆTTIR

VETRAKÁPUR - VETRAÚLPUR - ULLARKÁPUR
HÚFUR - SJÖL - TREFLAR



Hauttískan 2015
Fallegt, fágæð og töff.

comma,
Smáralind
facebook.com/CommaIceland

LINAÐI KLÁÐA OG EXEM

GENGUR VEL KYNNIR Salcura DermaSpray er 100% náttúrulegt meðferðarúr-ræði í úðaformi sem getur veitt langvarandi bata við m.a. exemi, þurrki í húð og psoriasis. Frábær árangur, auðvelt í notkun og engar aukaverkanir.

Salcura DermaSpray inniheldur einstaka náttúrulega formúlu sem styður viðgerðarferli húðarinnar. DermaSpray er þægilegt í notkun, hefur kláðastillandi áhrif, minnkar bólgu og roða. Úðaformið tryggir minni hættu á sýkingum og minni óþægindi þegar borið er á húðina. Salcura Zeoderm húðkrem græðir og nærir efstu lög húðarinnar þegar þau eru þurr og/eða sprungin.



ÞETTA VIRKAÐI

Eva Ruza er ánægð með hvað DermaSpray virkaði vel á exem.

EXEM Á ENNIÐ

„Í fyrravetur fékk ég mikinn kláða á ennið sem á endanum varð að rauðglóandi bletti. Ég hafði ekki hugmynd um hvað þetta var og

pantaði mér tíma hjá húðlækni. Fljótlega fór ég í apótekið til að athuga hvort eitthvað væri til þar sem gæti linað þjáningar mínar uns ég kæmist að hjá læknum. Ég fann ekkert í fyrstu en á útleiðinni kom starfsmaður stökkvandi á eftir mér með DermaSpray. Ég hafði

aldrei heyrt um þetta en keypti það samt til að prófa.

EXEMID HVARF

Strax við fyrstu notkun fann ég ró koma í húðina. Ég sprejjaði þessu samviskulega á mig þrisvar á dag í tvo daga eða þar til ég komst að hjá húðlæknum.

Læknirinn sagði mér að ég hefði þróað með mér slæmt exem á ennið í kuldanum. Eina ráðið við því væri stera-krem. Ég hugsaði mig um eftir tímann og ákvað svo að prófa sprejið áfram ásamt kremprufu sem fylgdi með í pakknum. Viku seinna var exemið horfið og ég lýg engu!

FRÁBÆR, NÁTTÚRULEG VIRKNI

Ég hélt áfram að sprejja þessu á mig í tvær vikur í viðbót. Smátt og smátt minnkaði kláðinn og rauðglóandi umferðarljósið hvarf. Ég hef held ég sjaldan orðið jafn hrifin af einhverri vöru og hef sagt öllum sem vilja heyra frá þessari frábæru virkni.

Eva Ruza, blómaskreytir hjá blómabúðinni Ísblóm, og tveggja barna móðir.



TILBOÐSPAKKNING

Inniheldur Salcura Zeoderm 100 ml og DermaSpray 50 ml sem fylgir með í kaupbæti.



ÚTSÖLU-STAÐIR

Flest apótek og heilsubúðir. Nánari upplýsingar á: www.salcura.is

ÍVAR GUÐMUNDS ER Í LOFTINU

ALLA VIRKA DAGA MILLI KL. 10:00 - 13:00

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



BYLGJAN
989



Haust-
dagar!

Glæsilegar
haustvörur
komnar.

Valdar vörur
á einungis
3 verðum.
5.000- kr,
10.000- kr og
15.000- kr.

Parisar
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

Sjáðu myndirnar á facebook.com/Parisartizkan



Á GÖNGU Bryndís Soffía er hér í Eldgjá.

UMHVERFISVITUND EYKST MEÐ ALDRI

MEISTARAVERKEFNI Konur eru með meiri umhverfisvitund en karlar og marktæk tengsl eru milli umhverfisvitundar og útivistar. Þetta er hluti af því sem kemur fram í meistaraverkefni Bryndísar Soffíu Jónsdóttur í landfræði.

Hugmyndin vaknaði fyrst þegar ég var að vinna í ungmenna- og tómstundabúðunum á Laugum í Sælingsdal. Við vorum að sækja um að vera grænfráskóli og fórum að velta fyrir okkur hvernig við gætum vakið áhuga unglínganna á umhverfinu," segir Bryndís sem mun kynna meistaraverkefni sitt í Öskju á miðvikudaginn.

Bryndís útfærði síðan hugmyndina frekar fyrir meistaraverkefni sitt og ákvað að kanna hvort marktæk tengsl væru milli þess hversu háa umhverfisvitund einstaklingar mælast með og hversu virkir þeir eru í gönguferðum.

„Ég sendi út rafræna spurningalista og notaði viðurkenndan kvarða til að mæla umhverfisvitund," segir Bryndís en fólk þurfti að merkja hversu sam-mála eða ósam-mála það væri fimmtán staðhæfingum á borð við „plöntur og dýr hafa sama tilverurétt og manneskj-ur“ og „mannkyninu var ætlað að ráða yfir náttúrunni“.

Helstu niðurstöður Bryndísar voru þær að marktæk tengsl eru milli umhverfisvitundar og þess að vera virkur í gönguferðum. „Úrtakið mældist með frekar háa umhverfisvitund í heildina. Konur mældust með meiri umhverfis-

vitund en karlar og fólk virðist fá meiri umhverfisvitund með hækkanði aldri," upplýsir Bryndís. Sá hópur sem mældist með mestu umhverfisvitundina voru eldri konur sem eru virkar í göngu-ferðum.

Bryndís kannaði einnig hvort munur væri á umhverfisvitund fólks eftir félagslegri stöðu þess. Það reyndist ekki vera. „Það kom ekki fram marktækur munur á umhverfisvitund eftir stöðu á vinnumarkaðnum eða menntun. Þá reyndist tegund útivistar skipta litlu máli," segir Bryndís því þó hún legði áherslu á gönguferðir í verkefni sínu spurði hún einnig út í annars konar úti-vist. „Það virðist bara mestu skipta að fólk hafi gaman af að vera úti," segir Bryndís en niðurstöður hennar eru svipaðar og í öðrum rannsóknum um svipað efni.

En hvað má gera við þessa vitneskju? „Ef þessi tengsl eru rétt, og útivist skilar sér í aukinni umhverfisvitund, erum við komin með aðferð til að auka umhverfisvitund. Þó eru menn ekki alltaf sam-mála um hvort kemur á undan, góð umhverfisvitund eða áhugi á útivist. Hvort heldur sem er þá eru báðir þættirnir jákvæðir og virðast styðja hvor annan.“



**BRYNDÍS SOFFÍA
JÓNSDÓTTIR**

FYRIR- LESTUR

Bryndís flytur fyrir-
lestur um verkefni
sitt, Tengsl um-
hverfisvitundar og
útivistar, í Öskju,
Náttúrufræðihúsi
Háskóla Íslands,
stofu 130, klukku-
an 15 á miðviku-
daginn.



Guli Smíðinn

nýtt

krakka múltí vít

fjólvitamín blanda

heilsa

www.gulimidinn.is

Fæst í flestum apótekum,
heilsubúðum og matvöruverslunum.



**ÞESSI GÖMLU GÓÐU
Á EINUM STAÐ**

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960-1985

GULL
BYLGJAN

SKINKUHORN - LEIÐRÉTTING

Í uppskrift sem birtist í gær af osta- og skinkuhorni var fyrir mistök salt í stað sykurs. Uppskriftin að gerdeiginu birtist því aftur hér.

Gerdeig

- 1 kg hveiti
- 1 poki þurrger
- 2 msk. sykur
- 65 g smjör
- 1 tsk. salt
- 2½ dl mjólk
- 3 dl vatn

Setjið öll þurffni í hrærivélarskál. Bræðið smjórið. Bætið vatni og smjóri í þurffnið og hnoðið vel saman. Látið deigið hefast í eina klukkustund. Sláið það niður og látið það hef-
ast aftur í eina klukku-
stund.



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýs-
endum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala
og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið
ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölu menn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

VÖRUBÍLAR

& VINNUVÉLAR

Kynningarblað Kraftur, Bílabúð Benna, Verkfæri, Kraftvélar, Askja, RAG Import, Vélfang og Brimborg.

Menn skilja að gæðin skipta máli

Mikill uppgangur hefur einkennt rekstur Aflvéla undanfarið ár. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í gæðamerkjum sem hefur margborgað sig að sögn forstjórans, Friðriks Inga Friðrikssonar. Pólska merkið Pronar hefur komið afar vel út á íslenskum markaði.

Aflvélar ehf. var stofnað árið 2004 og hefur um ellefu ára skeið boðið fyrirtækjum og sveitarfélögum úrval vinnuvéla af ýmsum stærðum og gerðum. Þó er reynsla lengri því Aflvélar ehf. var rekið sem deild innan annars fyrirtækis í eigu sömu fjölskyldu í 20 ár þar á undan. Því er um 30 ára reynsla að baki sölu og þjónustu á þessum vélum.

„Við höfum upplifað mikinn uppgang síðasta árið og margföldun í sölu,“ segir Friðrik og telur nokkra þætti koma þar inn í. „Bæði er uppgangur í þjóðfélaginu, við getum leyft okkur að vera með minni álagningu þar sem yfirbygging fyrirtækisins er lítil, við bjóðum upp á ný vörumerki á góðu verði en ekki síst spilar þarna inn í að menn eru farnir að skilja að gæðin skipta máli. Þar sem við höfum sérhæft okkur í gæðamerkjum hefur það komið sér vel fyrir okkur,“ segir Friðrik. Aflvélar hafa meira að segja lagt í útrás. „Það hefur opnast markaður fyrir okkur á Grænlandi og þangað vorum við að senda fullt af vörum.“

Þekkt vörumerki

Meðal helstu vörumerkja sem fyrirtækið selur er svissneska og þýska gæðamerkið Aebi Schmidt International en Aflvélar selja bæði snjóruðningstæki og sumartæki frá þeim. „Þessar vélar hafa verið seldar á Íslandi í hartnær 30 ár sem segir sitt um gæði þeirra,“ segir Friðrik og bendir á að Aebi Schmidt sé stærsta fyrirtækið í Evrópu á þessu sviði.

„Við seljum til dæmis frá þeim úrval af snjótönnum, salt- og sanddreifurum og snjóblásurum. Einnig erum við með bæði litla og stóra götusópa frá sama framleiðanda. Síðan erum við að selja svokölluð sameyki fyrir flugvelli sem samanstanda af stórrí snjótönn, vörubíl, undirtönn og flugbrautarsóp frá Schmidt. Alls eru 12 slík sameyki í notkun á flugvöllum landsins í dag og fleiri eru í burðarliðnum. Samsetning sameykjanna, þ.e. vökva- og rafstýringar og festingar eru hönnuð af okkur, hönnun sem hefur síðan verið notuð og seld á fjölda flugvalla erlendis.“

Hundruð tækja frá ASH Aebi Schmidt til snjóruðnings og sumarstarfa eru í notkun hérlandis að sögn Friðriks Inga og þau eru einnig þjónustuð af starfsmönnum Aflvéla. „Við erum einnig með umboð fyrir fjölnotatæki frá Holder í Þýska-



Friðrik Ingi Friðriksson, forstjóri Aflvéla, er afar ánægður með gang fyrirtækisins undanfarið enda hefur orðið mikil aukning í sölu þökk sé uppgangi í þjóðfélaginu, lágrí álagningu og gæðum vélanna sem Aflvélar hafa til sölu. MYNDIR/ANTON



Það nýjasta frá Pronar hér á landi eru krókheysisvagnar og malarvagnar með sturtu og hardoxi í skúffunni.



Aflvélar ehf. hefur um ellefu ára skeið boðið fyrirtækjum og sveitarfélögum úrval vinnuvéla af ýmsum stærðum og gerðum.

„Við höfum upplifað mikinn uppgang síðasta árið og margföldun í sölu.“

landi, strætisvagna frá Solaris í Póllandi, veghefla frá Veekmas oy frá Finnlandi ásamt fleiri umboðum, þar á meðal snjótönnur, plóga og undirtönnur frá GMI í Noregi og Kuper slitblöð frá Þýskalandi,“ segir Friðrik og bendir á að slitblöðin endist tífalt lengur en venjuleg slitblöð. „Þó þau séu fjórum sinnum dýrari koma menn út í hagnaði.“

Pronar – pólskt gæðamerki

Fyrir þremur árum hófu Aflvélar að selja vörur frá Pronar sem er pólskt fyrirtæki og um leið eitt það stærsta í Evrópu í framleiðslu vagna, vinnuvéla og tækja. „Menn voru skeptískir á þessar pólsku vörur í byrjun en við þömsuðum okkur að velja gæðamerki. Skemmst er frá að segja að það hefur gengið stórvél og allir mjög ánægðir. Við höfum selt marga gáma af snjóhrensibúnaði frá þeim og orðspor Pronar hefur vaxið hratt hér á landi eftir því sem fólk hefur fengið reynslu af því,“ segir Friðrik og bætir við að Pronar hafi

unnið til fjölda verðlauna fyrir framleiðslu sína.

Það nýjasta frá Pronar hér á landi eru krókheysisvagnar og malarvagnar með sturtu og hardoxi í skúffunni. „Þetta eru vel byggðir vagnar og ódýrir miðað við þýsku vagnana sem þeir keppa við í gæðum.“

Verkstæði

Aflvélar eru með stórt og fullkomið verkstæði við höfuðstöðvar sínar að Vesturhrauni 3 í Garðabæ sem getur tekið við öllum stærðum og gerðum af tækjum. „Þar starfar sérþjálfður starfsmaður á okkar vegum

sem sinnir öllum viðgerðum auk þess að veita viðskiptavinum okkar tæknilega aðstoð.“

Burstagerð

Ýmiss konar íhlutir eru líka stór hluti af vöruframboði Aflvéla og má þar helst nefna vélabursta og slitblöð á snjótönnur. „Á sama stað og í eigu sömu fjölskyldu rekum við fyrirtækið Burstagerðina ehf., sem hefur verið starfandi óslitið frá árinu 1930. Þar smíðum við bursta í hvaða stærð sem er eftir máli ásamt burstamottum fyrir anddyri.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.aflvelar.is.

Leist ekki nógu vel á brúna

Árni Jón Rögnvaldsson vörubílstjóri lenti í heldur óskemmtilegu atviki þegar brúin yfir Vatnsdalsá hrundi undan honum og vörubílnum sem hann ók. Betur fór en á horfðist og Árni Jón slapp með minniháttar meiðsli. Ný bráðabirgðabréu hefur verið reist.

Árni Jón hefur unnið sem bílstjóri í verktakageiranum í um tuttugu ár og hafði á ferlinum aldrei lent í neinu alvarlegu. Þennan viðburðaríka dag, 18. ágúst síðastliðinn, var hann að vinna fyrir Króksverk við að flytja 20 tonna farm vegna vegafarmkvæmda í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu. Leiðin lá yfir brúna yfir Vatnsdalsá fremst í Forsældal við Grímstungu í Vatnsdal.

„Ég var búinn að keyra þarna deginum áður og hafði farið um tuttugu ferðir yfir brúna. Það var í áttundu ferðinni um morguninn að ég heyrði eitt brak og þá bara lango,“ segir Árni Jón sem gerði sér ekki strax grein fyrir hvað var að gerast enda gerðist allt mjög snögg. „Hins vegar hafði ég áhyggjur af því hvort járníngin myndi stingast inn í bílinn,“ segir hann.

Fór betur en á horfðist

Þar sem áin er fremur grunn fór bíllinn ekki á kaf. „Brúin fór sem betur fer beint niður því maður hefði auðveldlega getað oltið þarna niður. Í raun fór þetta eins vel og hægt var miðað við aðstæður,“ segir Árni Jón en hans fyrsta verk eftir slysið var að hringja í samstarfsfélaga sína

í dalnum. „Þeir komu strax til að loka veginum og svo var mér skutlað á sjúkrahús,“ segir Árni Jón sem komst af sjálfsdáðum úr bílnum og upp á veg.

„Ég var lemstraður allan hringinn og með mar hér og þar en engin teljandi meiðsli samt,“ segir Árni Jón sem tók sér viku pásu eftir slysið en var búinn að ná sér að mestu um miðjan september.

Fengu grænt ljós frá Vegagerðinni

Brúin yfir Vatnsdalsá var um sextíu ára gömul þegar slysið varð og því komin til ára sinna. Hafði Árni Jón engar áhyggjur fyrirfram af því að eitthvað gæti gerst? „Við vorum búnir að spyrjast fyrir um brúna áður en við fórum í verkefnið þar sem okkur leist ekki vel á hana. Við hringdum í undanþágudeild Vegagerðarinnar en þeir sögðu að þetta væri í lagi en að það gildi bara þessi viðauki 2 eins og alltaf á útvegum, en það þýðir 40 tonna heildarþyngd ökutækis,“ lýsir Árni Jón.

Bíllinn ónýtur

Tjónið á bílnum var það mikið að ekki borgaði sig að gera við hann. Árni Jón segir að ágætlega hafi gengið að ná bílnum upp úr



Brúin yfir Vatnsdalsá hrundi þann 18. ágúst síðastliðinn. Brúin er gerónýtt og bráðabirgðabréu hefur verið reist fimmtíu metrum frá gamla brúarstæðinu.

MYND/LÖGREGLAN Á BLÖNDUÓSI

„Ég var lemstraður allan hringinn og með mar hér og þar en engin teljandi meiðsli samt.“

ánni. „Það var gert með gröfum og kranabílum. Byrjað var á að moka af vagninum og bíllinn svo dreginn upp afturábak. Síðan var honum ekið í bæinn.“

Árni Jón viðurkennir að slysið hafi verið töluvert sjokk. Hins vegar hafi hann jafnað sig vel á því. „Ég finn allavega ekki fyrir

neinni hræðslu við að fara yfir brýr, en það er spurning hvað verður þegar maður fer í vélaflutninga eða eitthvað slíkt.“

Búið er að fjarlægja gömlu brúna og ný bráðabirgðabréu hefur verið byggð yfir Vatnsdalsá um fimmtíu metrum fyrir neðan gamla brúarstæðið.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, s. 512 5429, jonivar@365.is Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

Hagkvæm tækjafjármögnun

Við bjóðum kaupleigu og tækjalán til að fjármagna kaup á nýjum og notuðum atvinnubílum og tækjum til atvinnurekstrar.

Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 444 8800 eða sendu fyrirspurn á taeki@arionbanki.is.

 Arion banki

Ný kynslóð MAN á 100 ára afmæli

MAN verksmiðjan fagnar því á þessu ári að 100 ár eru liðin síðan fyrirtækið hóf framleiðslu á vörubílum. Fyrirtækið Kraftur hf. hélt af því tilefni kynningu á nýrri vélalínu frá MAN, svokölluðum D38 vélum. Fjöldi viðskiptavina kom og skoðaði þessar nýjungar.

Kraftur kynnir D38, nýja kynslóð véla á hundrað ára afmæli MAN vörubíla. Björn Erlingsson, framkvæmdastjóri Krafts, segir að þessi nýja vélalína bjóðist í 520 og 560 hestöflum. „Hingað kom fjöldi viðskiptavina okkar til að skoða ýmsar gerðir MAN vörubifreiða ásamt nýjum götusópum frá Bucher Municipal,“ segir Björn og bætir því við að á sama tíma hafi bræðurnir Sævar og Hafþór Benediktssynir, forsvarmenn flutningafyrirtækisins BB og synir ehf., í Stykkishólmi, tekið við nýjum MAN dráttarbil með 560 hestafla vél. „Bíllinn er úr 100 ára afmælisútgáfu MAN,“ segir Björn.

„Nýi bíllinn sem þeir bræður fengu afhentan er allur hinn glæsilegasti og með áberandi merkingum. Þeir eru einstaklega ánægðir með nýja bílinn og eru sérstaklega ánægðir með það hversu sparneytinn hann er,“ segir Björn.

Með frábærum búnaði

Hafþór sagði við þetta tækifæri að bíllinn kæmi mjög skemmtilega á óvart. „Hann er kærkomin viðbót við stækkandi flota MAN bíla í okkar eigu,“ sagði Hafþór og Sævar bætti við að bíllinn væri af gerðinni MAN 26.560 DLL 6x4 með loftfjórdrun að framan og aftan auk þess að vera með ýmsum öðrum

„Bíllinn er með leðursætum, loftkælingu og ýmsum þeim búnaði sem í dag þykir sjálfsgöður í flutningabíla.“

frábærum búnaði. „Bíllinn er með leðursætum, loftkælingu og ýmsum þeim búnaði sem í dag þykir sjálfsgöður í flutningabíla. Jafnframt er hann með GPS-tengda myndavél sem getur tekið upp myndband af því sem fyrir augu ber við aksturinn. Það getur komið sér vel ef óhapp verður auk þess að geyma góðar minningar þegar eitthvað óvænt gerist,“ segir Sævar. „Auk þess er hægt að fylgjast með því hvar bíllinn er á hverjum tíma með fjartengingu.“

„BB og synir er fyrirtæki í flutningarekstri auk þess sem þeir sjá um snjómokstur og almenna verktakavinnu í Stykkishólmi og nærsveitum. Þess má einnig geta að Eimskip og IB Flutningar á Reyðarfirði hafa líka tekið í notkun bíla með þessum nýju vélum,“ segir Björn.

Nýir götusópar

„Um svipað leyti tók Hreinsitækni hf. við tveimur nýjum götusópum af gerðinni Bucher CityCat 2020. Bucher Municipal er einn stærsti framleiðandi Evrópu á götusópum, salt-



Hafþór Benediktsson frá BB og sonum ehf., við nýja bílinn sem er í afmælisútgáfu frá MAN.

MYND/GVA



Kynning á afmælisútgáfu MAN hjá Krafti.



dreifurum og öðrum tækjum til gatnahreinsunar, með verksmiðjur í Þýskalandi og á Ítalíu auk Sviss, þar sem höfuðstöðvar fyrirtækisins eru til húsa.“

Kraftur hf. hefur flutt inn og þjónustað MAN vörubíla í 49 ár. Þeir hafa fyrir löngu sannað ágæti sitt við Íslenskar aðstæður. Tveggja ára ábyrgð er á öllum nýjum bílum, sem Kraftur flytur inn og bílunum fylgja einnig þjónustu- og handbækur á íslensku, sem er einstakt hér á landi. Þjónustu- og viðhaldssamningar eru í boði fyrir þá sem það kjósa og er þá greidd föst upphæð á mánuði miðað við ákveðinn fjölda ekinna kílómetra. Innifalið í slíkum samningum er allt viðhald og þjónusta á samningstímanum.

Kraftur er að Vagnhöfða 1, sími 567-7100. Sjá einnig kraftur.is.



Meðalaldur bílstjóra er orðinn hár

Mikil eftirspurn er eftir bílstjórum með meirapróf samfara auknum straumi ferðamanna til landsins. Erfiðara reynist að fá bílstjóra til starfa en áður var. Það er skemmtilegt að starfa í ferðaþjónustu og þess vegna ætti það að vera hvatning til að fara í meiraprófið.

Jóhanna Hreiðarsdóttir, mannauðsstjóri hjá Kynnisferðum, segir að það hafi orðið töluverð fjölgun bílstjóra í heilsársstarfi til að mæta auknum umsvifum í starfsemi fyrirtækisins yfir vetrarmánuðina. Fjöldi bílstjóra er einnig ráðinn í sumarstörf. Hún segir að stöðugur vöxtur hafa orðið í ferðaþjónustu og því óhjákvæmilega meiri samkeppni um starfsfólk. „Okkur hefur gengið nokkuð vel að fá bílstjóra til starfa hingað til, enda er ásókn í að starfa hjá fyrirtækinu. Við finnum þó fyrir því að það er minna framboð af reyndum bílstjórum til starfa. Við erum mjög þakklát fyrir að hafa í grunninn marga reynda og góða bílstjóra sem miðla þekkingu sinni til nýliða. Þeir sækja einnig fræðslu á vegum fyrirtækisins. Það er ákveðið áhyggjuefni að meðalaldur bílstjóra er hár og nýliðun í stéttinni er ekki nægilega mikil til framtíðar. Eitt af því sem þarf að skoða eru aldurstakmörk á réttindanámi, en þú þarft að vera 23 ára til að geta tekið aukin ökuréttindi á stóra hópferðabifreið og 21 árs fyrir litla,“ segir Jóhanna.

Hún segist hvetja bæði konur og karla til að sækja um bílstjóra-starf. Karlar séu í meirihluta

„Við finnum þó fyrir því að það er minna framboð af reyndum bílstjórum til starfa.“

þeirra sem sækja um þótt konum fjölgi jafnt og þétt. Þá sé einnig ráðið fólk sem ekki hafi íslensku að móðurmáli en tali góða ensku. „Við ætlum að bjóða upp á íslenskukennslu í vetur fyrir þennan hóp þar sem hver og einn getur sótt námskeið í samræmi við getu hverju sinni,“ segir hún. Nauðsynlegt er að hafa meirapróf en Jóhanna bendir á að mörg stéttarfélag styrki félagsmenn til að taka aukin ökuréttindi.

Jóhanna segir að Kynnisferðir hafi bætt við sig fjórtán nýjum rútum á þessu ári en fyrirtækið er með 80 hópferðabíla í starfsemi sem er bæði Flugrútan ásamt fjölda dagsferða um S- og V-land, auk skipulagðra ferða. Gullhringurinn er vinsælasta ferðin hjá erlendum ferðamönnum. Yfir vetrartímam er aukin ásókn í norðurljósaferðir. „Það eru mörg atvinnutækifæri í ferðaþjónustu sem er í stöðugum vexti.“



Jóhanna Hreiðarsdóttir, mannauðsstjóri hjá Kynnisferðum, segir að með vaxandi ferðaþjónustu sé aukin eftirspurn eftir bílstjórum.
MYND/STEFÁN

MADE IN GERMANY

Since 1950



FÆST EINNIG Í
5 LÍTRA DUNKUM

HARD WAX - HREINSAR OG VERNDAR

SONAX **Hard Wax** er sérstaklega þróað með íslenskar aðstæður í huga. **Hard Wax** ver gegn áhrifum frá veðri, salti og öðrum umhverfispáttum. Efnið hreinsar tjörurestar á auðveldan hátt ásamt því að hrinda frá sér óhreindum og bleytu og er því kjörið í vetrarveðrinu.

SONAX®

Þrautreyndur á íslenskum þjóðvegum



SCANIA

Scania bifreiðar hafa löngum verið þekktar fyrir áreiðanleika og hagkvæmni. Þær hafa verið þarfasti þjónn íslenskra atvinnubílstjóra í áratugi, ávallt tilbúnar til þess að takast á við allar aðstæður.

Kynntu þér hvað Scania gæti gert fyrir þig.

Endurmenntun á fimm ára fresti

Ýmsar reglur gilda um vöruflutninga hér á landi. Farmurinn þarf að vera tryggilega festur og bílstjórar þurfa að taka sér reglulega hvíld ásamt því að sækja endurmenntun á fimm ára fresti. Þá eru stífar hraðatakmarkanir til staðar. Þórhildur Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Samgöngustofu, tók saman svör við nokkrum spurningum þessu tengdum.

Hvaða reglur gilda um hvíldartíma flutningabílstjóra? Hvað þarf að líða langur tími á milli vakta og með hvað löngu millibili þurfa þeir að taka hvíld á leið sinni um landið?

Reglum um aksturs- og hvíldartíma (um það gildir reglugerð 605/2010) má skipta í nokkra meginþætti:

Daglegur aksturstími: Má vera mestur 9 klukkustundir en tvo daga í viku má lengja hann í 10 klukkustundir.

Hlé frá akstri: Hver aksturslota má ekki vera lengri en fjórar og hálf klukkustund. Eftir það þarf að taka að lágmarki 45 mínútna hlé frá akstri. Skipta má hléinu í tvo hluta. Fyrst í fimm-tán mínútur og svo þrjátíu mínútur að lágmarki. Ökumaður má taka hlé þegar honum hentar. Að teknu hléi hefst svo ný aksturslota.

Daglegur hvíldartími: Ökumaður skal fá að minnsta kosti ellefu klukkustunda samfellda hvíld innan hvers sólarhrings. Þó má stytta hvíldartímann niður í níu klukkustundir þrisvar á hverju tveggja vikna tíma-bili. Það er einnig heimilt að skipta hvíldartímanum í tvo hluta, þannig að annar hlutinn sé að minnsta kosti níu klukkustundir og hinn að minnsta kosti þrjár.

Vikulegur hvíldartími: Eftir hverja sex akstursdaga á ökumaður rétt á 45 klukkustunda vikulegum hvíldartíma. Þó má stytta hann í 24 klukkustundir en þá þarf að bæta styttinguna upp innan þriggja vikna. Heildaraksturstími á hverjum tveimur vikum má ekki vera lengri en 90 klukkustundir og á einni viku ekki lengri en 56 klukkustundir. Sérstakt ákvæði er um hópferðir (ekki reglubundinn akstur) en þar má fresta vikulegum hvíldartíma í allt að tólf daga en þá á ökumaður rétt á 90 klukkustunda hvíldartíma.

Hvaða reglur gilda um frágang farms og annan útbúnað vöruflutningabíla?

Í meginatriðum felst reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu farms í því að ganga skuli þannig frá farmi að hann geti hvorki hreyfst á ökutækinu eða fallið af því. Ökumanni ber að tryggja að laus efni, svo sem jarðefni, geti hvorki fallið af né fokið. Ekki má leka úr farmi og til að tryggja slíkt skal bíllinn útbúinn með safntanki. (Sjá nánar í reglugerð nr. 671/2008.)

Hvenær dags er mest um vöruflutninga? Er reynt að stíla inn á rólega tíma eða eru menn að allan sólarhringinn?

Það er mjög misjafnt og getur

farið eftir eðli flutninga. Til dæmis eru efnisflutningar mestir að degi til en stór hluti vöruflutninga fer fram að kvöldi og fram á nótt.

Hvaða náms- eða endurmenntunarkröfur eru gerðar til flutningabílstjóra?

Til að fá réttindi til að aka flutningabifreið sem er meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd þarf að ljúka námi og prófi til aukinna ökuréttinda fyrir C1-flokk (hámark 7,5 tonn að leyfðri heildarþyngd) eða C-flokk (án takmarkana). Námið fer fram í skólum til aukinna ökuréttinda og er bæði bóklegt og verklegt. Lokapróf fer fram hjá Frumherja hf. sem annast framkvæmd öku-prófa á vegum Samgöngustofu.

Nýlega tóku gildi hér á landi reglur til samræmis við það sem gildir í öðrum Evrópulöndum. Þær fela í sér kröfu um 35 kennslustunda endurmenntun á fimm ára fresti fyrir ökumenn stórra ökutækja í C1-, C-, D1- og D-flokki til farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni. Skipta má þessari endurmenntun niður á árin fimm eins og hentar bílstjóra best, þó þannig að hver lota sé að minnsta kosti sjö kennslustundir. Eingöngu er um þátttöku á námskeiði að ræða. Engin próf eru í tengsl-



Nýlega tóku gildi hér á landi reglur sem fela í sér kröfu um 35 kennslustunda endurmenntun á fimm ára fresti fyrir ökumenn stórra ökutækja í C1-, C-, D1- og D-flokki.

um við þessa endurmenntun. Á námskeiðunum á að rifja upp og endurnýja með hagnýtum viðmiðum þekkingu sem bílstjórum er nauðsynleg í starfi. Námskeiðin eru í undirbúningi og munu fara fram hjá viðurkenndum námskeiðshaldara, það er ökskóla eða hjá öðrum aðila með sérstöku leyfi Samgöngustofu.

Hvaða reglur gilda um viðhald bíla?

Öll ökutæki þurfa að uppfylla viðmið sem fylgt er eftir í almennum aðalskoðunum skoð-

unarstöðva. Þetta á við um vöruflutningabíla sem og önnur ökutæki.

Eru einhverjar takmarkanir á aksturshraða?

Umferðarlögin setja mörk um aksturshraða og er eftirlit með því í höndum lögreglu. Í hóp-bifreiðum og vörubifreiðum er búnaður sem takmarkar hámarks hraða þeirra. Hóp-bifreiðar mega aka að hámarki á 90 km/klst. og vörubifreiðar að hámarki á 80 km/klst.

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans

Landsbankinn býður fyrirtækjum hagkvæma fjármögnun á bifreiðum, atvinnutækjum, vélum og ýmsum rekstrartækjum.



VÉLANAUST ehf

KLIPPUR, KRABBAR OG VIBRO-RIPPER FRÁ TOPA



Höfum tekið við umboði fyrir **Topa** sem býður glussafleyga og fleiri vönduð verkfæri sem hafa áunnið sér gott orðspor á Íslandi á undanförunum árum.

Álhella 4, 221 Hafnarfjörður - Sími 555 6670 - velanaust@velanaust.is

FLUTNINGABÍLAR - VINNUVÉLAR - RÚTUR



VéiRás
www.velras.is



BIFREIÐA- OG VÉLAVERKSTÆÐI • ÁLHELLU 8, HAFNARFIRÐI



VIÐGERÐIR - VARAHLUTIR - ÞJÓNUSTA

Fíllinn borðaður í litlum bitum

Þeir sem vinna kyrrsetustörf þurfa að vera mjög meðvitaðir um að hreyfa sig reglulega, bæði á vinnutíma og ekki síður utan hans. Með smá skipulagningu er það lítið mál og gott er að hafa í huga að lítil hreyfing daglega er betri en engin hreyfing.

Vörubílstjórar og ökumenn vinnuvéla sitja oft löngum stundum undir stýri þar sem vinnudagurinn er oft langur. Þeir þurfa þó, eins og aðrir sem vinna við kyrrsetustörf, að vera meðvitaðir um að brjóta vinnuna reglulega upp yfir daginn og hreyfa sig, að sögn Gígy Gunnarsdóttur, verkefnisstjóra hreyfingar hjá Embætti landlæknis. „Til að meta hreyfivenjurnar og gera áætlun um úrbætur, ef þarf, er almennt gott að svara eftirfarandi spurningum: Hversu mikið hreyfi ég mig í tengslum við vinnuna, í frítímanum og í tengslum við ferðir á milli staða?“

Aðstæður starfsmanna við komandi starfsstétta eru auðvitað mismunandi, í sumum tilfellum er vinnan líkamlega erfið á meðan aðrir sitja undir stýri allan daginn. „Almennt er ágætt að miða við að standa upp á um 40-60 mínútna fresti, teygja úr sér og ganga um í stutta stund. Með því að ganga t.d. hraðar, í meiri halla eða lyfta hnjúnum má reyna meira á sig. Lengri hlé er síðan tilvalið að nýta í lengri göngu og frekari æfingar við hæfi. Hægt er að ganga á staðnum, meðfram vinnutækinu, í kringum það eða lengra, allt eftir aðstæðum. Einnig er t.d. gott að sveifla örmunum til að

örva blóðflæði um axlirnar og efri útlími.“

Utan vinnutímans er síðan hægt að fara í lengri göngur, hjóla, synda og stunda frekari þjálfun í samræmi við getu og áhuga hverju sinni. „Ef vörubílum eða vinnuvélinni er lagt annars staðar en við heimilið er mögulega hægt að ganga eða hjóla til og frá bílnum en annars má þá t.d. ganga stuttan hring áður en lagt er af stað.“

Kyrrsetulífurni eykur líkurnar á fjölmörgum sjúkdómum og öðrum heilsufarsvanda að sögn Gígy á meðan regluleg hreyfing spornar m.a. gegn kransæðasjúkdómum, heilablóðfalli, háþrýstingi, blóðfitubrenslu, offitu, þunglyndi og ýmsum stoðkerfisvandamálum og stuðlar m.a. að meiri líkamshreysti og betri svefni. „Mér er ekki kunnugt um innlendar rannsóknir en erlendar rannsóknir benda til þess að vörubílstjórar séu í meiri hættu á að glíma við ýmsan heilsufarsvanda en vinnandi fólk almennt og hefur það m.a. verið tengt löngum og stundum óreglulegum vinnutíma, mikilli kyrrsetu, takmörkuðu aðgengi að hollum mat og streitu.“

Taka hæg skref

Aðalatriðið er að sögn Gígy að forðast að sitja kyrr tímumum

saman. „Hreyfing er alla jafna ekki sjálfkrafa hluti af vinnunni og því þarf að taka meðvitaða ákvörðun um að stíga reglulega út úr bílnum og hreyfa sig eins og áður hefur komið fram. Ganga er einföld og eitthvað sem allir geta gert. Styrkæfingar og teygjuæfingar eru mikilvægar og ekki síst fyrir þá sem sitja mikið, til að vinna á móti ójafnvægi í styrk og styttingum í m.a. brjóstvöðvum og beygjuvöðvum mjaðma. Það er eitthvað fjallað um þessi mál á vinnuvélanámsskeiði Vinnueftirlitsins og ég veit til þess að fyrirtæki eins og t.d. Eimskip bjóða starfsmönnum sínum, þ.m.t. vörubílstjórum og öðrum sem starfa á vinnuvélum, upp á reglulegar heilsufarsmælingar og annan stuðning til að hlúa að heilsunni. Ef slík þjónusta er í boði á vinnustaðnum er um að gera að notfæra sér hana en annars þá að leita eftir aðstoð fagaðila til að taka frekari skref í átt að heilbrigðari lífsháttum. Vinnufélagar ættu auðvitað alltaf að styðja hver annan á slíkri vegferð.“

Síðan er bara að „borða fíllinn í bitum“ að sögn Gígy, þ.e. ætla sér ekki of mikið á stuttum tíma enda sé lítil hreyfing betri en engin hreyfing. „Ekki flækja málin. Lítið gerir mikið og ganga og liðkandi æfingar



„Erlendar rannsóknir benda til þess að vörubílstjórar séu í meiri hættu á að glíma við ýmsan heilsufarsvanda en vinnandi fólk almennt,“ segir Gígy Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hreyfingar hjá Embætti landlæknis.

MYND/GVA

sem koma blóðinu á hreyfingu, reglulega yfir daginn, munu án efa hafa jákvæð áhrif á heilsu,

líðan og öryggi vörubílstjóra og sambærilegra starfsstétta, sem og allra annarra.“

authorized
ServicePartner of

SCHMITZ
CARGOBULL



MALARVAGNAR
GÁMAGRINDUR
FLATVAGNAR



SCHMITZ CARGOBULL á talsvert af notuðum uppítökutækjum á lager sem Hrauntak getur boðið á góðu verði, svo sem malarvagna, kæli- og frystivagna, gámagrindur og flatvagna.

HRAUNTAK
www.hrauntak.is
HRAUNTAK

Þekkt vörumerki og áratuga reynsla

Hjólbarðaverkstæði Bílabúðar Benna, Tangarhöfða 15, hefur þjónað eigendum atvinnutækja í 40 ár, með gæðin í fyrirrúmi.

Vörubílar og vinnuvélar hafa í nær 40 ár verið þjónustaðar að Tangarhöfða 15 en þar er nú vörubíla- verkstæði Bílabúðar Benna. Óhætt er að segja að fjölmargir eigendur atvinnutækja séu fastagestir þar, enda hefur öll þessi ár verið kappkostað að stunda fagleg vinnubrögð og bjóða skjóta þjónustu. Starfsmenn verkstæðisins búa yfir mikilli reynslu og það er undir styrkri stjórn Gests J. Árskóg, sem hefur verið viðloðandi dekkjapjónustu í áratugi.

Bílabúð Benna býður fjölbreytta flóru af hjólbörðum og hefur meðal annars umboð fyrir PIRELLI hjólbarða, sem fást í öllum stærðum og gerðum fyrir vöru-, vöruflutninga- og sendibíla. PIRELLI er eitt þekktasta vörumerkið á heimsvísu og er í dag einn stærsti hjólbarðaframleiðandi í heimi.

„Við leggjum mikla áherslu á FW-01 vetrardekkið frá Pirelli, sem fólki hefur líkað gríðarlega vel og hefur náð mikilli útbreiðslu á skömmum tíma,“ segir Gestur. Verkstæðið býður líka upp á vönduðu TAURUS

„Við leggjum mikla áherslu á FW-01 vetrardekkið frá Pirelli, sem fólki hefur líkað gríðarlega vel og hefur náð mikilli útbreiðslu á skömmum tíma.“

dekkinn sem koma úr smiðju Michelin, auk þess að flytja inn sóluð dekk frá Bandenplan í Hollandi.

„Sóluð dekkinn okkar eru að sjálfsögðu eingöngu sóluð úr

fyrsta flokks belgjum, enda gerum við kröfur um framúrskarandi gæði. Það eigum við reyndar sameiginlegt með viðskiptavinum okkar sem hafa treyst okkur fyrir atvinnutækjum sínum í öll þessi ár,“ segir Gestur. Hann bætir við að sínir menn séu klárir fyrir vetrarvertíðina og hvetur vörubílstjóra til að nýta sér alla þá sérþekkingu og reynslu sem er í boði að Tangarhöfða 15.



Gestur J. Árskóg er rekstrarstjóri vörubíla- verkstæðis Bílabúðar Benna. Mynd/GVA

PIRELLI

Peir stóru nota Pirelli

- það er rétta vörubíladekkið!

PIRELLI FW-01 er ný lína af vetrardekkjum frá einum stærsta hjólbarðaframleiðanda í heimi. PIRELLI hefur, með þrotlausum prófunum, tekist að hanna dekk sem gefur vörubílstjórum eitt besta vetrardekkið sem völ er á. **PIRELLI FW-01** er eitt gripsterkasta vörubíladekkið á markaðnum og sérstaklega framleitt til notkunar á stýrisöxul. Láttu reyna á Pirelli.



UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



Í dag vinna níu manns hjá Verkfærum ehf. sem einbeita sér að sölu á búnaði til jarðvinnuverktaka, byggingaraðila, bæjarfélaga, bænda og svo framvegis. Hvort sem er á vélum, aukabúnaði eða varahlutum.

MYND/ARNOLD BJÖRNSSON

Gott úrval nýrra og notaðra véla til hvers kyns verka

Starfsfólk Verkfæra ehf. sérhæfir sig í sölu og leigu á nýjum og notaðum atvinnutækjum, vinnuvélum, rafmagnsbílum, landbúnaðartækjum, varahlutum og fleiru. Hjá fyrirtækinu má fá gott úrval notaðra vinnuvéla. Einnig er hægt að leigja vélar til ýmissa verka. Starfsfólk Verkfæra ehf. státar af skjótri afgreiðslu og þekkingu á því sem það selur.

Fyrtækið Verkfæri ehf. var stofnað árið 2009 með það að markmiði að selja tæki frá Íslandi til annarra landa þar sem forsendubrestur var í íslensku efnahagsumhverfi á þeim tíma. Í fyrstu var bara einn starfsmaður í fyrirtækinu en það stækkaði fljótt og voru stöðugildin orðin tvö á fyrsta ári.

„Þar sem við vissum að útflutningur á vinnuvélum yrði ekki endalaus höfðum við samband við nokkra erlenda birgja sem við gerðum samkomulag við um innflutning, segir Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri Verkfæra ehf.

Með stærri innflytjendum

„Það var ekki fyrr en árið 2013 sem við sáum verulegar breytingar á innflutningi þar sem okkar viðskiptamenn vildu kaupa lítið notuð tæki eða ný. Þar sem við höfðum mikla reynslu í útflutningi höfðum við góðan aðgang að viðskiptum með vinnuvélar og tengdan búnað erlendis frá þegar innflutningurinn byrjaði aftur.“

Verkfæri ehf. er líklega með stærri innflytjendum notaðra

tækja og búnaðar enda getur starfsfólk fyrirtækisins oft gert góð kaup á nýlegum tækjum frá öðrum löndum.

„Þar sem margir hér á landi vilja kaupa ný tæki erum við búnir að gera samning við fjölda stórra birgja um sölu á þeirra tækjum og þar má einna helst nefna Terex Construction, Terex Cranes, Powerscreen, Schwing Stetter, Topcon, Engcon, Atlas machines, Mega rafmagnsbíla og NMS,“ lýsir Ólafur.

Verkfæraleigan og þjónustuaðstaða

Í dag vinna níu manns hjá Verkfærum ehf. sem einbeita sér að sölu á búnaði til jarðvinnuverktaka, byggingaraðila, bæjarfélaga, bænda og svo framvegis. Hvort sem er á vélum, aukabúnaði eða varahlutum.

„Svo erum við að byrja með leigufyrirtæki sem heitir Verkfæraleigan ehf. en þar verður boðið upp á litlar vinnuvélar eins og Terex TC16 til Terex TC50 til leigu. Einnig erum við í samstarfi með Ratio ehf. vegna leigu á Terex byggingarkrönum. Það samstarf hefur gengið einkar vel enda mikil eftirspurn á þeim markaði,“



Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri Verkfæra ehf., segir starfsfólk fyrirtækisins hafa mikla reynslu í útflutningi og því fengið góðan aðgang að viðskiptum með vinnuvélar og tengdan búnað að utan þegar innflutningur á slíkum tækjum hófst hjá fyrirtækinu.

lýsir Ólafur. Hann bætir við að Verkfæri ehf. sé nýlega búin að fjárfesta í iðnaðarhúsnæði þar sem hægt er að standsetja ný tæki og búnað sem fyrirtækið flytur inn. „Til stendur að vera með fasta menn til að sinna þjónustu við tæki frá okkur en við höfum einnig átt gott samstarf með fyrirtækjum eins og Hraðberg ehf. og Hamar hf. þar sem þeir eru með sérfræðinga á hverju sviði.“

TEREX

TOPCON

engcon



Verkfæri ehf. Akralind 3
201 Kópavogur
Sími: 544 4210
info@verkfaerihf.is
www.verkfaerihf.is

Verkfæri ehf. hefur nýlega gert samninga við fjölda stórra birgja um sölu á tækjum þeirra og þar má nefna Terex Construction, Terex Cranes, Topcon og Engcon.

4-hjóla stýrðar hjólaskóflur - tilbúnar í snjómoksturinn



Vinsælasta snjómokstursvélin frá KRAMER var að koma í hús, hlaðin aukabúnaði. T.d. 40 km aksturshraði, 4hjólástýri, framhjólástýri og krabbastýri, PowerFlow glussakerfi og aksturshraði stillanlegur óháð mótoraða.

Komið og reynsluakið glænýrri KRAMER 8085 hjá okkur að Krókhálsi 16.



**WACKER
NEUSON**

Wacker Neuson býður upp á réttu tækin í alla almenna jarðvegsvinnu og garðaumhirðu



Smágröfur og beltagröfur
frá 800 kg upp í 15 tonn.
Hjólagröfur upp í 10 tonn.



Beltavagnar upp í 3 tonn og
hjólavagnar (dumperar) upp í 10 tonn.
Allt sem viðkemur jarðvegsvinnu.



Þjöppur, vibratarar, brotvélar, steinsagir, glattarar.
Allt sem viðkemur steypuvinnu og þjöppun.



Fjór hjólástýrðir skotbómulyftarar. Einstaklega liprir
og stöðugir. Fáanlegir með lyftigetu allt að
5,5 tonnum og lyftihæð allt að 9,0 m.



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Þurfa bara að geta sagt Ferguson

Fergusonfélagið er félag áhugamanna um Ferguson eins og nafnið gefur til kynna. Þó eru allir áhugamenn um vélar og tæki velkomnir.

Fergusonfélagið snýst um gamla, skrítna kalla sem hafa áhuga á gömlum vélum og sögunni,“ segir Jón Ingimundur Jónsson, formaður Fergusonfélagsins, í léttum dúr. „Félagið er kannski fyrst og fremst komið til vegna tilfinninga. Upphafsmáður þessa félagskappar, Ragnar Jónasson, var í sveit sem strákur og fékk þá að snerta á slíkum grip, gömlum og gráum bensín-Ferguson. Þessi upplifun lifði svo með honum þar til á fullorðinsárum. Þá fór hann að víða að sér efni og upplýsingum og eignaðist svona vél. Árið 2006 kom hann af stað heimasíðu sem hann kallaði Fergusonfélagið og ári síðar var félagið stofnað.“

Allir með

Á fyrstu árum félagsins var einblínt á Ferguson og það sem viðkom þeirri tegund en Jón Ingimundur segir félagsmenn hafa linast í taumnum með árunum og öðrum hleypt að sem eiga aðrar tegundir. „Núna er eina inngönguskilyrðið að geta sagt Ferguson!“ segir hann og hlær. „En án alls gríns þá er þetta orðið þannig. Við vorum fyrst að reyna að vera bara Ferguson en ef fólk hefur gaman og ánægju af þessu þá er það velkomið. Við erum,

allir félagsmenn, áhugamenn um vélar og búsögu almennt. Þetta er jafnvel farið út í að vera menningarfélag líka. Við höfum safnað saman sögu Ferguson og verið í sambandi við Búnadarsafnið á Hvanneyri. Bjarni Guðmundsson, forstöðumaður safnsins, hefur meðal annars gefið út Ferguson bókina sem er eins og gefur að skilja merkileg fyrir okkur,“ útskýrir Jón Ingimundur.

Ferguson á Wings and Wheels

Fundir eru haldnir reglulega yfir vetrartímamann í félaginu og segir formaðurinn félagsstarfið alltaf vera að þéttast. Meðal annars hafi félagar tekið þátt í bæjarhátíðinni Í túninu heima í Mosfellsbæ í sumar. „Á þeirri hátíð voru menn að ýta úr vör fornvélasýningunni Wings and Wheels og var okkur í Fergusonfélaginu boðið að vera þátttakendur. Við smeygðum okkur þar inn og keyrðu sautján traktorar af ýmsum tegundum um bæinn. Þetta mæltist vel fyrir og því verður áframhald á þessu. Á sýningunni var alltaf eitthvað af fólki í kringum traktorana allan daginn. Það er fyrst og síðast nostalgía sem dregur fólk út í þetta hjá okkur og svo einhver áhugi á



Jón Ingimundur Jónsson, formaður Fergusonfélagsins. MYND/STEFÁN

að skíta út á sér puttanna við að gera við vélar,“ segir Jón Ingimundur og brosir.

Rúmlega tvö hundruð manns eru í Fergusonfélaginu og eru félagsmenn nokkuð dreifdir um landið. Á fundina í Reykjavík á veturna koma um fjórutíu til sextíu manns að sögn Jóns Ingimundar. „Það er alltaf einhver fastur kjarni hjá okkur og eru flestir af þeim að fást við að gera einhverjar vélar upp. Handbragðið hjá mörgum er alveg ótrúlegt og þetta eru þvílíkir snillingar,“ segir hann og brosir. Hann bætir við að Ferguson sé góð fjárfesting enda lifir tækið heilan mannsaldur. „Það er enn verið að nota vélar sem voru framleiddar í kringum 1960 og mikið af Ferguson traktorurum sem voru framleiddir í kringum sjötíu.“

Áhugamálið er alls ekki ódýrt



Núverandi stjórn félagsins: f.v. Þór Marteinnsson ritari, Jón Ingimundur Jónsson formaður, Ragnar Jónasson, stofnandi félagsins og umsjónarmaður heimasíðu þess, Sigurður Skarphéðinsson, gjaldkeri Fergusonfélagsins.

en traktorshræ kostar að sögn Jóns Ingimundar ekki minna en eitt til tvö hundruð þúsund krónur. „Ef tækið er að einhverju leyti í lagi kostar það hundruð þúsunda og ég myndi telja að það kosti um milljón að gera upp traktorshræ. Það er kostnaður við þá varahluti sem vantar, einnig þarf að kaupa lakk og fagvinnu sem ekki er hægt að vinna sjálfur. En menn eru mikið að hjálpa hverjir öðrum og græja þetta sjálfir, versla á netinu og ebay.“



Nýuppgerð Massey Ferguson 135 vél félagsmanns.

Nánari upplýsingar um Fergusonfélagið má finna á Facebook og á heimasíðu félagsins.

Ert þú að láta lesa af ökuritakortinu þínu ?

Með vísan í 27. gr. laga 605/2010

Gögn á ökumannskorti

- Gögn skulu flutt mánaðarlega af ökumannskorti og rafrænum ökurita til öruggrar vörslu

Kortalesarinn



- með logo fyrirtækis á skjá
- íslenskt viðmót
- sjálfvirkur
- vistar gögn tryggilega á svæði leigjanda

Tvær leiðir í boði

Pakki A

5.990 kr. án vsk

Innifalið:

- Uppsetning
- Kennsla
- Eigið logo á biðskjá
- Gögn vistuð á ykkar svæði

Pakki B

6.490 kr. án vsk

Innifalið:

- Uppsetning
- Kennsla
- Eigið logo á biðskjá
- Gögn vistuð í gagnageymslu IGF

Við bjóðum einnig upp á ráðgjöf og kennslu ásamt búnaði til að lesa af ökuritum.



FMS57752 EMS542753

gamur@gamur.is

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

Gufunesi gamur.is 577 5757

Kíktu á úrvalið hjá okkur



engcon



Mikið úrval af aukahlutum

NMS snjóblöð

Gæði og gott verð



Holms / Stark

V-plógar, blöð, snjóskóflur og snjóblásarar




Mega rafmagnsbílar

Flottir rafmagnsbílar fyrir þjónustufyrirtæki - Góð reynsla á Íslandi - Polir rafsegulsvið



Vibra Ripper / Brio

Fyrstir með Vibra Ripper á markaðinn - Anti Vibration - Tilboðsverð



HIMOINSA



Verkfæri ehf bjóða nú upp á rafstöðvar frá Himoinsa

WWW.VERKFAERIEHF.IS



Italdem vökvafløygar

Vökvafløygar á góðu verði
Varahlutir í allar gerðir af fløygum



NMS vagnar og hooklift

Vagnar fyrir hjólagöfur og traktora
Vagnar fyrir bændur - Margar útgáfur
Sterkir og hentugir fyrir íslenskar aðstæður



Þreföld sölaukning á milli ára

Horfur á vinnuvélamarkaði hafa breyst á skömmum tíma. Innflutningur hefur aukist jafnt og þétt hjá Kraftvélum og verkefnastaða félagsins er góð. Flaggskip Kraftvéla í vinnuvélum eru Komatsu og Sandvik, tvö heimsþekkt gæðamerki.

Innflutningur á vinnuvélum hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár hjá Kraftvélum en markaðurinn tók mikla dýfu eftir hrun. Flaggskip Kraftvéla í vinnuvélum eru Komatsu og Sandvik og segir Viktor Karl Ævarsson, sölu- og markaðsstjóri Kraftvéla, að vinnuvéla-sýning fyrirtækisins í ágúst gefi fyrirheit um góða tíma framundan. „Á sýningunni afhendum við t.d. nýjan forbrjót til Suðurverks sem verður notaður í Norðfjarðargöngin fyrir austan. Þetta er fyrsti brjóturinn sem við seljum síðan árið 2008 og kostar tugi milljóna. Á sömu sýningu afhendum við líka 24 tonna Komatsu beltagröfu til Ingileifs Jónssonar. Við erum svo að afhenda fleiri Komatsu vélar á næstu vikum, t.d. fleiri beltagröfur, hjólagröfur, jarðýtu, smágröfur og fleiri tæki. Það er svo sannarlega að lifna yfir markaðnum, opinberar innflutnings-tölur sýna það og okkar sölutölur eru í samræmi við það og jafnvel umfram þannig að við erum kátir.“

Komatsu er heimsþekkt japanskt gæðamerki sem er vel þekkt hér á landi. Sandvik er sænskt og eitt stærsta fyrirtæki heims á sínu sviði og hafa námutækin frá þeim m.a. verið notuð við mörg af stærstu verkefnum hérlendis, t.d. við framkvæmdir vegna Kárahnjúkavirkjunar, Héðinsfjarðarganga, Búðarháls-virkjunar, Vaðlaheiðarganga og Norðfjarðarganga.

Mikil eftirspurn

Nýr Iveco Eurocargo er síðan væntanlegur í hús um áramótin að sögn Viktors. „Eurocargo sendiferðabíllinn er hentugur fyrir hvaða flutningsaðstæður sem er í á sviði miðlungs vörumeðhöndlunar enda með frábæra hreyfigetu og breiða vörulínu. Iveco hafa verið að uppfæra allar vörulínur sínar og Eurocargo er sá síðasti í röðinni sem fær nýja útlitið. Hann verður með sparneytnari vél en áður, ríkulegri staðalbúnað en áður, uppfært öikumannshús og margt fleira. Hann er fánlegur frá 6 til 19 tonna þótt algengasta stærðin sé á bilinu 10-15 tonn. Þótt hann komi í hús um áramótin og hafi lítið verið kynntur höfum við strax fengið nokkrar pantanir.“

Aukin markaðshlutdeild Iveco undanfarin ár hefur vakið athygli og er framleiðandinn orðinn alvöru spilari á markaðnum að sögn Viktors. „Við tókum við umboðinu árið 2010 en fórum að sinna því fyrir alvöru þremur árum síðar. Sem dæmi má nefna að árið 2013 fluttum við inn þrjá bíla, ári síðar var talan komin upp í níu bíla og í ár höfum við nú þegar flutt inn 22 bíla en heildartalan stefnir í rúmlega 30 bíla áður en árinu lýkur. Við erum eðlilega mjög sáttir við þessa þróun enda mikil eftirspurn eftir þessum gerðum bíla. Iveco býður upp á breiða vörulínu, allt frá 3.500 kg sendiferðabílum upp í stóra vörubíla þannig að vörurvalið er klárlega til staðar.“



Óskar Sigurmundason, sölustjóri atvinnubíreiða, og Viktor Karl Ævarsson, sölu- og markaðsstjóri Kraftvéla.

MYND/GVA



Vinnuvélasýning Kraftvéla í ágúst var vel sótt.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Tækin sem voru afhent á sýningunni í ágúst, Komatsu PC240LC-10 og Sandvik forbrjótur.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Nýr valkostur

Meðal nýjunga hjá Kraftvélum er 4x4 Iveco Daily sem hentar sérstaklega vel fyrir hjálparveitir og sveitarfélög til notkunar við fjölbreyttar aðstæður. „Við höfum ekki áður boðið upp á 4x4 bíl en Benz hefur verið áberandi á þessum markaði hingað til. Þessi bíll er á stærri dekkjum og er upphækkaður. Við höfum ekki kynnt hann formlega en góðar fréttir spyrjast fljótt út og margir hafa haft samband við okkur og vilja prófa hann. Þegar hann kemur til landsins munum við flakka um landið og leyfa meðlimum hjálparsevta og starfsmönnum



Nýr 4x4 Iveco Daily sem verður kynntur til sögunnar eftir áramót.

MYND/ÚR EINKASAFNI

um sveitarfélaga að prófa hann. Hann kemur í nokkrum stærðum sem hæfa mismunandi hópum og nú hafa kaupendur í þessum vöruflokki góðan valkost.“

Kraftvélur þjónusta allar vinnuvélar sínar enda með 20 starfsmenn á verkstæðinu. „Við kappkostum að þjónusta alla viðskiptavini okkar mjög vel og leggjum mikinn metnað í það. Neyðarnúmer okkar er opið allan sólarhringinn auk þess sem við höfum umboðsaðila um allt land til að sinna einfaldari viðgerðum.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.kraftvelar.is.



Vandaður frágangur á Iveco Stralis dráttarbilum.

MYND/GVA

IVECO

Kraftur-öryggi-ending



Nýr IVECO Eurocargo - Sendiferðabíllinn sem borgin elskar

Helstu kostir nýja Eurocargo bílsins

- Nýtt útlit með minni vindmótstöðu og allt að 8% lægri eldsneytiseyðslu
- Díóðu dagljósabúnaður sem staðalbúnaður og Xenon ökuljós sem aukabúnaður
- Umferðarskynjari í framstuðara með neyðarhemlun (AEBS)
- Akreinaskynjari í framrúðu (LDWS)
- Ökumannshús með meiri þægindum fyrir ökumanninn, svo sem fullkomnari stýrishjól með takkabúnaði til að stjórna síma, tölvu bílsins og útvarpi. Lúxus ökumannssæti með loftfjöðrun og öðrum þægindastillingum. Fáanleg er innbyggð loftkæling fyrir ökumanninn. Stór geymslukassi er á milli sæta með ýmiskonar tengingum fyrir síma tölvu ofl. Fatahengi á þili milli sæta, glashaldarar, 7" tölvuskjár í mælaborði fáanlegur sem aukahlutur og einnig símafesting með USB hleðslutengingu.
- Léttari bíll með meiri burðargetu
- 7 vélastærðir, 160-320 hestöfl
- 9 stærðir frá 6-12 tonna heildarþunga með einu þrepi upp í bílinn
- 6 stærðir frá 12-19 tonn með 2 þrepum upp í bílinn
- 2 gerðir í 4x4 útfærslu stærðir 11 og 15 tonna
- 4 húsgerðir, einfalt daghús, kojuhús bæði hátt og lágt og vinnuflokkahús með sætum fyrir 6 farþega
- Fáanleg hjólabíll frá 2.790 mm upp í 6.570 mm
- Aflúttak á gírkassa og vél fáanlegt sem aukabúnaður



Heildarlausn fyrir jarðvinnuverktaka

Sala, þjónusta og varahlutir

KOMATSU



Atlas Copco

DYNAPAC



MILLER



**Ram
mer**



SANDVIK



KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Stoltir af því að vera „trökkdræver“

Óskrifaðar reglur vörubílstjóra á þjóðvegum eru ekki margar en oft blikka þeir ljósunum hver til annars þegar þeir mætast og veifa kankvíslega. Samfélag bílstjóranna er samheldið en vissulega metast menn um hvaða bílategund er best og halda sig við sína. Einmanaleikinn varð til þess að sumir þeirra tóku upp puttaferðalanga á löngum ferðum til þess að spjalla við og fá félagsskap.

Tillitssemi í umferðinni einkennir flesta vörubílstjóra að mati Stefáns Ásgrímssonar, ritstjóra hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB. Hann segir samfélag þeirra vera samheldið en Stefán keyrði tankbíla hjá Esso á árum áður. „Það voru sumir sem voru mjög ánægðir og stoltir af því að vera „trökkdræver“ og skilgreindu sig þannig. Einn vinnufélagi minn hjá Esso hafði menntað sig ágætlega en vildi bara vera í þessu. Einhvern tíma á leið minni norður á Akureyri blikkar hann á mig ljósunum á flutningabílnum sínum. Þegar við mætumst stoppar hann, segir lítið annað en bara „sæll“ og réttir mér vélrituð blöð inn um gluggann. Við keyrum svo áfram sinn í hvora áttina. Þegar ég fór að skoða þetta betur sá ég að hann hafði setið inni á Hótel KEA og dundað sér við það að þýða og taka saman lista yfir slanguryrði frá bandarískum trukkabílstjórum. Þar voru löggur kallaðir birnir, „bears“, og ef þeir voru á þyrlu þá voru þeir „bear in the air“. Svo þegar menn fóru til að taka eldsneyti þá sóttu þeir „gogo



Stefán Ásgrímsson hafði það lengi sem sumarstarf að keyra vörubíla. Honum líkaði það vel og kynntist mörgum góðum mönnum í bransanum.

juice“ eða „motion lotion“, segir Stefán og hlær en hann segist halda að vinnufélaginn hafi látið hann hafa þýðingarnar til að koma honum inn í taktinn og tóninn í starfinu.

Minn er betri en þinn

Stefán tók meiraprófið nýfluttur heim úr námi. Til að geta verið fljótari að koma þaki yfir höfuðið vann hann sem vörubílstjóri

á sumrin en á veturna var hann kennari. „Þetta var fínur tími hjá Esso, góður vinnustaður og vel farið með mann. Ég kynntist þarna mörgum ágætum mönnum sem ég hélt sambandi við lengi á eftir.“

Flestir bílar Esso voru keyptir í gegnum Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) en að sögn Stefáns var Sambandið sem hafði verið stórt í bílainn-

flutningi, á fallanda fæti á þessum tíma. „Þetta voru fyrst og fremst bandarískir og breskir vörubílar, frá General Motors og bílar sem hétu International og GMC Astro, mjög tilkomumiklir bílar. Þeir voru erfiðir í viðhaldi og Sambandið orðið framlágt og gat ekki haldið uppi varahlutalager þannig að rekstraröryggi þessara bíla var ekki svo gott. Þá skiptu þeir yfir í eina tegund, MAN. Ég man að þegar ég kom af International eða GMC yfir í MAN var það eins og að koma úr Trabant yfir í Rolls Royce, hann var svo þægilegur,“ útskýrir Stefán.

Í framhaldi af þessari umræðu var Stefán spurður að því hvort metingur væri ekki algengur á milli vörubílstjóra um hvaða bílategund væri best. „Jú, auðvitað, menn bera hag sinnar tegundar fyrir brjósti.“

Tvíkúplandi með puttaferðalanga

Eftir nokkurn tíma í starfi komst Stefán að því að starf vörubílstjórans er yfirleitt einmanalegt. „Mér fannst leiðinlegt að vera alltaf húkandi einn þannig að ég sat um alla puttaferðalanga

og tók þá með til að hafa einhvern að tala við. Þegar maður situr og hlustar á misgóðar útvarpsstöðvar sem spila allar sömu lögin og útvarpsmennirnir bulla um veðrið og klukkuna verður það þreytandi til lengdar. Puttaferðalangarnir voru margir andskoti skemmtilegir og ágætir,“ segir hann og brosir.

Stefán byrjaði í vörubílabransanum árið 1983 og var í honum á sumrin allt til ársins 1988 þegar hann fór í blaðamennsku. „Nýbúið var að endurreisa gamla Tímann og ég heyrði það utan að mér að Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur hefði verið fenginn til þess að koma honum á koppinn. Einhverju sinni á leið minni á trukknum sé ég Indriða, stoppa hann og segi við hann að ég vilji fá vinnu hjá honum. Hann spyr mig á móti hvað ég kunni og ég segi: „Ég er með meirapróf og þennan bíl þarf ég að tvíkúpla bæði upp og niður og geri það með miklum sóma þannig að það brakar aldrei á milli gíra.“ „Já,“ sagði Indriði, „getur þú komið á mánudaginn?“,“ segir Stefán og hlær dátt.



Vantar þig nýtt eða notað atvinnutæki?

Sérhæfum okkur í sölu og innflutningi á vinnuvélum, vörubílum og dráttarvélum.



Hafðu samband og fáðu tilboð í tækið sem þig vantar.

Traust og góð þjónusta.

B.STURLUSON

B.Sturluson ehf • Sala á atvinnutækjum • Vagnhöfði 9
110 Reykjavík • 577 11 89 – 774 11 88 • www.trucks.is

Vorum að fá nýja sendingu

af vinnuvéladekkjum og vörubíladekkjum, búkolludekk-hjólaskófludekk ofl, höfum einnig boddýhluti og ljós fyrir vörubíla.




Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík
s: 696 1050 • okspares@okspares.is

Verktakar, Iðnaðarmenn, Húsbílaeigendur



Eigum til á lager hljóðlátar og handtækar rafstöðvar frá 0.7KVA upp í 3 KVA.

Getum einnig útvegað rafstöðvar frá 6 til 1000 KVA.



Startarar og alternatorar

Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar. Höfum einnig varahluti í alternatora og startara



55ár í þjónustu við bílaeigendur!



Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljusboginn@ljusboginn.is



Eini framleiðandinn á íslenskum markaði sem hefur leyfi til þess að merkja framleiðlu sína með gæða stimplinum „HARDOX IN MY BODY“.



Skoflur.is

látum verkin tala.

Íslensk framleiðsla í 33 ár = þekking og reynsla

Smíðum á allar stærðri véla og gerum upp eldri stykki



Mercedes-Benz Sprinter

Óslitin sigurganga í tuttugu ár

Sprinter er flaggskip ört stækkandi sendibílaflota Mercedes-Benz. Sprinter er vinsæll atvinnubíll og ekki að ástæðulausu þar sem hann er traustur, með mjög góða aksturseiginleika og eyðslugrannar vélar.

Mercedes-Benz Sprinter fagnar tuttugu ára afmæli á þessu ári en þessi vinsælasti atvinnubíll þýska bílaframleiðandans kom fyrst á Evrópumarkað árið 1995. Í tuttugu ár hefur Sprinter átt mikilli velgengni að fagna víða um heim, ekki síst þar sem hann hefur reynst mjög áreiðanlegur og fjölhæfur auk þess sem hann þykir vel hannaður og prýðisgóður í akstri. Sprinter er vinsæll atvinnubíll og ekki að ástæðulausu. Hann er traustur, með mjög góða aksturseiginleika og eyðslugrannar vélar.

Sprinter er flaggskip ört stækkandi sendibílaflota Mercedes-Benz sem telur einnig hina spræku og vinsælu Vito og Citan. Þegar Sprinter kom fyrst á markað árið 1995 var hann frumkvöðull í flokki atvinnubíla Mercedes-Benz. Hann var fyrsti atvinnubíllinn frá bílaframleiðandanum sem fékk sjálfstætt nafn en áður höfðu módelin einungis borið tölustafi. Fyrsta árið framleiddi verksmiðja Mercedes-Benz í Düsseldorf meira en hundrað þúsund Sprinter bíla. Nú tuttugu árum eftir að sendibíllinn kom fyrst af færibandinu í verksmiðjunni eru yfir 29 milljónir Sprinter bíla á götunum í yfir 130 löndum. Saga Sprinter er því sannkölluð sigurganga í tvo áratugi.

Vel búinn Sprinter

Ný kynslóð Sprinter kom á markað árið 2013 og bíllinn fékk þá nýtt útlit á framenda og breytta innréttingu. Bíllinn er með nýjan öryggisbúnað sem hjálpar ökumanni við ýmsar að-



Sprinter er vinsæll atvinnubíll og ekki að ástæðulausu. Hann er traustur, með mjög góða aksturseiginleika og eyðslugrannar vélar.



Sprinter fagnar 20 ára afmæli á þessu ári en þessi vinsælasti atvinnubíll þýska bílaframleiðandans kom fyrst á Evrópumarkað árið 1995.

Sprinter fagnar 20 ára afmæli á þessu ári en þessi vinsælasti atvinnubíll þýska bílaframleiðandans kom fyrst á Evrópumarkað árið 1995. Sprinter er í boði með með 2,2 lítra, fjögurra strokka dísilvél, með túrb-

ínu sem skilar frá 95 til 163 hestaflo og tugið er frá 250 til 360 Nm. Hann er einnig með afar kraftmikilli þriggja lítra V6 dísilvél með túrbínu sem skilar 190 hestöflum og tugið er 440 Nm. Vélar eru í báðum tilvikum sparneytnari en í eldri gerðum bílsins. Sprinter eyðir aðeins frá 6,3 lítrum á hundraðið.

Sprinter bílarnir eru margir hverjir búnir hinni framsæknu BlueEFFICIENCY tækni frá Mercedes-Benz sem dregur jafnt úr CO₂ losun og eldsneytisnotkun. BlueEFFICIENCY er tækni sem gerir bílinn þar af leiðandi hagkvæmari í

rekstri og umhverfisvænni. Hægt er að fá Sprinter í ýmsum úfærslum og stærðum sem gerir hann nánast klæðskerastíðinn af þörfum hvers og eins.

Stærsti framleiðandi atvinnubíla

„Sprinter hefur verið afar vinsæll og traustur bíll hér á landi sem og annars staðar og einn mest seldi bíllinn í sínum flokki um árabil. Við höfum mjög góða reynslu af Sprinter hér á landi og viðskiptavinir okkar hafa verið hæstánægðir með þennan öflugan bíl. Mercedes-Benz er stærsti framleiðandi atvinnubíla í heiminum í dag.

Bílarnir hafa verið afar vinsælir á Íslandi og söluhæstir í mörgum flokkum atvinnubíla,“ segir Agnar Daníelsson, sölustjóri atvinnubíla Mercedes-Benz hjá Bílaumboðinu Öskju.

Atvinnubílaeild Mercedes-Benz hjá Öskju hefur stækkað og eflst mjög á undanföllum árum og fyrr á þessu ári flutti hún í nýtt og glæsilegt húsnæði að Fosshálsi 1. Húsnæðið er alls 350 fermetrar og þar eru til sýnis vinsælustu atvinnubílar þýska bílaframleiðandans. Öll þjónusta við Mercedes-Benz atvinnubíla verður áfram í höfuðstöðvum Öskju að Krókhálsi 11.



46" breyttir Sprinter bílar. Þessi stærri breyting hefur verið vinsæl, sérstaklega fyrir ferðabjónustuaðila sem sérhæfa sig í ferðum um torfærar leiðir og um jökla landsins.

Breyttir Sprinter bílar reynast vel

Íslendingar hafa lengi verið framarlega í breytingum á jeppum ýmiss konar og notað breytta bíla við krefjandi aðstæður.

„Það þótti því rökrétt á sínum tíma að skoða þann möguleika að breyta Sprinter bílum fyrir stór hjól. Af raksturinn hefur skilað sér því nú þegar hafa margir einstaklingar, fyrirtæki, björgunarsveitir og fleiri látið breyta bílum fyrir sig. 33" og

35" breytingin er nokkuð vinsæl sem minni breyting. Hún hentar vel fyrir þá aðila sem þurfa aðeins meiri drifgetu en ella, meiri veghæð og fleira í þeim dúr. 46" breytingin er einnig vinsæl, sérstaklega fyrir ferðabjónustuaðila sem sérhæfa sig í ferðum um torfærar leiðir og um jökla landsins,“ segir Páll Halldór Halldórsson, sölustjóri vörubíla í atvinnubílaeild Bílaumboðsins Öskju.

„Jeppabjónustan Breytir ehf. hefur séð um flestar breytingar á þessum bílum og einnig hefur Arctic Trucks breytt nokkrum bílum. Bílarnir hafa reynst vel, eru léttir og sparneytnir og viðskiptavinir láta vel af aksturseiginleikum. Sumum þessara breyttu bíla hefur nú þegar verið ekið langt á annað hundrað þúsund kílómetra svo reynslan lofar góðu,“ segir Páll Halldór ennfremur.



35" breytingin er nokkuð vinsæl sem minni breyting.

Mercedes-Benz Sprinter

Vinnufélagi drauma þinna

Sprinter er flaggskipið í sendibílaflota Mercedes-Benz. Áreiðanlegur og fjölhæfur bíll sem gerir þína vinnu auðveldari, öruggari og árangursríkari. Fjölbreytt framboð öflugra og sparneytinna véla og nánast ótæmandi möguleikar á útfærslum og aukabúnaði auðveldar þér að gera Mercedes-Benz Sprinter að hinum fullkomna vinnufélaga.

Komdu í Öskju og reynsluaktu hörkuduglegum Sprinter. Við tökum vel á móti þér.



Mercedes-Benz



Rafn A. Guðjónsson, sölustjóri hjá RAG import - export, er ánægður með nýjan sérinnréttaðan 19 sæta Mercedes Benz Sprinter 519 Bluetec sem nýlega er kominn á götuna.

MYND/GVA

Hópfarabíll sem tryggir farþegum þægindi á við bestu fólksbíla

Sérinnréttaður 19 sæta Mercedes Benz Sprinter 519 Bluetec svarar kröfum markaðarins um vel búinn hópfarabíll.

Með auknum ferðamannastraumi eykst sífellt þörfin á nýjum og betri hópfarabílum, jafnt stórum sem minni. Minni hópfarabílar hafa löngum þótt þröngir og ekki eins vel búnir þægindum eins og stærri bílarnir, en kröfur markaðarins hafa leitt til þess að sífellt betur búnir bílar sjást nú á vegum landsins.

Einn slíkur er nýr sérinnréttaður 19 sæta Mercedes Benz Sprinter 519 Bluetec, með sætum fyrir 19 farþega auk sæta fyrir bílstjóra og leiðsögumann, sem er að fara á götuna þessa dagana. Það er fyrirtækið RAG import – export í Hafnarfirði sem flytur bílinn inn.

„Með þessum bíl erum við að svara kröfum markaðarins varðandi enn meiri þægindi,“ segir Rafn Arnar Guðjónsson, sölustjóri RAG. „Í grunninn er þetta venjulegur hópfarabíll frá Benz, en innrétting og búnaður eru síðan endurbættir í bílasmiðju í Póllandi sem hefur lagað bílinn að okkar óskum.“

Meiri hljóðeinangrun

Með því að klæða af alla málmfleti í bílnum verður bíllinn mun hljóðlátari og öll aukahljóð í akstri heyrast varla. Sætin í bílunum eru tvílit, í náttúrulegum leðurlit og miðjan með lituðu áklæði. Öll sæti eru með höfuðpúða og öryggisbelti. Sætin eru í þremur röðum, ein röð eftir bílnum hægra megin og tvöföld röð vinstra megin. Armpúði er við sæti að gangveg og til þæginda er hægt að skjóta ytra sætinu í tvöföldu röðinni út í gangveginn til að gefa farþegum meira

pláss í sæti. Gluggar eru með tvöföldu gleri sem eykur hljóðeinangrun og kemur í veg fyrir móðumyndun.

Farangurshillur eru fyrir ofan sæti, og neðan á þeim eru stýranlegir stútar fyrir loftflæði fyrir hvern farþega, lesljós og hátalari. Falleg viðarklæðning fyrir neðan farangurshillurnar gefur bílnum fagað yfirbragð og lúxustilfinningu. Loft er klætt Alcantara-áklæði sem er í stíl við aðrar klæðningar í bílnum.

Bíllinn er búinn tvöföldu kerfi loftkælingar, því til viðbótar við staðalbúnað bílsins hefur verið bætt við öflugu loftfrískunar- og loftkælikerfi frá Webasto, sem tryggir meiri vellíðan farþega á sólbjörtum sumardegum, en tryggir líka jafnt hitastig á köldum vetrardegi.

Góðir akstursegirleikar og hlaðinn búnaði

Þessi útgáfa af Sprinter er lipur í akstri og það finnst lítt í venjulegum innanbæjarakstri að þetta er til þess að gera langur bíll. Sex gíra handskiptingin er lipur og 3.000 cc vélin tryggir nægt afl við allar aðstæður.

Bíllinn er búinn sjónvarpi, bakkmyndavél, leiðsögukerfi, samlæsingum, rafdrifnum rúðuvindum, skriðstilli, aksturstölvu og fullkomnu útvarpi og hljómtækjum, svo fátt eitt sé nefnt.

Að utan hefur verið bætt við vindskeiðum á neðri brún hliða bílsins sem draga úr loftmótstöðu og verða til þess að óhreinindi dreifast síður upp á hliðar bílsins í akstri.

Við breytingarnar í Póllandi hefur farangursrýmið að aftan verið stækkað með því að nýta



Bíllinn er búinn sjónvarpi, bakkmyndavél, leiðsögukerfi, samlæsingum, rafdrifnum rúðuvindum, skriðstilli, aksturstölvu og fullkomnu útvarpi og hljómtækjum, svo fátt eitt sé nefnt.

rýmið til fulls það er allt klætt og varadeckinu er haganlega komið fyrir framan við farangursrýmið.

Gott verð

„Í þessari vel búnu útgáfu kemur bíllinn á mjög svo góðu verði,“ segir Rafn. „Eins og bíllinn stendur hér þá kostar hann 12,9 milljónir sem verður að teljast frábært verð fyrir svona vel búinn bíl. Við eigum síðan von á stærri útgáfu af þessum bíl í desember. Sá bíll er fjórútu sentímetrum lengri og fæst þannig skráður fyrir 24 farþega. Hann verður sjálfskiptur og þannig búinn kostar hann 14,7 milljónir króna.“



Við breytingarnar í Póllandi hefur farangursrýmið að aftan verið stækkað með því að nýta rýmið til fulls.



Sætin í bílunum eru tvílit, í náttúrulegum leðurlit og miðjan með lituðu áklæði. Öll sæti eru með höfuðpúða og öryggisbelti.

Laser

Eigum alltaf til Topcon lasera á lager - Gott verð - 5 ára ábyrgð
- Japönsk gæði og nákvæmni



GPS gröfukerfi

Gröfukerfi sem startar upp í Glonass - Tengist í GPS - Glonass og Galileo - Fullkomið kerfi í gröfur, jarðýtur, veghefla, malbikunarvélar og valta - Notendavænt viðmót



Landmælingar

- Topcon GR-5 (GPS/Glonass/Galileo/BDS)
- Topcon Hyper SR og V - Frábært verð
- Erum með Topcon GR5 og Hyper SR til prufu
- Erum að setja upp Network með NETG5



Flug/Drónar

Topcon MAVinci SIRIUS flugvél sem skannar á methraða

- Getur flogið í vindi, allt að 15 metrum á sekúndu
- Tekur fullkomnar myndir, jafnvel í rigningu
- Tekur á loft úr hendi

Topcon Falcon 8

- Fullkominn dróni með átta mótora
- Autoballance
- Tekur á loft úr hendi



BIM

Topcon BIM solution er heildarlausn fyrir framkvæmdir og hönnun - Topcon Laser scanner - Sjálfstillandi alstöð
- 3D Layout - Ókeypis Android og IOS app



Network

Verkfæri ehf. og Topcon setja upp NETG5 á Íslandi

Starf fyrir úrræðagóðar típur

Kristinn Sigurjónsson starfar sem flutningabílstjóri í Kanada og Bandaríkjunum. Hann er iðulega á ferðinni í tvær vikur í senn og býr í vel útbúnum bílnum á meðan. Hann segir trukkamenninguna í Ameríku æði sérstaka og töluvert vantraust ríkja milli bílstjóra.

Kristinn býr í litlu þorpi sem heitir Riverton í nálægð við Gimli í Kanada. „Ég flutti út árið 2010 því ég eygði enga framtíð uppi á Íslandi,“ segir Kristinn sem hefur unnið sem bílstjóri í um 25 ár. Hann er ekki með fjölskyldu sem gerir honum kleift að vera mun lengur á ferðinni en annars og því hentar honum starf flutningabílstjórans vel.

Spennandi að fara í sex vikna túra

Kristinn ekur svokallað „long haul“. „Þá fer ég hvert sem er og hvenær sem er,“ útskýrir Kristinn sem getur verið margar vikur á ferðinni í einu. „Lengsta ferðin með sama farm er líklega þegar ég fór frá bæ rétt við San Francisco alla leið til Toronto.“

Þegar Kristinn byrjaði fyrst að aka í Bandaríkjunum fyrir fimm árum fannst honum það afar spennandi og skemmtilegt. „Þá var ég upp í sex vikur að heiman en nú er ég aðeins eldri og þroskaðri og vil helst ekki vera meira en tvær vikur í burtu.“ Á milli túra er hann heima í einn til tvo daga. „Það er ætlast til þess að maður sé í vinnunni að minnsta kosti 24 daga í mánuði og svo fær maður tvær vikur í sumarfrí.“ Þegar

blaðamaður hvár yfir þessu vinnuálagi og spyr hvort launin séu í samræmi við það svarar Kristinn. „Launin eru mjög góð ef þú lítur á upphæðina, en kannski ekkert sérstök þegar þeim er deilt niður á þann tíma sem þú ert í burtu.“

Aldrei tómur bíll

Kristinn segir akstur bílsins mjög svipaðan úti og á Íslandi. „Helsti munurinn er líklega þær ofboðslega stífu reglur varðandi ýmislegt sem tengist akstrinum. Til dæmis um hvíldartíma og hraða. Þegar ég var að aka á Íslandi voru lög og reglur meira til viðmiðunar,“ segir hann glettinn. „Hér er bæði lögreglan en ekki síður fyrirtækin sjálf, mjög ströng á reglunum.“

Að öðru leyti liggi munurinn í vegalengdunum. „Heima ertu yfirleitt ekki burtu lengur en einn dag en hér keyrir maður með sama hlasið jafnvel í þrjá til fjóra daga.“

En hvað er hann að flytja? „Það er allt mögulegt. Þetta eru mikið franskar og kjöt sem fara suður til Bandaríkjanna en farmurinn til baka er af öllu tagi. Maður fer aldrei með tóman bíl til baka en stundum þarf maður hins vegar að aka



Kristinn Sigurjónsson við vinnubílinn. Í honum býr hann meira og minna flesta daga ársins.

allt upp í þúsund kílómetra til að finna næsta farm til að fara með til Kanada.“

En hvernig er að rata allar þessar vegalengdir? „Maður er með gps-tæki og þykka kortabók. Svo lærist þetta smám saman. Hér eru menn sem aldrei hafa notað gps og eru bara með þykkann bunka af kortum,“ svarar Kristinn.

Búið í bílnum

Þar sem bílstjórar þurfa iðulega að búa í bílunum sínum í lengri tíma eru þeir útbúnir með mun

stærri húsi en vaninn er á Íslandi og Evrópu að sögn Kristins. „Ég er með mjög gott rúm í bílnum. Þá er hann útbúinn ísskáp, örbylgjuofni, sjónvarpi og eldavélarhellu. Oft fer ég og versla í Walmart og útbý eitthvað í bílnum,“ segir Kristinn sem eldar mikið í bílnum. „Enda er rosalega dýrt á trukkastoppunum.“

Hins vegar sækja bílstjórnirni ýmsa þjónustu á trukkastoppin. „Maður fer þar til dæmis í sturtu, notar tækifærið til að faxa upplýsing-

ar vegna farmsins og þvær fót ef á þarf að halda,“ segir Kristinn en tvennt þykir bílstjórum mikilvægt að trukkastoppin hafi upp á að bjóða: „Annars vegar góðar sturtur og hins vegar ódýrt kaffi. Ef þetta er ekki í lagi fara sjoppurnar á hausinn. Það skiptir engu máli þótt olían sé sú ódýrasta. Þá er nefnilega þannig að bílstjórnir kaupa sitt eigið kaffi en fyrirtækin borga olíuna,“ segir hann og hlær.

Vantraust milli bílstjóra

Kristinn segist ekki kynnast mörgum bílstjórum á ferðalagi sínu. „Þetta er svo mikill fjöldi og maður hittir sjaldan sömu mennina tvisvar. Þá ríkir ofboðslega mikið vantraust á milli bílstjóra enda er mikið um þjófnaði. Það er verið að stela heilu og hálfu vögunum og bílunum. Manni er því uppálagt að blanda ekki of mikið geði við aðra og gefa ekki upplýsingar um áfangastað eða farm. Mér finnst Kanadamennirnir reyndar aðeins hjálplegri og opnari en Bandaríkjamennirnir,“ segir Kristinn og hefur einnig aðra skýringu á því af hverju fyrirtækin letji bílstjórana til að eiga samskipti. „Fyrirtækin hér úti eru gríðarlega stór, sum með 40 til 50 þúsund bíla. Menn fá borgað mjög mismunandi og því er ekki ýtt undir að fólk tali saman.“

Breyttir tímar

Stundum hefur Kristinn þó komist á tal við eldri bílstjóra sem hafa lengi verið í bransanum. „Þeir segja að farsímarnir hafi eyðilagt bílstjórasmáfélagið. Áður hafi menn aðeins haft samskipti í gegnum talstöðvarnar og þurft að stoppa á trukkastoppunum til að komast í síma. Þá var reyndar líka minni lúxus í bílunum og menn borðuðu alla jafna inni á stöðunum líka og þannig myndadist félagsskapur þar sem eldri mennirnir kenndu þeim yngri. Þetta er alveg dottið upp fyrir í dag.“

Þarf sérstakar típur

Inntur eftir því hvort þetta sé ekki einmanalegt starf segir hann svo ekki vera. „En ég held að það þurfi svolítið sérstakar típur í þetta. Þú þarft að treysta á sjálfan þig í þessu og vera úrræðagóður.“

En er ekki tilvalið að taka upp puttaferðalang til að fá félagskap? „Því miður má ég ekki taka slíka því ég er bara einn tryggður í bílnum. Um þetta gilda mjög stífar reglur og brottrekstrarsök ef upp kemst.“

Íslendingar á vegunum

Kristinn segir nokkuð um íslenska bílstjóra að störfum í Bandaríkjunum og Kanada. Þá sé einnig töluvert af Íslendingum í Gimli og íslensk menning mjög áberandi á svæðinu. En langar hann ekkert að snúa aftur heim? „Það á aldrei að segja aldrei, en eins og staðan er í dag kem ég ekki heim í náinni framtíð.“

BROTFLYGGAR



FRUM - www.frum.is

VÉLFANG kynnir

MSB-vökvabrotfleyga

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200
www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri



Hjólbarðar
fyrir vörubíla og rútur
frá BOSS og DUNLOP



Hafa margreynt sig við erfiðar
íslenskar aðstæður

B.STURLUSON

B.Sturluson ehf • Sala á atvinnutækjum • Vagnhöfði 9
110 Reykjavík • 577 11 89 – 774 11 88 • www.trucks.is



 **Hreyfiafl**

Vinnuvéladeild Vélfangs

Vélfang hefur verið umboðsaðili fyrir JCB vinnuvélar á Íslandi frá og með árinu 2009. Vélfang hefur hin síðari ár verið í fararbroddi hvað varðar sölu vinnuvéla. Vinnuvéladeildin selur fjölbreyttan búnað og tæki fyrir vinnuvélar til ýmissa nota.

JCB er rótgróid merki á Íslandi og hefur þjónað mörgum verktökum vel í gegnum tíðina. Við höfum jafnt og þétt byggt upp tengslanet okkar við eigendur og rekstraraðila JCB véla hvar sem er á landinu og erum með öflugra varahluta-, viðgerðar- og sölubjónustu í Reykjavík og á Akureyri,“ segir Sigurjón P. Stefánsson, sölustjóri hjá Vélfangi. Eftir hrúnárin margumtöluðu hefur Vélfang verið í fararbroddi hvað varðar sölu vinnuvéla. „JCB er til dæmis mest selda vinnuvélin á Íslandi síðustu þrjú ár og ræður þar bæði að JCB hefur verið mjög fram-sækið að koma með nýjungar til að gera vélarnar þægilegri, fjölbreyttari og ekki síst sparneytnari en eldri vélar, auk þess sem verðið er hagstætt.“ Nýlega afhenti Vélfang fyrstu vél af nýrri kynslóð af hinum vel þekktu minigröfum. „Hér er um að ræða JCB 67C-1 sem er 7 tonna beltagrafa á nýrri gerð af beltum frá Bridgestone það er stálkeðja með áboltað-



Vélfang tók þátt í skemmtilegu verkefni á Langjökli sumarið 2014.

ar gúmmíspyrnur en einnig er HKS Tilt búnaður á vélinni,“ lýsir Sigurjón.

Spennandi verkefni í Langjökli

Sumarið 2014 var leitað til Vélfangs með aðkomu að óvenjulegu verkefni sem þá var byrjað í Langjökli. „Ísgangagerð var hafin í Langjökli með græjum sem voru sérhannaðar héraendis, en þessar græjur skiluðu ekki tilætluðum árangri og allt stefndi í óefni



Sigurjón P. Stefánsson og Andri Þór Ólafsson hjá Vélfangi stilla sér upp við hlið öflugrar vélar frá JCB.

MYND/GVA

með gangagerðina. Þá komu verktakarnir að máli við okkur og óskuðu eftir hjálp við að finna græjur sem gætu unnið verkið,“ lýsir Sigurjón. Eftir töluverða yfirlegu lagði Vélfang til að nota vökvadrifna hjólafræsara frá Simex fyrirtækinu á Ítalíu og setja þá á JCB 8018 minigröfu. „Ákveðið var að byrja með einn fyrst og þetta gekk eftir, afköstin þrefölduðust strax fyrstu vikuna og var þá ákveðið að fá annan

og bæta annarri vél við og að endingu urðu Simex fræsarnir þrír og gekk verkið svo vel að ákveðið var að hafa göngin mun stærri og fjölbreyttari en til stóð í upphaflegum áætlunum,“ segir Sigurjón glaðlega.

Fjölbreytni í fyrirrúmi

Vinnuvéladeild Vélfangs selur fjölbreyttan búnað og tæki fyrir vinnuvélar til ýmissa nota. „Þar má nefna mjög vandaða og öflugra staurabora

frá Augertorque, brotflýga frá MSB, Tilt og Tiltrotora frá Engcon, HKS, Steelwrist og Roto-tilt. Þá erum við með umboð frá Chieftain sem framleiðir öflugra vagna og kerrur fyrir traktora og vörubíla,“ segir Sigurjón og bætir við að Vélfang sé einnig með allt sem þarf til að hreinsa snjó og hálkverja eins og til dæmis snjóplóga, snjóskóflur með hliðarvængjum, saltdreifara og fleira frá Trejon Optimal í Svíþjóð.

Skafftellskar nördasíður

Guðmundur Óli Sigurgeirsson, kennari á Kirkjubæjarklaustri, heldur úti tveimur skemmtilegum síðum á Facebook, Skafftellskar vinnuvélar og Bílar í Skafftellskýslu. Þar má finna sagnfræðilega fróðleiksmola um samgöngur á árum áður.

Þetta eru svolitlar nördasíður. Annars er orðið nörd jákvætt í mínum bókum, fólk sem grúskar og býr yfir heilmikilli þekkingu og margt snillinga þarna inni í að fást við vélar,“ segir Guðmundur Óli Sigurgeirsson, kennari á Kirkjubæjarklaustri, en hann heldur utan um síðurnar Skafftellskar vinnuvélar, og Bílar úr Skafftellskýslu á Facebook.

Guðmundur Óli segist þó ekki mikill hefamaður sjálfur þótt hann hafi alist upp á vélum eins og allir krakkar í sveit. Fyrst hafi hann sett upp síðuna Bílar úr Skafftellskýslu sem fljótlega varð vinsæl. Inn á hana dattu oft myndir af jarðýtum, gröfum og fleiri vinnuvélum og þá ákvað hann að opna sérstaka síðu undir þær, Skafftellskar vinnuvélar. Eftir það hafi síðurnar öðlast sjálfstætt líf.

„Mér þykir vænt um þessar síður, þarna fá allir að tjá sig, svo lengi sem þeir eru ekki með dónaskap, en það kemur nú ekki fyrir. Á þessum síðum liggur líka heilmikill fróðleikur. Þarna safnast inn skemmtilegur banki af myndum og samræðum. Ég er ekki frá því að þarna varðveitist og komi fyrir fleiri manna sjónir en ella

sagnfræðilegir fróðleiksmolar um samgöngur á árum áður. Þetta á ekkert erindi í bók, þetta þarf að vera lifandi vettvangur,“ segir Guðmundur Óli.

„Á síðunni Bílar í Skafftells-

”Ég er ekki frá því að þarna varðveitist og komi fyrir fleiri manna sjónir en ella sagnfræðilegir fróðleiksmolar um samgöngur á árum áður. Þetta á ekkert erindi í bók, þetta þarf að vera lifandi vettvangur.

sýslu má til að mynda finna merkilegar myndir og frásagnir af því þegar verið var að flytja vörur austur og vestur yfir Skeiðarársand áður en brúað var. Til dæmis er frásögn af því þegar verið var að flytja bíla frá Reykjavík og austur á Hornafjörð, vörubílar voru ferjaðir á tunnum yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi. Það vita það ekki margir í dag að svona þurfti að fara að hlutunum þá,“ segir Guðmundur Óli. „Þarna

má einnig finna myndir og frásagnir af gamalli vél, sem einhverra hluta vegna fékk nafnið Hóran. Þessi vél var notuð til merkilegra hluta, til framræslu í blautum mýrum og til að sjósetja báta við Dyrhólaey. Þá var hún einnig notuð til að draga niður vatnsveitur mjög víða. Allar vélar eiga sér sögu og margar fá einhvers konar viður-nefni. Fólk persónugerir gjarnan bæði vélar og bíla,“ segir Guðmundur.


Báðar síðurnar eru opnar og um fjórtán hundruð manns eru meðlimir á Bílar í Skafftellskýslu. Tæplega þrjú hundruð manns fylgja Skafftellskar vinnuvélar. Guðmundur segir greinilega hafa vantað vettvang fyrir þessi hugðarefni.

„Þarna geta menn gengið að sínum áhugamálum án þess að vera á kafi í auglýsingum en ég hendi mönnum út um leið og þeir reyna að auglýsa eitthvað til sölu. Ég hef þó séð í gegnum fingur mér í nokkra daga ef menn eru að auglýsa eftir varahlutum í fágætar vélar. Mér finnst afskaplega heillandi hvernig síðurnar lifa sjálfstæðu lífi. Ég sakna þess helst að ekki sé hægt að telja heimsóknir á þær á hverjum degi.“



Guðmundur Óli Sigurgeirsson kennari heldur úti síðunum Skafftellskar vinnuvélar og Bílar í Skafftellskýslu á Facebook.

MYND/GUÐMUNDUR ÓLI SIGURGEIRSSON



TEREX



Dumperar & traktorsgröfur

Traktorsgröfur á góðu verði - Til með jafnstórum dekkjum að framan og aftan - Ný útgáfa með stærri mótór



TEREX

Byggingarkranar

Mikið úrval af sjálfreisanlegum byggingarkrönum
Gott verð - Leiga / Kaup
Erum að fá CBR 40 krana á lager



Hjólaskóflur

Hjólaskóflur frá 5 til 8 tonn



Hjólagröfur

Hjólagröfur frá 7,5 til 11 tonn



Einn stærsti framleiðandi í heimi á hörpum og brjótum.
Heildarlausnir í efnisvinnslu.



Minigröfur

17 stærðir af mini- og midigröfum



Verkfæri ehf. • Akralind 3 • 201 Kópavogur • 544 4210 • www.verkfaeriefh.is



Frá vinstri Jóhann Rúnar Ívarsson þjónustustjóri, Kristinn Már Emilsson framkvæmdastjóri og Ólafur Árnason sölustjóri.

MYND/GVA

Volvo vörubifreiðar fá frábærar viðtökur

Brimborg fer með umboð Volvo atvinnutækja sem eru í eigu Volvo AB í Svíþjóð. Þar ber að nefna Volvo Trucks vörubifreiðar, Volvo CE vinnuvélar, Volvo Bus hópferðabifreiðar og Volvo Penta bátavélar. Nýverið bættist Renault Trucks í hóp þeirra vörumerkja sem Brimborg þjónustar og selur. Sala á atvinnutækjum hefur aukist talsvert. Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri atvinnutækjasviðs í Brimborg, segir að öll framleiðsla Volvo atvinnutækja sé undir ströngum gæðakröfum þar sem megingildin í hönnun og framleiðslu séu Quality, safety and environmental care, eða Gæði, öryggi og umhyggja fyrir umhverfinu.

Sala á atvinnutækjum er klárlega að aukast og færast í eðlilegra horf eftir hrun. Okkur hefur til að mynda gengið mjög vel í sölu á vörubílum og sem stendur erum við hjá Brimborg með 35% markaðshlutdeild á vörubílum yfir 12 tonn. Nýi FH bíllinn frá Volvo Truck hefur sannarlega slegið í gegn hér á landi og láta ökumenn einstaklega vel af aksturseiginleikum, þægindum og fallettri hönnun. Hinn nýi Volvo FH vörubíll hefur fengið fjöldann allan af verðlaunum og meðal annars hin virtu Red Dot hönnunarverðlaun,“ segir Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri atvinnubílladeildar í Brimborg.

Fjöldi nýjunga hjá Volvo Trucks – Dynamic Steering og Dual Clutch

„Hjá Volvo Trucks ber að nefna nýjungar sem mælst hafa einstaklega vel fyrir, til dæmis VDS eða Volvo Dynamic Steering en það er hjálparstýring í vörubílunum sem gerir það að verkum að bíllinn er léttur í stýri, rásfastari og ójöfnur í veginum leiða

ekki upp í stýrið. Þetta gerir það að verkum að bílstjórinn þreytist síður við aksturinn sem veldur því að athygli og öryggi bílstjóra og annarra vegfarenda eykst. Þá er I-Shift Dual Clutch girkassinn fyrir 13 l vélarnar nýjung. Girkassinn er með eiginleika sem ekki hafa sést áður í vörubílagæiranum en Volvo Trucks sótti innblástur í kappakstursbíla þar sem skipting milli gíra þarf að gerast á sem allra skemmstum tíma. Það gerir það að verkum að tog vélarinnar skilar sér mun betur við erfiðar aðstæður,“ útskýrir Kristinn.

„Brimborg afhenti á dögnum einn glæsilegasta, stærsta og öflugasta kranabíl landsins og þó víðar væri leitað,“ segir Kristinn. Þar er á ferðinni Volvo FH16 650 hestafla 8x4R + 2 á fimm öxlum með Globetrotter svefnhúsi, ábyggingin fór fram hjá Tyllis í Finnlandi og kraninn er HIAB 1058.

Aukning í sölu hópferðabíla

„Ferðaþjónustan er eins og allir vita í mikilli uppsveiflu og þá þarf eins og gefur að skilja að



Margeir Jónsson í Grindavík fær afhentan nýjan Volvo FH16 8x4R +2 kranabifreið frá Brimborg.

flytja túristana á milli svæða. Sala á Volvo rútum hefur gengið vel á þessu ári, en rútufloinn á landinu er orðinn gamall

og því mikil þörf á endurnýjun,“ útskýrir Kristinn. „Brimborg er í dag markaðsleiðandi þegar kemur að hópferðabifreiðum

sem eru með 41 sæti eða fleiri. Markaðshlutdeildin er 35% ef með eru taldir strætisvagnar og sérhæfðar flugvallarútur.“



Volvo 9900 er ein glæsilegasta rúta landsins.

Lúxus Volvo 9900 hópferðabifreið

„Nýlega seldum við Volvo 9900 48 sæta rútu í VIP útfærslu til Gray Line Iceland. Þetta er ein glæsilegasta rúta landsins. Sætin eru í hæsta gæðaflokki sem er í boði hjá Volvo Bus, einstaklega þægileg og fjölstillanleg. Hægt er að breikka bil milli sæta og meira pláss er á milli sætaraða, rafmagnstenglar eru við hverja sætaröð til að hlaða síma eða tölvur. Salernisaðstaða er í bílnum, gott hljóðkerfi, DVD kerfi og LCD skjáir, kælar fyrir drykkjaföng og aðstaða til þess að hella upp á kaffi og hita vatn í te. Þá er öll hönnun inni í rútnni fyrsta flokks. Volvo hópferðabifreiðar hafa þetta skandinavíska yfirbragð, snyrtilegt, stílhreint og glæsilegt,“ segir Kristinn.



Salernisaðstaða er í bílnum, gott hljóðkerfi, DVD kerfi og LCD skjáir, kælar fyrir drykkjaföng og aðstaða til þess að hella upp á kaffi og hita vatn í te.

Verkefnastaða betri hjá verkötökum

„Fyrirspurnir um vinnuvélar eins og hjólaskóflur, beltagröfur og hjólagröfur hafa einnig aukist mikið þar sem verkefnastaðan hjá verkötökum hefur batnað verulega undanfarin misseri. Talsvert líf er í markaðnum og ærin verkefni fram undan í vegagerð og öðrum verklegum framkvæmdum. Volvo vinnuvélar hafa reynst frábærlega, enda áratuga löng reynsla sem liggur að baki. Sem dæmi má nefna liðstýrðu truckkana frá Volvo CE, sem kallaðir eru Búkollur hér á landi, en þar er Volvo CE frumkvöðull og skrefi framur keppinautarnir,“ segir Kristinn.

Verkstæði Volvo atvinnutækja að Bildshöfða 6

Atvinnutækjaverkstæðið er tvískipt, annars vegar fyrir vörubíla og hópferðabíla og hins vegar vinnuvélar og bátavélar. „Við höfum undanfarið unnið að breytingum á verkstæðinu sem

hafa mælst vel fyrir hjá starfsmönnum og jafnframt okkar viðskiptamönnum.“ Kristinn segir áherslu lagða á snyrtilega umgengni og fagmennsku í þessum störfum, en þjálfun og endurmenntun starfsmanna skiptir miklu máli enda öll tækni er snýr að atvinnutækjum alltaf að aukast. Hjá okkur starfa menntaðir bifvélavirkjar, vélvirkjar og namar sem eru að mennta sig faginu. Brimborg er með þjónustuaðila víðsvegar um landið sem við getum beint okkar viðskiptavinum til.“

Að lokum vill Kristinn minna menn á nýtt símanúmer sem Volvo atvinnutækjasvið hefur fengið, en það er 515 7070 og hvetur hann aðila til að vera í sambandi ef þá vantar þjónustu eða aðstoð.

Nánari upplýsingar á www.brimborg.is.



Hægt er að breikka bil milli sæta í Volvo 9900 og meira pláss er á milli sætaraða, rafmagnstenglar eru við hverja sætaröð til að hlaða síma eða tölvur.



Volvo L180H hjólaskófla sem afhent var Alexander Ólafssyni ehf. í sumar.



ÚTVARPIÐ BESTI VINUR BÍLSTJÓRANS

Ein mesta áskorun sem atvinnubílstjórar standa frammi fyrir er að halda sér vel vakandi á löngum akstursleiðum. Þeir þurfa að halda athyglinni óskertri því annars er voðinn vís. Yfirleitt er útvarpið besti vinur bílstjórans. Tónlist leikur þar stórt hlutverk og ekki er verra að syngja með enda erfitt að dotta við það. Eins er gott að hlusta á fréttir, spjallþætti og lýsingar frá íþróttaviðburðum, allt eftir áhugasviði hvers og eins.

Margir bílstjórar hafa líka komist upp á lag með að hlusta á hljóðbækur og er hægt að komast yfir heilu bókaflökkana þannig. Sumir hafa líka dundað sér við að semja eigin sögur í huganum. Það er heldur ekkert að því að tala við sjálfan sig á leiðinni og sumum gagnast að spjalla við fólk í símann, en að sjálfsögðu þarf þá að styðjast við handfrjálstan búnað. Þá er gott að hafa eitthvað að maula á leiðinni og getur til dæmis verið sniðugt að hafa hnetur, popp eða stöku brjóstsykur til að stinga upp í sig.

Þá er nauðsynlegt að stoppa reglulega og ráð að reyna að liðka sig í leiðinni.



FYLGID RAUÐA BOLTANUM

Flutningabílar bandamanna streymdu í síðari heimsstyrjöldinni hlaðnir nauðsynjum gegnum Evrópu, eftir ákveðinni leið sem vörðuð var rauðum boltum eða punktum. Leiðakerfið var kallað Red Ball Express og var komið á eftir fund bandamanna sem stóð í 36 klukkutíma. Fyrstu trukkarnir óku af stað 25. ágúst árið 1944 og voru bílstjórnarnir að mestum hluta blökkumenn úr ameríska hernum. Þegar mest var fóru 5.958 trukkarnir eftir þessari leið með um 12.500 tonn af varningi á dag. Flutningarnir stóðu til 16. nóvember þegar hafnir í Belgíu voru opnaðar og tekist hafði að lagfæra einhverja járnbrautarteina gegnum Frakkland.

Hugtakið Red Ball hafði verið notað um hraðflutninga allt frá árinu 1892 þegar járnbrautarstöðin í Santa Fe tók að merkja lestir með forgangsfrakt og viðkvæman varning með rauðum punkti.

MIKILVÆGT AÐ LIÐKA SIG

Margir atvinnubílstjórar glíma við bakvandamál sem rekja má til mikillar kyrrsetu. Til að sporna við og draga úr verkjum er gott að stoppa reglulega og gera einfaldar styrktar- og teygjuæfingar og stunda auk þess líkamsrækt utan vinnu.

Hér eru nokkrar æfingar sem hægt er að gera nánast hvar sem er:

Bakbeygjur

Settu hendur á mjaðmir. Hallaðu þér aftur og haltu í fimm til tíu sekúndur. Endurtaktu fimm sinnum. Þessi æfing losar um hrygginn.

Frambeygjur

Settu hendur á mjaðmir og beygðu þig fram.



Ruggaðu þér svo fram og aftur í fimm til tíu sekúndur. Endurtaktu fimm sinnum.

Þessi æfing gefur teygju aftan á fætur og kemur blóðinu af stað.

Hnélyftur

Hallaðu bakinu upp að bílnum með útréttar hendur. Lyftu öðru hnénu upp og út til hliðanna. Gerðu eins með hitt. Endurtaktu í 30 til 60 sekúndur eða lengur. Með þessari æfingu reynir þú á magann og teygir á mjaðmasvæðinu.

Hálsteygjur

Teygðu á hálsi og hnakka með því að þrýsta höfðinu til hliðanna og niður með annarri hendinni. Láttu hina liggja niður með síðu á meðan. Haltu í fimm til tíu sekúndur. Endurtaktu fimm sinnum. Þessar teygjur losa um spennu sem gjarnan myndast í hálsi og öxlum á langri keyrslu.



Tímalaus máltíð

ORA Heimilismatur lætur tímann og hjartað ráða för því réttirnir eru tilbúnir á aðeins örfáum mínútum. Ljúffengir, hollir og fjölbreyttir réttir fyrir alla fjölskylduna.

Ding og maturinn er tilbúinn.

*Ferskir taktar
í tilbúnum réttum*

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



VW Sharan 1.8T Comfortline 4/2005 ek.168þús. Sjálfskiptur. Nýtt í bremsum. Ný tímareim. TILBOÐSVERÐ 990.000.-

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

ASKJA

NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ ML 500. Árgerð 2006, ekinn 120 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.161345.

ASKJA

NOTAÐIR BÍLAR



CADILLAC Escalade 4x4 luxury sports sedan. Árgerð 2010, ekinn 57 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.900.000. Rnr.991094.

Bílar til sölu

ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR

Skoda Octavia, Skoda Fabia, Partner, Berlingo, R. Clio, R. Megane, og fleiri Nánar á Facebook: Ódýrir Díselbílar Sími: 534-0000

Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-900þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

Sendibílar

Vörubílastöðin Próttur



Vörubílar - Kranabílar Sandur - Mold Jarðvinna Sími 577 5400

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglarðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315 & 699 6069.

Garðyrkja

GRÖFUPIÓNUSTA AUBERTS.

Allar stærðir af grófum með fleyg og jarðvegsbor, kranabílar, vörubílar, gámaleiga, hlöðum grjótkanta og útvegum holtgrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, grófum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum. Sími 892 1663.

STÓRA BÍLASALAN



Toyota Land Cruiser 100VX Árgerð 2003. Ekinn 229þ.km. Sjálfsk. Leður. Lúga. Gott eintak. Er á staðnum. Verð 2.590.000kr. Raðnr 134757. Sjá á www.stora.is.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is




Kia cee'd EX 1.6 diesel sjálfsk.. Árgerð 2014, ekinn 32 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.240688. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



HYUNDAI ix35 gls. Árgerð 2011, ekinn 91 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.161591.


ASKJA notaðir bílar Kletthálsi 2, 110 Reykjavík Sími: 590 2160 www.notadir.is



PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur Sími: 522 4610 www.bilauppbod.is



Vissir þú að? barnheill

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hjólbarðar




FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Varahlutir

JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA

Erum að rífa flestar teg. frá asú og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Ópið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð & sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málningar og múrþjónusta, getum bætt við okkur verkefnum. S: 8679196 og 7784709

Hitarar

Í rennur
Í vatnslagnir
Í tæki

Sumarið kom ekki! Undirbúðu þig fyrir veturinn

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



viftur.is

-andaðu léttar

Purrktæki

Öflug purrktæki í sumarhús eða heimili. Koma í veg fyrir sagga.

Tilboð 44.990

Blásarar

Öflugir blásarar til að auka þurrkun. Hægt að kaupa barka á blásara.

Verð frá kr. 34.990

Purrkbox

Einföld lausn til að lækka raka í gámum eða sumarvögnum fyrir veturinn.

3 box fyrir 2

Málarar

INNIMÁLUN

Get bætt við mig verkum innandyrá í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

Alhlíða málningarþjónusta. Sími 776-0000

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaflutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Parketslípun
sólfallslípun | parketlagningar
551 1309 / 690 5115
golfist@golfist.is
www.golfist.is

Gólfist

99% RYKFRITT

VANTAR ÞIG IDNAÐARMANN?



Við þjónustum þig með litil sem stór verk. Tímavinna eða tilboð. Sími 544-4444 / 777-3600 www.jaiðnaðarmenn.is

Hreinsa þakrennur, laga rið á þökum og tek að mér ýmis verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagningar og trésmíði. S. 616 1569

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

Önnur þjónusta



VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEDFERÐ.

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytnu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

Tímápanantir í síma 864-1273

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

KEYPT & SELT

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

Haut-útsala

Hitaveituskel 1850 L

Hitaveituskel 1650 L

Lok á heita potta, margar stærðir.

Heitirpottar.is • S. 777 2000

HÓTEL OG GISTIHEIMILI ATHUGIÐ - RÝMINGARÚTSALA.

Erum með rýmingarútsölu á vörum eins og handklæðum, lökum, sængum og fleira. Gæðavörur á hlægilegu verði.

Upplýsingar í síma 861-7375 eða ctc.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smíðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!

129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeryrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

www.lundurfasteignir.is

S. 690 3031 / 661 7000

TRÖNUHRAUN 10, HFJ.

Herb. með húsgögnum sér baðherb., neti, tv, aðgengi að sameiginlegu eldhúsi og þvottahúsi til leigu frá 01. okt - 01. maí. Uppl. í s. 899 7004 og bh@vigri.is

KJALLARAÍBÚÐ TIL LEIGU / LAUS 1. OKT.

Svæði 108, alls 60m2, sérinng., hálfniðurgrafin. Eingöngu reglusamt fólk. Uppl: 8601404.

Atvinnuhúsnæði

GÓÐ FJÁRFESTING

Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubíl í Steinhelli 14, Hfn. Góð lán, auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS

Ög ódyrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR

óskar eftir duglegum starfsmanni í eldhúsi. Í boði er hlutastarf sem hentar mjög vel með skóla. Góð laun í boð fyrir réttan aðila. Þarf að hafa náð 20 ára aldri.

Allar upplýsingar og ferilskrá sendist á 10dropar@gmail.com



Pípuþjónungamaður með sveinspróf eða maður vanur pípuþjónungnum óskast í fullt starf. Um er að ræða framtíðarstarf á góðum vinnustað. Sveinspróf í pípuþjónungnum æskileg. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á landslaginn@landslaginn.is og uppl. í s. 896-2908 Almar.

til sölu

Sérverslun með meðgöngu- og brjóstagjafafatnað

Fallegar konur á fallegum tíma

Útsölulok
allar vörur á **40-70%**

Hamborg 14, Kópavogi | sími 5517444 | mkm.is facebook.com/móðir kona meija

sauna.is
Fjárfesting í vellíðan

Castello Pizzeria

CASTELLO PIZZERIA
óskar eftir starfsfólki í hluta starf. 18 ára eða eldri með bílpróf. Hafðu samband á castello@simnet.is & s. 692 3051

HEIMILISHJÁLPA ÓSKAST!

Barngóð, sveigjanleg og heiðarleg manneskja óskast til að sjá um heimilisþrif á umfangsmiklu heimili. Starfstími sveigjanlegur en gjarnan kl 12-18 með möguleika á að geta verið einstaka kvöld með stálpuðum börnum heimilisins. Viðkomandi þarf að vera með eigin bíl til umráða. 70% starfshlutfall.

Vinsamlega sendið kynningarbréf til heimilishjalp@yahoo.com

STARFSMAÐUR ÓSKAST Á SMURSTÖÐ OG HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI.

Bilkó óskar eftir vönum mönnum eða með reynslu sem nýttist í starfi á smurstöð og dekkjaverkstæði. Framtíðarstarf í boði.

Áhugasamir hafi samband við Guðna í s. 618 0560

Kona: Viltu spjalla við heita karla í síma gegn góðu gjaldi? Hitaspjall.eu

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA Eða JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

TILKYNNINGAR

Einkamál

Kona: leitar þú skyndikynna? RauðaTorgið.is

ÍSLENDINGAR.EU

Nýr, frjálslýndur stefnumóta- og samskiptavefur, mjög sérstakur, sérsníðinn að stefnumóta- og samskiptamenningu Íslendinga. Almenn samskipti, stefnumót, makaleit, stundargaman, swingers (makaskipti) - blogg, dagbækur, hugrenningar, stöðufærslur - vefurinn dekkar regnbogann. Líttu við. www.islendingar.eu.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

fasteignir

LAUGALÆKUR 10 - FALLEGT ENDARAÐHÚS



OPÍÐ HÚS

OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUD. 29. SEPT FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00.

Höfum tekið í einkasölu glæsilegt 250 fm endaraðhús við Laugalæk. Aðalhæð: Elhús, anddyri, gestasnyrtung, stofur, útgengi úr stofu út á svalir og þaðan er stigi niður í garðinn. Efri hæð: Tvö barnaherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi, baðherbergi og sjónvarpsherbergi. Jarðhæð: Sérinnangangur, þar er nú þvottarhús geymslu og herbergi, en má auðveldlega gera séríbúð. Bílskúr fristandandi í lengju. Verð 75 milj.

Asparfell 2



OPÍÐ HÚS

OPÍÐ HÚS Á MORGUN MIÐVIKUD. 30. SEPT. FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00 - ÍBÚÐ 0403.

Mikið endurnýjuð 71,1 fm íbúð á 4 hæð. Skiptist í eldhús með nýrri innréttingu og parketi á gólfi, baðherbergi með baðkari, tvö herb., rúmgtott hjónaherb. með fataherb. innaf, og litlu barnaherb. með parketi á gólfi. Rúmgtott stofa með fallegu parketi á gólfi, útgengi út á stórar svalir úr stofu. Þvottarhús á hæðinni og sér geymsla í kjallara. Verð 25,9 milj.

Sólvallagata 66



OPÍÐ HÚS

OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUD. 29. SEPT. FRÁ KL. 18:30 TIL 19:00

Þar er til sýnis falleg 70,1 fm 3ja herb. íbúð með sérinnangi bakatil. Anddyri með flýsum og skáp. Forstofuherb. Stofa með parketi á gólfi, eldhús með ágætri innréttingu. Rúmgtott hjónaherbergi með skáp. Sameiginleg þvottarhús, gengið inn úr anddyri. Verð 28,7 milj.



VALHÖLL FASTEIGNASALA

Allar uppl. um eignirnar veitir Heiðar lögg. fast. í s: 693-3356 eða heidar@valholl.is





HAFNARFJÖRÐUR

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Breytingar á deiliskipulagi

Stekkjarberg 9 í Miðhverfi Setbergs

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 22. september 2015 að auglýsa að nýju tillögu að breytingunni í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem formgalli var á fyrri auglýsingu. Breytingin felst í því að í stað byggingarreits fyrir allt að 1000 m² einbýlishús eru gerðir byggingarreitir fyrir þrjú raðhús og eitt parhús ásamt bílgeymslum á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verður 0.36. Brugðist hefur verið við athugasemdum við fyrri auglýsingu með því að minnka byggingarmagn. Jafnframt hefur byggðin verið færð enn fjær friðlýsta svæðinu.

Óseyrarbraut 22, deiliskipulag Suðurhafnar

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 22. september 2015 að auglýsa tillögu að breytingunni samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að byggingarreitur lóðarinnar er stækkaður til vesturs og norðurs þar sem fyrirhugað er að reisa skrifstofu- og starfsmannaáðstöðu.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhelli 2, frá 29. september til 11. nóvember 2015. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á forsiðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar eigi síðar en 11. nóvember 2015. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytingarnar innan tilskilins frests, teljast samþykkir þeim.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar



FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Langalína 2 - Sjálandi Garðabæ. 3ja herbergja íbúð

Eignin verður til sýnis frá kl. 18.00 – 18.30

Mjög falleg 106,7 fm. íbúð á 1. hæð að meðtaldri 7,9 fm. geymslu í nýlegu lyftuhúsi, ásamt sér bílastæði í lokaðri bílageymslu. Um er ræða óvenju rúm-góða íbúð með fall-egum samstæðum eikarinnréttingum og parketi og flísum á gólfum. Mjög stórir og bjartir gólfstíðir gluggar í stofu og eldhúsi. Tvennar svalir og eru aðrar þeirra mjög stórar. Verð 39,9 millj. Íbúð merkt 0101. Verið velkomin.



OPIÐ HÚS

Yfir 13.000 eignir á skrá



fasteignir.is á visir.is



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



Finnogi
Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Langalína 13 - glæsileg efsta hæð



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag frá kl. 18:15 - 19:00.

Glæsileg 126 fm íbúð á efstu hæð í vönduðu lyftuhúsi, stæði í bílageymslu fylgir. Íbúðin er með þrem herbergjum og opinni stofu og eldhúsi með sérlega mikilli lofthæð. Suðvestursvalir með útsýni. Parket á gólfum, snyrtileg sameign. Verð 45,9 millj.

Frekari upplýsingar veitir Finnogi, 895-1098.

Njálsgata 59 - 4ra herbergja



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag frá kl. 17:00 - 17:30.

Vel skipulögð um 103 fm íbúð á 3. hæð í góðu steinhúsi í miðborginni. Íbúðin er vel skipulögð með suðurstofu. Möguleiki á að bæta við fjórða svefnherberginu. Fallegt útsýni til norðurs af svölum. Húsið sjálft hefur verið töluvert endurnýjað. Verð 42,9 milljónir.

Allar frekari upplýsingar veitir Finnogi, 895-1098.

530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. - fös. frá kl. 9-17 | www.heimili.is 530 6500

SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMÍÐI,
VERKAMENN, MÚRARAR OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF S. 777 2 333



Reynsla mín er
okkar beggja hagar

S. 896 2312

Sigurður Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
sigurdur@landmark.is

LANDMARK
FASTEIGNASALA



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

INSPIRED BY ICELAND

Kraumar í þér kraftur?

Íslandsstofa leitar að verkefnastjóra á svið iðnaðar og þjónustu/ráðgjafar og fræðslu.

Verkefnastjóri

Ábyrgð og helstu verkefni

- Kortleggur stöðu og þarfir valinna atvinnugreina.
- Heldur góðum tengslum við fyrirtæki.
- Vinnur með hverri atvinnugrein fyrir sig m.a. að kynningarfundum, vinnustofum og með aðstoð vefsins.
- Undirbýr fyrirtæki fyrir erlenda markaðsetningu.
- Sér um að fyrirtæki og atvinnugreinar séu kynnt á alþjóðavettvangi.
- Velur og býður hingað erlendum áhrifaaðilum til að fjalla um fyrirtæki og atvinnugreinar.

Kröfur um menntun og hæfni

- Háskólapróf og reynsla sem nýtist í starfinu.
- Þekking, reynsla og áhugi á verkefnastjórnun, útflutningi og alþjóðasamskiptum.
- Sjálfstæði, frumkvæði, samskiptahæfni, jákvæðni og hugmyndaauðgi.
- Gott vald á skrifuðu máli, bæði á íslensku og ensku.

Upplýsingar veitir:

Inga Björg Hjaltadóttir, inga@attentus.is.

TÍMAMÓT

Fyrirlestur um bláklæddu konuna

Í dag verður fluttur hádegisfyrirlestur þar sem hægt verður að fræðast um rannsókn á kumli landnámskonu sem fannst á Íslandi árið 1938.

Árið 1938 fannst í Hjaltastaðabínghá á Austurlandi 1.000 ára gamalt kuml konu frá víkingaöld. Síðustu tvö ár hafa bæði innlendir og erlendir sérfræðingar gert nýjar rannsóknir á kumlinu og hefur ýmislegt fróðlegt komið í ljós. Freyja Hliðkvist Ómarsdóttir, sérfræðingur í munasafni Þjóðminjasafnsins, mun í dag flytja fyrirlestur í Þjóðminjasafninu um aðdraganda og undirbúning sýningarinnar. „Kveikjan að þessari nýju rannsókn var sú að við þurftum að skipta um varðveisluvökva á mjúkvæf sem fannst í grófinni og það var ástæðan fyrir að við fórum af stað með nýjar rannsóknir,“ segir Freyja. Konan er nú kölluð bláklædda

konan en vegna afar sérstakra aðstæðna í gróf hennar varðveittist hluti af holdi vinstri vanga konunnar. Konan hafði verið grafin með koparnælur á sér og kom snertingin við næluna í veg fyrir að hold vangsans rotnaði en slík varðveisla í jörðu er einstök á Íslandi og afar sjaldgæf í heiminum. Það varð einnig til þess að textílþútar úr klæðnaði hennar varðveittust í nælunni þar sem henni hafði verið stungið í fötin. Hún var í blárri ullarsvuntu yfir hörserk, en það var textílfraeðingur sem gat greint það,“ segir hún.

Þegar kuml hennar fannst árið 1938 var holdið strax sett í formalín. „Við búum yfir miklu meiri tækni í

dag heldur en fyrir 80 árum og höfum komist að ýmsu nýju um hana,“ segir Freyja. „Nú höfum við hugmyndir um hvaðan hún kom og hvað hún var gömul þegar hún dó. Hún var 17-25 ára og við vitum að hún var ekki fædd á Íslandi. Við vitum líka ýmislegt varðandi heilsufar hennar og mataræði.“

Á hádegisfyrirlestrinum í dag mun Freyja tala um rannsóknina, niðurstöðurnar, sýningargerðina og síðferðislegar spurningar sem kviknuðu meðan á verkefninu stóð. Hádegisfyrirlesturinn fer fram í Þjóðminjasafninu og hefst klukkan 12. Hann er öllum opin svo lengi sem húsrúm leyfir. viktoria@frettabladid.is



Hér má sjá vinstri vanga konunnar en holdið varðveittist til ársins 1938 vegna afar sérstakra aðstæðna í gróf hennar. Það hefur verið geymt í formalínvökva frá því kumlið fannst.



✚
Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Jónína Marteinsdóttir

frá Ystafelli,
lést á Dvalarheimilinu Hlíð
22. september. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 2. október kl. 13.30. Innilegar þakkir til starfsfólks á Viðihlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

Svandís Sigurðardóttir
Klara S. Sigurðardóttir
Sigurður M. Sigurðsson
Þormóður Sigurðsson
Baldvin H. Sigurðsson
ömmu- og langömmubörn.

Sigurður Ólafsson
Guðrún Stefánsdóttir
Ave Kara Sillaots
Anna Stefánsdóttir



✚
Ástkær faðir minn, afi og langafi,
Hugur Jóhannesson
brúarsmiður,

verður jarðsönginn frá Guðríðarkirkju
fimmtudaginn 1. október kl. 13.00.

Hugrún Hugadóttir
Eyrún Fjóla Friðgeirsdóttir
Guðbjörg Eva Friðgeirsdóttir
Hugrún Pálmey Pálmadóttir
Lára Kristín Jóhannsdóttir
Dagur H. Jóhannsson
og fjölskyldur.



✚
Okkar ástkæri og yndislegi sonur, bróðir, stjúpbóðir og ástvinur,
Daniel Freyr Sigurðarson

Búlandi 20, 108 Reykjavík,
sem lést á heimili sínu laugardaginn
19. september sl., verður jarðsönginn frá
Bústaðakirkju fimmtudaginn 1. október
kl. 11.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en
þeim sem vilja minnst hans er bent á „Út með'a“
átakið – www.utmeda.is.

Svanhildur Benjaminsdóttir
Valdimar Þorkelsson
Benjamin Gunnar
Matthías
Þorkell

Sigurður Lárusson
Ásta Björk Ólafsdóttir
Þórunn Birta
Elísa Rut
Guðrún

Bára Björg Jóhannsdóttir



✚
Móðir okkar,
Jófríður Helgadóttir
frá Ólafsfirði,

lést þann 23. september á Hrafnistu í
Hafnarfirði. Útförin fer fram frá
Digraneskirkju miðvikudaginn
30. september kl. 13. Blóm og kransar eru
vinsamlegast afþakkaðir. Þeir sem vilja minnst hennar
láti líknarstofnanir njóta þess.

Helga Eiríksdóttir
Guðlaug P. Eiríksdóttir
og fjölskyldur.

Gunnar H. Jóhannsson



✚
Ástkær móðir mín, amma okkar,
langamma og langalangamma,
Ragnheiður Jóhannesdóttir
Dvalarheimilinu Blesastöðum,
(áður Stríkinu 8, Garðabæ)

lést á Landspítalanum
mánudaginn 21. september.
Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju
fimmtudaginn 1. október kl. 13.00.

Ásdís Einarsdóttir
og aðstandendur.



✚
Okkar ástkæra
Sigrún Nielsdóttir
Grenigrund 44, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness
fimmtudaginn 24. september.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju
fimmtudaginn 1. október kl. 14.00.

Jón Guðjónsson
og aðstandendur.



✚
Bróðir minn,
Helgi Björnsson
Kviskerjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands,
Hornafirði, sunnudaginn 27. september.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Hálf dán Björnsson



✚
Ástkær eigenmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Viðar Ottesen

lést 21. september. Útförin fer fram frá
Grafarvogskirkju föstudaginn
2. október kl. 13.00.

Jóna Guðjónsdóttir
Sigurður Viðar Ottesen
Sveinbjörn Þór Ottesen
Kristín Ottesen
Jóhann Ottesen
Erla Arnardóttir
Olga Bragadóttir
Þorleifur Gunnar Eliasson
Brynhildur Baldursdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



✚
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Agatha Heiður Erlendsdóttir
Álftamýri 48,

lést á Droplaugarstöðum mánudaginn
21. september. Hún verður jarðsöngin frá
Háteigskirkju föstudaginn 2. október kl. 13.00.

Vilhjálmur Vilhjálmsson
Lárus Jóhannesson
Erlendur Davíðsson
Anna Björg Davíðsdóttir
Ólafía Björk Davíðsdóttir

Tanya Zharov

Ægir Haraldsson

barnabörn og barnabarnabörn.



✚
Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,
Valný Eyjólfsdóttir
Mýrarvegi 113, Akureyri,
lést á Sjúkrahúsi Akureyrar
25. september.

Fyrir hönd ættingja,
Ragna Þórarinsdóttir



✚
Þórarinn Pétursson
Frakkastíg 12a,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
18. september.
Útförin fór fram í kyrrþey.
Bestu þakkir fyrir umönnun
og hlýju færur við starfsfólki
öldrunarlækningadeildar í Fossvogi.

Þökkum auðsýnda vináttu og samúð.
Aðstandendur.

Við erum til staðar
þegar þú þarft á
okkur að halda

MEÐ VIRÐINGU
OG KÆRLEIK Í 66 ÁR




Útfarar- og lögfræðisþjónusta
www.utfor.is



SÉRVERSLUN SKOTVEIÐI MANNS

BERETTA A300 OUTLANDER OG BYSSUSKÁPUR TILBOÐ



Gasskipt, hálfjálfrirk haglabysa.
Hörð plasttaska, ein þrenging.
Byssuskápur fyrir fimm byssur með læsanlegu innra hólfi.

TILBOÐ 185.900 KR.

BERETTA BELLMONTE II OG BYSSUSKÁPUR TILBOÐ



Bakslagsskipt, hálfjálfrirk. Hörð plasttaska,
fimm þrengingar, skeftishallaplötur og ólarfestingar.
Byssuskápur fyrir fimm byssur með læsanlegu innra hólfi.

TILBOÐ 185.900 KR.

STOEGER



Einhver vinsælasta hálfjálfrirka haglabysan í dag.
Einföld og áreiðanleg bakslagsskipt byssa með Benelli boltanum.
Byssuskápur fyrir fimm byssur á aðeins 25.000 kr.
bjóðst með öllum keyptum skotvopnum í Veidihorninu.*


VERÐ FRÁ AÐEINS 92.900 KR.

CZ



Eigum á lager gott úrval af CZ rifflum frá Tékklandi.
22 lr. og 17 hmr hlaupvíddir. Vel smíðaðir og vandaðir rifflar.
Byssuskápur fyrir fimm byssur á aðeins 25.000 kr.
bjóðst með öllum keyptum skotvopnum í Veidihorninu.*

VERÐ FRÁ AÐEINS 75.900 KR.



FUD TÁLFUGLAR

Grágæsir og heiðagæsir. Léttar gæsir sem
lítið fer fyrir. Hægt að nota ýmist á tún og
akra eða sem flotgæsir.
Glampafríar, 6 í kassa. **AÐEINS 11.995 KR.**
Stokkendur, 6 í kassa. **AÐEINS 7.895 KR.**



HAGLASKOTIN VINSÆLU

2 3/4" 42 gramma skot í
haglastærðum 2, 3, 4 og 5.
25 skot í pakka. **AÐEINS 2.195 KR.**
3" 50 gramma skot í
haglastærðum BB, 2, 3 og 4.
25 skot í pakka. **AÐEINS 2.795 KR.**



PROLOGIC FELUGALLI

Jakki og smekkbuxur. Vatnsheldur,
fóðraður galli með útöndun.
MAX4 felumynstur.

TILBOÐ 29.995 KR.
~~36.995 KR.~~



PROLOGIC FELUGALLI

Jakki ásamt innri jakka og
smekkbuxur. Vatnsheldur galli.
Algjörlega vatnsheldur. Góð útöndun.
MAX5 felumynstur.

TILBOÐ 49.995 KR.
~~66.995 KR.~~



BYSSUSKÁPAR Á 25.000 KR*

Geymdu skotvopnin í öruggum hirslum.
Kaupir þú byssuna þína í VEIÐIHORNINU
bjóðum við þér byssuskáp fyrir fimm
byssur á **AÐEINS 25.000 KR.** Fullt verð 45.900 kr.

*Byssuskápatilboð gilda út október eða á meðan birgðir endast.



VEIÐIHORNID




TRAUSTR
FJÓLSKYLDUFYRIRTÆKI
FRÁ 1998

SÍÐUMÚLA 8 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 568 8410 • VEIÐIHORNID.IS

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Þriðjudagur



Stíf suðvestanátt í dag og skúrir, en léttir til fyrir norðan og austan. Hvessir með rigningu vestanlands annað kvöld. Hiti svipaður og í gær.

Miðvikudagur

Reykjavík ☁ 9° ↗ 7	Ísafjörður ☁ 6° ↗ 13	Akureyri ☁ 7° ↗ 20	Reykjavík ☁ 9° ↗ 13	Ísafjörður ☁ 8° ↗ 14	Akureyri ☁ 10° ↗ 17
Egilsstaðir ☀ 10° ↗ 13	Kirkjubæjarkl. ☁ 10° → 5	Hveravellir ☁ 4° ↗ 12	Egilsstaðir ☁ 12° ↑ 11	Kirkjubæjarkl. ☁ 10° ↗ 9	Hveravellir ☁ 5° ↑ 14

Fimmtudagur

Reykjavík ☁ 9° ↗ 13	Ísafjörður ☁ 8° ↗ 14	Akureyri ☁ 10° ↗ 17
Egilsstaðir ☁ 12° ↑ 11	Kirkjubæjarkl. ☁ 10° ↗ 9	Hveravellir ☁ 5° ↑ 14

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
2. strit
6. í röð
8. nam burt
9. hlé
11. komast
12. fáni
14. skokk
16. málmur
17. hamfletta
18. léreft
20. hróp
21. mjög
- LÓÐRÉTT**
1. helminguð
3. ólæti
4. áttfætla
5. hallandi
7. brynja
10. samræða
13. útdeildi
15. pabbi
16. spíra
19. átt

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LÓÐRÉTT: 1. hátt, 3. at, 4. kónguó, 5. ská, 7. bohlíff, 10. tal, 13. gæ, 15. pápi, 16. ala, 19. na.
LÁRÉTT: 2. bak, 6. at, 8. tók, 9. lot, 11. ná, 12. flage, 14. hlauþ, 16. ál, 17. flá, 18. lín, 20. op, 21. afar.

Skák Gunnar Björnsson

Björn Ívar Karlsson (2.271), Taflfélagi Vestmannaeyja, hafði hvítt gegn Jóni Viktori Gunnarssyni (2.458), Taflfélagi Reykjavíkur, á Íslandsmóti skákkfélaga. Hvítur á leik
21. Dxa7! Hxd6 22. Db8+ Kg7 (22...Ke7 23. e5! Hxd1 24. exf6+ Kf7 25. Dxf4) 23. Dxd6 Dxf3 og hvítur vann skömmu síðar.



www.skak.is Skákkfélag Reykjaneshæjar efst í 2. deild.

Sudoku

LÉTT

	8		5					7
	1	6	4		7			5
		7	8					
		9			7			
4	3	9	6	1				
1			7		9	6		
9			2	5	8		4	
			8	3		2		
8	6		4		1	3		

MIDLUNGS

		5		2	6			7
	9			7		6	1	
		8			9			
4				9			2	
	8	9	1				6	
1	3	5						
					2			
						1	8	
5	4	2	8	1				

ÞUNG

						7	2	4
4		6			3		5	
				5				
	5	8	2					6
4		6						
2				4				
						6		
	2	1	7			9	8	
6	9	5	8					7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudokuro

3	7	9	6	1	2	5	8	4
8	1	4	3	7	5	6	9	2
2	5	6	8	9	4	1	3	7
6	9	3	4	2	8	7	1	5
4	8	1	7	5	3	2	6	9
5	2	7	9	6	1	3	4	8
9	6	8	5	3	7	4	2	1
7	3	2	1	4	9	8	5	6
1	4	5	2	8	6	9	7	3
4	1	9	2	8	5	3	6	7
8	6	3	9	1	7	5	2	4
2	5	7	3	4	6	9	8	1
9	7	8	6	5	3	4	1	2
1	2	6	7	9	4	8	5	3
3	4	5	8	2	1	6	7	9
5	8	4	1	7	9	2	3	6
6	9	1	5	3	2	7	4	8
7	3	2	4	6	8	1	9	5
4	6	2	9	5	7	3	1	8
7	8	3	6	1	2	5	9	4
5	9	1	8	4	3	7	2	6
9	1	4	7	2	5	6	8	3
6	3	7	1	8	4	9	5	2
8	2	5	3	6	9	1	4	7
1	4	9	2	7	6	8	3	5
2	7	8	5	3	1	4	6	9
3	5	6	4	9	8	2	7	1

Myndasögur

PONDUS

Sælir, strákar! Erú þið klárir fyrir tónleikana?

Næstum því! Erum búnir að semja 24 lög sem fjalla um að borða járnkeðjur í morgunmat!

Grjóthart! Fæ ég að heyra smá búi?

Auðvitað! Við tökum lagið fyrir þig! Einn, tveir... einn, tveir, þrír...

Þyrmið engum!

Bara aðeins að undirbúa mig fyrir það sem koma skal! ...halðið áfram!

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Ættum við ekki að mála herbergið þitt?

Jújú, ef ég fæ að velja litinn.

Í alvöru? Hvað með einn af þessum?

Mjólkurkaffi?

Ylvalgir hafrar?

Vormorgunn?

Ugh. Glatað!

Óf fyrirsjáanlegt.

Þrjá lítra af „Gataðri geirvörtu“.

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

Ert þú að nota rafmagnstannburstann, Hannes?

Já, mamma!

Frábært! Þá færðu hreinar og hvítar tennur!

Ertu ekki örugglega að nota hann til að bursta í þér tennurnar?

Ég fer í það á eftir!

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Hjálpaðu okkur að hjálpa öðrum!



Markaður Samhjalpar (second hand store)

Tökum á móti vörum á opnunartíma.

Allur ágóði markaðarins rennur til úrræða Samhjalpar.

Fylgdu okkur á facebook - www.samhjalp.is



Ármúla 11 • 108 Reykjavík • Sími: 842 2030 • Netfang: markadur@samhjalp.is
Opíð alla virka daga frá 11.00 til 18.00 • Opíð laugardaga frá 12.00 til 15.00



Teningakast ræður afslættinum!

**Komdu og
freistaðu
gæfunnar**

**OKKAR
LÁGA
VERÐ**

+

**ALLT AÐ
18%
AUKA
AFSLÁTTUR**

Þín heppni stjórnar afslættinum!

Þegar þú ert að stimpla inn vörurnar færðu að kasta þremur teningum á Casino borðinu okkar. Samtalan sem kemur upp er afslátturinn þinn og getur verið frá 3-18% af öllu!

 = 18% afsláttur

Ef þú færð tvo eins færðu Trítla tvennu frá Nóa Sírius til viðbótar.



Ef þú færð þrjá eins áttu möguleika á því að fá allt sem þú keyptir endurgreitt. 2. október drögum við út einn heppinn viðskiptavin sem fær allt sem hann keypti greitt til baka!



Aðeins eitt kast á mann. Afsláttur reiknast frá fullu verði.

tl.is

**Aðeins tveir
dagar eftir!**

**TÖLVU
LISTINN**



REYKJAVÍK
SUÐURLANDBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 431 333

Sögur handa öllum vítt og breitt um borgina

Lestrarhátíðin í Reykjavík hefst á fimmtudaginn og það verða bókmenntir og sögur vítt og breitt um borgina allan októbermánuð en hátíðin er tileinkuð Svövu Jakobsdóttur og röddum kvenna í ár.

Magnús Guðmundsson

magnus@frettabladid.is

Lestrarhátíðin í bókmenntaborginni Reykjavík hefst á fimmtudaginn og stendur allan október mánuð að vanda. Kristín Viðarsdóttir er verkefnastjóri hjá Reykjavík bókmenntaborg og hún segir að hátíðin hafi vaxið og dafnað með hverju árinu en hún verður nú haldin í fjórða sinn.

„Október er mánuður orðlistar í Reykjavík og lestrarhátíðin stendur allan mánuðinn. Fólk hefur reyndar verið að tengja þetta í huganum að miklu leyti við börn og unglunga og ákveðna skólatengingu en þetta er hátíð fyrir alla. Þetta er hátíð fyrir börn og fullorðna og vissulega er ákveðin tenging við skólana en þetta er svo sannarlega hátíð fyrir fólk á öllum aldri.

Það sem felst í hátíðinni er að beina athyglinni að ákveðnu þema á hverju ári fyrir sig. Við viljum koma þessu þema út til fólksins í borginni, út í borgarlandið og á staði sem fólk er ekki endilega vant að tengja við bókmenntir eða bókmenntaviðburði og koma þannig borgarbúum og borgargestum ánægjulega á óvart. Leitast við að setja bókmenntirnar í nýtt og óvænt samhengi. Við höfum t.d. verið að vinna með Kringlunni, bæði í fyrra og aftur í ár, með því að setja upp tilvitnanir í bókmenntir á gler, gólf og vegg. Það mæltist ákaflega vel fyrir í fyrra, bæði af starfsfólki og gestum Kringlunnar og við erum full tilhlökkunar að sjá hvernig þessu verður tekið í ár.“

Svava og raddir kvenna

Kristín segir að þema hátíðarinnar í ár sé Svava Jakobsdóttir og raddir kvenna. „Við erum með sérstakan fókus á Svövu, Forlagið gefur úr bók eftir hana sem heitir Sögur handa öllum og það er jafnframt heitið á hátíðinni í ár. Þessi bók var gefin út fyrir einhverjum árum í lokuðum bókaklúbbi en kom ekki á almennan markað. En er núna endurútgefin í kilju í íslenskrari klassík og þarna er að finna þrjú smásagnasöfn Svövu



Kristín Viðarsdóttir er verkefnisstjóri í Bókmenntaborginni Reykjavík sem stendur fyrir lestrarhátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

í einni bók; Veisla undir grjótvegg, Gefið hvort öðru og Undir eldfjalli.“

Kristín tiltekur að það sé alltaf lögð áhersla á að hátíðin sé fjölbreytt þó svo áherslan sé á Svövu að þessu sinni og margir viðburðir tengdir við hennar feril. „Við leggjum alltaf áherslu á að gefa ólíkum röddum sviðið en að þessu sinni er áherslan á konur og þá erum við bæði að tala um konur í skáldskap sem og konur sem rithöfundar og skáld. Við erum að t.d. að vinna með nýjum skáldahópi sem kallast Ós og hefur soldið sprottið upp úr ritsmiðjum sem við höfum staðið að. Það er að stofninum til skáldkonur af erlendum uppruna sem eru búsettar á Íslandi en hópurinn er vissulega líka opin konum sem eru fæddar hér. Þær verða með ljóðasýningu á Borgarbókasafninu og viðburði bæði þar og úti á Hótel Marina sem er nýr samstarfsaðili hjá okkur en það verða fleiri viðburðir

VIÐ LEGGJUM ALLTAF ÁHERSLU Á AÐ GEFA ÓLÍKUM RÖDDUM SVIÐIÐ EN AÐ ÞESSU SINNI ER ÁHERSLAN Á KONUR OG ÞÁ ERUM VIÐ BÆÐI AÐ TALA UM KONUR Í SKÁLD-SKAP SEM OG KONUR SEM RIT-HÖFUNDA OG SKÁLD.

VIÐ ERUM LÍKA MEÐ APP SEM HEITIR REYKJAVÍK CULTURE WALKS OG MEÐ ÞVÍ GETUR FÓLK FARIÐ SJÁLFT Í GÖNGUR MEÐ LEIÐ-SÖGN Í SÍMANUM.

tengdir hótelinu. Við erum líka að vinna með ungum skáldkonum, Ástu Fanneyju Sigurðardóttur og Völu Valgerði Þóroddsdóttur, en þær verða með ljóðmyndasýningu í hundrad götugluggum á höfuðborgarsvæðinu en margir þekkja þessa götuglugga frekar sem strætóskýli borgarinnar. Þessar ljóðmyndir eru ljóðmyndir þar sem unnið er með borgina og umhverfið og svo semja þær ljóð við viðkomandi mynd. En allar þessar ljóðmyndir eru gerðar sérstaklega fyrir Lestrarhátíðina í ár.

Almenn þátttaka

Málið er að við erum alltaf með mjög fjölbreytt efni og margt konar tengingar í gangi á Lestrarhátíðinni, setjum upp ákveðinn ramma og erum bæði með viðburði á okkar vegum og samstarfsverkefni. Leikhópurinn Háaloftið er til að mynda að setja upp Háaloftið eftir Svövu og það verður

frumsýning á því 4. október, deginum sem Svava hefði orðið áttatíu og fimm ára. En svo erum við líka að hvetja fólk, einstaklinga, félagasamtök og fyrirtæki til þess að nýta þetta þema og áhersluna á bókmenntir og lestur í október til þess að tengja sig við hátíðina, ekki með ósvipuðum hætti og gerist á Menningarnótt þó svo þessi hátíð standi yfir í heilan mánuð. Það gefur einfaldlega meira svigrúm og aukna möguleika á að taka þátt. Við viljum hvetja fólk til þess að láta okkur vita ef það er með eitthvað á döfinni sem getur fallið inn í þema hátíðarinnar.“

Kristín leggur áherslu á að Bókmenntaborgin almennt leggi áherslu á að beina ljósinu að ungum og nýjum röddum innan bókmenntasenuinnar. „Við viljum vekja athygli á því að bókmenntasenan er mun fjölbreyttari en flestir sjá dagsdaglega og innflytjendur sem eru hér að skrifa eru einmitt ljómandi gott dæmi um það.“

Alþjóðlegt og spennandi

Bókmenntaborgin er stór þáttur í því að skapa ímynd Reykjavíkur úti í hinum stóra heimi og Kristín bendir á að fjöldi fólks komi hingað af því að það hefur áhuga á menningu almennt. „Þeir sem eru í ferðabjónustu eru alltaf að sjá það betur hversu mikill áhugi er að utan. Samstarfið við Hótel Marina er dæmi um þetta og svo eru bókmenntagöngur á vegum Borgarbókasafnsins líka vinsælar. Við fengum til að mynda fyrirspurn frá Kanada nýverið þar sem kona er að skipuleggja ferð fyrir fólk sem hefur áhuga á bókmenntum og jóga og þau velja Ísland einmitt vegna þess að það er bókmenntaland þannig að það eru ótvíræð verðmæti í því að sinna þessu vel.

Við erum líka með app sem heitir Reykjavík Culture Walks og með því getur fólk farið sjálft í göngur með leiðsögn í símanum. Þetta er til á íslensku, ensku og þýsku og við erum einmitt núna að endurvinnna það, gera það enn notendavænna og bæta inn fleiri göngum. En auðvitað eru þetta ekki bara við. Það eru fjölmargir aðilar með margt gott í gangi sem tengjast bókmenntum með einum eða öðrum hætti.“

Hversu mikið hefur eignin þín **hækkað** í verði?

Þú getur komist að því með **fríu** verðmati.



Kristján Þ. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is



Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is



Framúrskarandi þjónusta í þína þágu

EKKI MISSA AF

PÓSTKORT TIL KVENNA



Bókmenntaborgin hefur látið útbúa póstkort í tilefni hátíðarinnar sem munu liggja frammi í Kringlunni og á kaffihúsum í október. Fólk er hvatt til að taka sér þenna í hönd og skrifa nokkrar línur til kvenna í sínu lífi, hvort sem er mæðra, dætra, kærasta, vinkvenna eða annarra kvenna sem skipta það máli eða hafa haft áhrif á líf þess. Á framhlið kortanna eru stutt textabrot úr sögum eftir Svövu Jakobsdóttur. Kortin eru fánæg á íslensku og ensku.

WE ARE ÓS / ÞETTA ER US



Laugardaginn 3. október verður opnuð sýning á Reykjavíkurtorgi Borgarbókasafns í Tryggvagötu á textum eftir konur í hinum nýstofnaða skáldahópi Ósi. Ós er samfélag rithöfundar í Reykjavík sem skrifa á ólíkum tungumálum, bæði íslensku og öðrum málum, en hópurinn varð til í framhaldi af ritsmiðjum sem Bókmenntaborgin hefur staðið fyrir á síðustu misserum. Þarna geta gestir kynnst nýjum höfundum í borginni og röddum kvenna með ólíkan bakgrunn, uppruna og tungumál.

SKÚMASKOT



Ungskáldin Ásta Fanney Sigurðardóttir og Valgerður Þóroddsdóttir sýna ljóðmyndir í 100 götugluggum í borgarlandinu á sýningu sem þær kalla Skúmaskot. Hún stendur í viku, frá 13.–20. október, og þar kanna skáldin samspil ljóða, ljósmýnda og borgarinnar á spennandi vegu. Ljóðmyndarinn Gulli Már vinnur sýninguna með skáldkonunum.

ÖLVADAR KONUR OG GLJÁFÆGDIR SPEGLAR Á SLÓÐUM KVENNA Í BÓKMENNTABORG



Miðvikudaginn 7. október kl. 17.15 verður ný bókmenntamerking Bókmenntaborgarinnar til heiðurs Svövu Jakobsdóttur afhjúpuð við Austurvöll. Strax í kjölfarið leiða Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur og María Þóroddardóttir leikkona göngu um slóðir skáldkvenna í miðbænum. Gengið verður á milli bókmenntamerkinga sem eru tileinkaðar konum og við sögu koma m.a. Theodóra Thoroddsen, Málfríður Einarsdóttir, Torfhildur Hólm og Ásta Sigurðardóttir. Þarna verður talað um alls kyns ólík efni, t.d. spegla, þvotta, ástir og ölvun.

STARFAR ÞÚ MEÐ EINSTAKLINGUM SEM ERU HUGSANLEGA Á VEGUM

STARFSMANNNALEIGU?

LÁTTU VITA AF ÞVÍ TIL ÞÍNS STÉTTARFÉLAGS

Undirboð á íslenskum vinnumarkaði verða ekki stöðvuð nema tryggt sé að kjör þessara einstaklinga séu rétt.

Það er sameiginleg skylda okkar að tryggja að starfsmenn starfsmannaleiga njóti sömu kjara og ef þeir væru í beinu ráðningarsambandi við notendafyrirtækin.

Komum hlutunum í lag. Þannig tryggjum við hagsmuni launafólks, atvinnulífsins og samfélagsins alls.

**Stöndum vörð um okkar
kjör og stöðvum undirboð**

**VM-Félag vélstjóra
og málmtæknimanna**

Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800 - www.vm.is



Landsfélag í vél- og málmtækni

Eldborg, Hörpu
20. desember kl. 21:00

Jólatónleikar

BONEY M

með söngdívunni Liz Mitchell

Boney M, ein stærsta hljómsveit diskótímabilsins heimsækir Hörpu á aðventunni. Með í för er sjálf söngdívun Liz Mitchell. Það er óhætt að lofa góðri skemmtun í Eldborg á meðan Mary's Boy Child, Rivers of Babylon, Rasputin og allir hinir smellirnir koma salnum á hreyfingu. Tryggðu þér miða á stórkostlega skemmtun og komdu þér í réttu stemninguna fyrir jólin.

Miðasala hefst í dag kl. 10:00
á fix.is, harpa.is og í 528 5050

Hooray! Hooray! It's a Holi-Holiday

Rivers of Babylon

Mary's Boy Child

Rasputin

DÆGURFLUGAN



HARPA

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
08.05 Junior Masterchef Australia
08.50 The Middle
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 The World's Strictest Parents
11.20 Sælkerahemsreisa um Reykjavík
11.45 Hið blómlega bú 3
12.15 Lífstill
12.35 Nágrannar
13.00 Britain's Got Talent
14.05 Britain's Got Talent
14.30 Mr Selfridge
15.15 The Amazing Race
16.05 Veep
16.30 Teen Titans Go
16.55 Weird Loners
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.25 Hjálparhönd Vönduð ný þáttaröð í umsjá Rikku og fjallar um fjölbreytt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða á Íslandi. Störfín eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það sameiginlegt að styrkja stoðir samfélagsins.
19.55 Project Greenlight Raunveruleikabættir þar sem leikararnir og leikstjórnarnir Matt Damon og Ben Affleck leitast við að skoða gerð kvikmynda.
20.30 The Big Bang Theory
20.50 Puplic Morals Sögusviðið er New York á sjöunda áratugnum og fjallað er um líf og störf rannsóknarlögreglumanna í sérstakri siðadeild.
21.35 The Strain
22.20 Last Week Tonight with John Oliver
22.50 Louie
23.15 Covert Affairs
00.00 Major Crimes
00.45 When the Game Stands Tall
02.35 Save Haven
04.25 Skyline
05.55 The Middle

SPORT

- 09.25** Napoli - Juventus
11.05 FH - Fjölínir
12.55 AS Roma - Carpi
14.35 Meistaradeild Evrópu
15.00 Spænsku mörkin
15.30 Internazionale - Fiorentina
17.10 Ítölsku mörkin
17.40 Evrópudeildin
18.30 Arsenal - Olympiakos BEINT
20.45 Meistaradeildarkvöld
21.30 Porto - Chelsea
23.20 Barcelona - Bayer Leverkusen
01.10 Evrópudeildin

SPORT 2

- 07.00** WBA - Everton
08.40 Messan
11.35 Southampton - Swansea
13.15 Football League Show
13.45 Liverpool - Aston Villa
15.25 Pepsímörkin
16.40 Man. Utd. - Sunderland
18.20 WBA - Everton
20.00 Premier League Review
20.55 Messan
21.55 Newcastle - Chelsea
23.35 Tottenham - Man. City

GOLFSTÖÐIN

- 08.15** PGA Tour 2015
13.15 Solheim Cup 2015
17.15 PGA Tour 2015 - Highlig
18.10 Golfing World 2015
19.00 PGA Tour 2015

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

BÍÓSTÖÐIN

- 12.20** Diminished Capacity
13.50 Justin Bieber's Believe
15.25 The Switch
17.10 Diminished Capacity
18.40 Justin Bieber's Believe
20.15 The Switch Jennifer Aniston leikur ógifta konu í þessari frábæru gamanmynd frá 2010. Hana langar til að eignast barn en þar sem hún er ekki í sambandi ákveður hún taka málin í sínar eigin hendur. Hún reddar sér gjafasæði og ætlar að græja þetta upp á eigin spýtur en það sem hún veit hins vegar ekki er að vinur hennar skemmir óvart glasið með sæðinu og tekur á það ráð að setja sitt eigið í staðinn. Sjó árum síðar hefur hann enn ekki sagt henni frá þessu en kannski er kominn tími til að létta á samviskunni.
22.00 We're the Millers
23.50 In the Electric Mist
01.30 True Lies
03.50 We're the Millers

RÚV

- 16.35** Séra Brown e.
17.20 Friðþjófur forvitni
17.40 Öldin hennar
17.43 Millý spyr
17.50 Sanjay og Craig
18.15 Tákn málsfréttir
18.25 Konunglegar kræsingar
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Dagur í lífi þjóðar
20.40 Hefnd
21.25 Hetjurnar Heimildarþáttaröð í sex hlutum um Dani sem hafa farið á nokkra af hættulegustu stöðum veraldar til að bjarga mannlífum.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Skuggaleikur Bresk spennuþáttaröð um hóp rannsóknarmanna sem rekur slóðir raðmorðingja. Aðalhlutverk: Reece Shearsmith, Alex Kingston og Alfie Field. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
23.05 Brúin
00.05 Kastljós
00.45 Fréttir
01.00 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Biggest Loser
09.45 The Biggest Loser
10.30 Pepsi MAX tónlist
13.30 Cheers
13.55 Dr. Phil
14.35 Younger
15.00 Top Chef
15.45 The Good Wife
16.25 Eureka
17.05 America's Next Top Model
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 The Late Late Show
19.50 Black-ish
20.15 Reign
21.00 Blood & Oil
21.45 Ray Donovan
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 American Odyssey
00.35 Girlfriends' Guide to Divorce
01.20 Satisfaction
02.05 Blood & Oil
02.50 Ray Donovan
03.35 The Tonight Show
04.15 The Late Late Show
04.55 Pepsi MAX tónlist



20:50

PUBLIC MORALS

Sögusviðið er New York á sjöunda áratugnum og fjallað er um líf og störf rannsóknarlögreglumanna í sérstakri siðadeild. Terry Muldoon og félagar reyna að halda uppi lögum og reglum í borginni sem aldrei sefur en fara stundum vafasamar leiðir.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

19:25

HJÁLPARHÖND

Vönduð þáttaröð í umsjá Rikku sem fjallar um fjölbreytt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða á Íslandi.



19:55

PROJECT GREENLIGHT

Leikararnir og leikstjórnarnir Matt Damon og Ben Affleck leitast við að leiðbeina þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndagerð.



20:30

THE BIG BANG THEORY

Leonard og Sheldon eru afburðasnjallir eðlisfræðingar en þeir hæfileikar nýtast þeim þó ekki í samskiptum við hitt kynið.



NÝ ÞÁTTARÖÐ!

22:00

WE'RE THE MILLERS

Hressileg gamanmynd með Jennifer Aniston og Jason Sudeikis í aðalhlutverkum.



19:50

PROJECT RUNAWAY

Ofurfyrirsætan Heidi Klum stýrir hörkuspennandi tískuhönnunarkerppni þar sem 16 ungir og upprennandi fatahönnuðir takast á.



NÝTT!

FRÁBÆR DAGSKRÁ
Á STÖÐ 3!

18:00

KALLI Á ÞAKINU

Bráðfjörug teiknimynd með óþekkasta Kalla í heimi, Kalla á þakinu.



MAGGI EIRÍKS

MAGGI EIRÍKS

AUKATÓNLEIKAR

sunnudaginn 1. nóvember kl. 20

Færri komust að en vildu á síðustu tónleika

Miðasala á harpa.is | 528 5050 | tix.is

FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★★

Viktoría Hermannsdóttir „Frábær kvöldstund“

70 ára

Reyndu aftur
Braggablús
Elska þig
Vegurinn heim
Samferða
Ó, þú



Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlar úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga.

Nýir og gamlir vinir lita við:

Ellen Kristjánsdóttir,

Valdimar Guðmundsson,

Pálmi Gunnarsson og

Ragnheiður Grönda.

Hljómsveit ásamt

strengjasveit

leikur undir stjórn

Þóris Úlfarssonar.

Ómissandi

tónleikar fyrir

ómissandi fólk.

Miðasala hafin á aukatónleika: harpa.is | 528 5050 | tix.is



HARPA

DÆGURFLUGAN



TRENDIÐ Slár

Þegar haustvindar taka að blása og hitastigið lækkar óðfluga er gott að geta skellt sér í smekklega slá sem bægir kuldabola frá.



Saga trendsins

Slá er ermalaus flik sem minnir stundum á skikkjur ofurhetja. Flikin er iðulega opin að framan og voru þær vinsæll klæðaburður á miðöldum í Evrópu og voru oft og tíðum með áfastri hettu. Einnig voru þær vinsælar á Viktoríutímanum og sjást oft á fjöllum leikhúsanna sem hluti af búningum leikara sem fara með hlutverk hefðarfrúa og hefða frá þeim tíma.

Slárnar eru þó ekki fastar í Viktoríutímanum og hafa átt tíðar endurkomur í tiskuheiminum og sáust víða á tiskupöllum þegar hausttískan fyrir árið 2015 var kynnt og eru enn einu sinni komnar í tisku.

Slár nútímans geta verið í ýmiss konar lengdum og úr margs konar efnum en fyrr á tíð voru þær yfirleitt gerðar úr flaueli, silki og satíni. Nú sjást þær í alls konar útfærslum en kosturinn við slárnar er að þægilegt er að skella þeim yfir sig þó það viðurkennist að sumar þeirra geta verið erfiður klæðaburður þegar afar vindsamt er úti.

Franski fatahönnuðurinn Paul Poiret var einn af þeim fyrstu sem léku sér með formið og árið 1911 hannaði hann litríka flauelsslá með áföstum feldi í hálmáli og ermaopum. Poiret var leiðandi í franskri fatahönnun á fyrstu tveimur áratugum tuttugustu aldarinnar og hefur framlagi hans til tiskuheimsins verið líkt við arfleifð listmálarans Picasso.

Mæðgin leika mæðgin á sviði

Edda Björgvinsdóttir frumsýndi Edduna í annað sinn með nokkrum breytingum. Björgvin Franz Gíslason, sonur hennar, hefur tekið að sér aðalhlutverkið en hann er nýfluttur heim.

Víð tókum á móti honum á flugvellið með handjárn og pindum hann til þess að vera með," segir Edda Björgvins en hún frumsýndi um helgina leiksýninguna Eddan í annað sinn en í þetta skiptið leikur Björgvin Franz sonur hennar sem er nýfluttur heim frá Ameríku eitt aðalhlutverkið. Eddan verður í Austurbæ í haust en var í sýnd í Gamla bíói seinasta vetur. Bergþór Pálsson og Gunnar Hansson voru með í þeirri sýningu en í nýju Eddunni deila Bergþór og Björgvin sviði með Eddu.

„Við misstum Gunnar sem var búinn að lofa sér í önnur störf í haust og Björgvin var akkúrat að flytja heim frá Ameríku. Við eigum því miður ekki marga gamanleikara hérna á Íslandi og þeir sem við eigum eru allir brjálæðislega uppteknir. Björgvin er einn af okkar flinkustu gamanleikurum og hans hefur verið sárt saknað. Hann var í fyrstu efins varðandi það að vinna með hinni stjórnsömu mömmu sinni en eftir að hann sá upptöku af sýningunni varð honum á orði að þetta væri andskoti skemmtilegt og sló til.“

Þegar Björgvin samþykkti að vera með í sýningunni tók við mikil vinna við að endurskrifa verkið. Þema Eddunnar er að Edda Björgvins situr fyrir svörum í þykjustu spjallþætti þar sem hún fer yfir ferilinn í máli og myndum. Björgvin er þáttarstjórnandinn og Bergþór Pálsson er tónlistarmaðurinn. „Sýningin gengur útá að „divan“ ég er alltaf að koma þeim á óvart og troða inn nýjum atriðum að þeim forspurðum og rugla í spjallþættinum. Allir leika sjálfan sig og í nýju Eddunni notfærum við okkur auðvitað fjölskyldutengslin og er móðirin ég stanslaust að niðurlægja og pina soninn. Fyrsta rífrildið gengur t.d. útá að Edda bannar syninum að kalla sig mömmu því að þá haldi fólk að hún

AUÐVITAÐ HEFUR HVER SINN SMEKK EN STAÐREYNDIN ER SÚ Í SAMBANDI VIÐ GAMANLEIKARA AÐ FÓLK ANNAÐHVORT ELSKAR OKKUR EÐA HEFUR ALLS EKKI SMEKK FYRIR OKKUR.



Edda og Björgvin hafa unnið að mörgum verkefnum saman en Edda segir hann vera besta gamanleikara sem Íslendingar eiga. Hann er nýfluttur heim frá Bandaríkjunum. MYND/ANTON BRINK

sé orðin gömul – hann sé svo ellilegur! Vesalings Björgvin er einnig nuddað upp úr því að vera „bara“ barnaleikari og að hann sé að verða jafn leiðinlegur og pabbi hans!

Liklega er meira en helmingurinn í Eddunni núna nýtt efni. Þess vegna var ég á laugardaginn með alveg sama stresshnúttinn í maganum og þegar ég frumsýndi Edduna fyrst. Edda og Björgvin hafa unnið að fjölmörgum verkefnum saman áður og í veruleikanum dást þau mikið að vinnubrögðum hvort annars. „Björgvin er svo frjór og vandvirkur og hugmyndirnar flæða upp úr honum. Ég fæ líka milljón hugmyndir

á mínútu svo við smellum saman. Við erum þar að auki bæði vinnuálfar. Það er svo heppilegt að mér finnst Björgvin einn fyndnasti leikari sem við eigum. Auðvitað hefur hver sinn smekk og staðreyndin er sú í sambandi við gamanleikara að fólk annaðhvort elskar okkur eða hefur alls ekki smekk fyrir okkur.“

Bergþór tekur þessu öllu af æðruleysi. „Hann er búinn að vera mér eins og klettur, brosir í gegn um allar breytingarnar, bætir við sig söng og leikatriðum eins og ekkert sé! Hljómburðurinn er greinilega miklu miklu betri hér í Austurbæ, tónlistarstjóranum okkar,

Kristjönu Stefánsdóttur, til mikillar ánægju.“

Yngsti sonur Eddu hefur boðið sig fram í hlutverk Björgvins þegar Edda ákveður að reka stóra bróður. „Örverpið er í leiklistarskóla í Ameríku svo hann er næstur í röðinni inn í sýninguna. Mér sýnist sá stutti hafa allt það besta frá okkur öllum í fjölskyldunni og á vonandi eftir að verða frábær leikari – vona samt að hann verði fyrst og fremst hangingsöm manneskja ef ég á að segja alveg eins og er. Ef ég á að vera alveg heiðarleg þá vonuðum við öll að hann færi að læra tannlækningar til þess að framfleyta okkur fjölskyldunni.“

Tekur tíma að fá loksins að spila

NBA 2k16

Playstation 4
2k Sports og Visual Sports

★★★★★

Síðan fyrsti leikurinn í NBA 2k seríunni kom út árið 1999 hafa 2k Sports og Visual Concepts verið í fremstu röð þegar það kemur að körfuboltaleikjum. Nú, sextán árum síðar, biða allir spennir eftir nýjasta leiknum í seríunni, sem kemur einmitt út í dag.

Búið er að breyta leiknum talsvert frá síðustu útgáfu. Spilun leiksins er nokkuð frábrugðin því sem gerðist í fyrra. Bæði er búið að breyta skip-

unum og virðast leikmenn hitta verr. Sem á væntanlega að gera leikinn líkari því sem gerist í raun og veru. Einnig er búið að bæta í allt umstangið í kringum það að spila körfubolta. Framkvæmdastjóra-hamurinn hefur verið dýpkaður talsvert, sem var ekki hlaupið að, því hann hefur verið ansi nákvæmur í gegnum tíðina. Leikmannshamurinn skartar nú söguþræði frá sjálfum Spike Lee sem sér um leikstjórnina á því sem gerist utan vallar. Þá fá spilarar að leika dreng að nafni Freq Vibrations sem er næsta stjarnan í körfuboltaheiminum. Spilarar þurfa að taka guttann, sem kemur frá Harlem, í gegnum High School

og College, þar til að maður kemst loksins í NBA. Vitlausir vinir og mikið drama einkennir söguþræðinn, eins og við er að búast.

Þegar maður kemst loksins í að spila leiki, sama í hvaða ham maður er í, upplifir maður hlutina eins og maður sé staddur í beinni útsendingu. Fyrir leiki hittast þekktir sjónvarpsmenn og ræða leikinn, þeir koma aftur í hálfleik og eftir leik. Inn í miðjum leik eru viðtöl leikinn við þá sem eru að spila, hvort sem þau eiga að vera tekin í stúdíóinu fyrir leik eða á gólfinu.

Stærsti gallinn við leikinn er sá að allt umstangið tekur rosalega langan tíma. Síðan hefðu 2k sports

og Visual Concepts mátt eyða meiri tíma í sjálfa spilunina. Leikmenn geta verið alveg einstaklega einfaldir og vitlausir inni á velli-num. Sendingar geta orðið allvæg hræðilegar og taktískt stöðumat leikmanna er stundum út úr kú. NBA 2k16 er þrátt fyrir það finn leikur. Sértaflega fyrir þá sem hafa gaman af því að eyða heilu kvöldunum í að dúlla sér í að velja skósamninga fyrir leikmenn, eða setja upp æfingar fyrir liðin sín. Stærsti plúsinn við leikinn er væntanlega tónlistin, sem er framúrskarandi og langbesta tónlist sem undirritaður hefur heyrt í tölvuleik.

Kjartan Atli Kjartansson

VERTU MARGUN- HRESS

UPPÁHELLT
KAFFI (355 ML)

100 KR.



Alþjóðlegi kaffidagurinn er í dag, 29. september.
Af því tilefni bjóðum við kaffibollann á 100 kr.

   [DunkinDonutsISL](#) | Laugavegur 3 | Opið alla daga frá 7-22



Reginn

FASTEIGNAFÉLAG

Þjónustu- og verslunarhúsnæði



Hátún 12

105 RVK

Frábærlega staðsett eign með nægum bílastæðum. Til leigu er um 370 m² rými á jarðhæð með góðri aðkomu. Stór iðnaðarhurð bakatil í rými.



Garðatorg 3

210 GBR

Til leigu gott 180 m² rými í verslunarmiðstöðinni Garðatorgi. Hentar vel fyrir verslun eða aðra þjónustu. Hagstæð leigukjör og lág húsgjöld.



Reykjavíkurvegur 74

220 HFJ

Til leigu um 550 m² rými á jarðhæð með góðri aðkomu og anddyri. Góður salur og hentar því vel fyrir veitingarekstur, verslun eða aðra þjónustu. Möguleiki að leigja hluta rýmis.

Nánari upplýsingar í síma 666 4000 eða leiga@reginn.is



Sími: 512 8900

reginn.is

Ljóðabók, leikrit og sjónvarpsþáttur á leiðinni

„Ég hef eiginlega ekki verið jafn stoltur af neinu og þessari ljóðabók, fyrir utan auðvitað börnin mín,“ segir Dóri DNA. Hann ræðir við Lífið um hvernig það er að búa á Akureyri, um leikritið sem hann er að setja upp með Sögu Garðarsdóttur og sjónvarpsþátt sem hann er að skrifa.

Ég er svo stoltur af þessari bók. Hún er ákveðið uppgerð við tilfinningar og karlmennsku,“ segir Halldór Halldórsson, einnig þekktur sem Dóri DNA, um ljóðabók eftir hann sem kemur út í vikunni. Bókin ber titilinn Hugmyndir að andvirði 100 milljónir og segir Dóri hana skiptast í langa prósa „og svo bara beinhardar hugmyndir. Ljóð fyrir mér eru hugmyndir og ég á nóg af þeim. Ég reyni að gera upp tilfinningar, eins og þær sem tengjast karlmennsku. Það hefur oft verið sagt að karlmennskan sé dauð, en samt blundar í okkur stolt og hefnigimi. Ljóðin koma mörg upp úr langrækni og andlegri pattstöðu. Þetta er í fyrsta skiptið sem mér finnst ég geta sagt með sannri: Þetta er mín rödd. Svona tala ég.“

Hvar liggja mörk gríns?

Dóri er nú búsettur á Akureyri, þar sem hann setur upp leikrit ásamt Sögu Garðarsdóttur, fyrir Menningarfélag Akureyrar. Titill leikrísins er og fjallar um tvo grínista sem þau Dóri og Saga leika. „Þau eru kærustupar og eru stanslaust að þæla í gríni og bröndurum, hvað má segja og hvað ekki. Svo kemur stórt gigg upp á milli þeirra, þar sem hann er afbokaður en hún er bókuð. Þau lenda í ýmsum ævintýrum og þurfa meðal annars að takast á við brandaralögguna.“

Leikritið fjallar um hvar mörkin liggja í gríni. Auðunn Blöndal þurfti að biðjast afsökunar á nauðgunarbrandara ekki alls fyrir löngu. Stuttu seinna sögðu Tina Fey og Amy Poehler nánast sama brandara og voru lofðar mikið. Það er ekki þannig að það megi segja allt.“

Handboltadrama

Ofan á ljóðabókina og leikritið bætist svo handritsgerð að sjónvarpsþáttum. Dóri og Hafsteinn Gunnar Sigurðsson eru með þátt á teikniborðinu. „Þetta er allt í miklum startholum. Við Hafsteinn erum að byggja ofan á gamla hugmynd sem við Bergur Ebbs áttum. Upphaflega áttu þættirnir að verða grínþættir, svona handboltagrín. En nú verður þetta dramasería sem

HÉR SETJA MENN BERNASE-SÓSU Á ALLT. ÉG ÞARF AÐ BERJAST VIÐ FREISTINGAR FRANSKRA OG BERNASE ALLA DAGA FRÁ TÓLF TIL TÓLF.



Það er nóg um að vera hjá Dóra sem er nú búsettur á Akureyri.

fjallar um gamla handboltahetju, kvenna-handbolta og íslenskt samfélag. Zik Zak er í þessu með okkur og við erum að vonast til þess að geta fengið kvikmyndasjón og einhverja sjónvarpsstöð með okkur í þetta.“

Fleiri tímar í sólarhringnum

Dóri fluttist til Akureyrar með fjölskyldu sinni; eiginkonu sinni Magneu Guðmundsdóttur, dóttur sinni Guðnýju og svo flygur Kári sonur hans á milli höfuðborgarinnar og höfuðstaðar Norðurlands. „Lífið hérna er yndislegt. Maður hefur heyrt þessa klisju, að hér séu fleiri klukkutímar í sólarhringnum. Þessi klisja er sönn. Tempóið hérna er allt annað. Fyrst kom maður með sinn reykviska hamagang, alveg að fá kransæðastíflu. En svo lærir maður inn á lífið hérna og maður er örugglega fókusaðri.“

Eins og þeir sem fylgja Dóra á Twitter vita hefur kappinn verið í mikilli líkamlegri þjálfun undanfarna mánuði og hefur tekið mataræðið í gegn. Hann segir kannski helsta gallann við Akureyri vera

freistingarnar í matnum. „Hér setja menn bernase-sósu á allt. Ég þarf að berjast við freistingar franskra og bernase alla daga frá tólf til tólf,“ segir hann og skellir upp úr.

Hvæturlög til að koma norður

Þrátt fyrir að fjölskyldan sé ánægð fyrir norðan segir Dóri það ekki planið að setjast þar að.

„Nei, ég hugsa að við munum ekki festast hérna. En við munum örugglega koma hingað aftur.“ Dóri lofar Jón Pál Eyjólfsson, leikhússtjóra Menningarfélags Akureyrar. „Mér líst mjög vel á hugmyndir hans og vil endilega vinna með honum aftur. Ég held að mikið gott eigi eftir að gerast í leiklist á Akureyri á næstu misserum.“

Leikritið verður frumsýnt 22. október næstkomandi. „Sýningar verða í Hofi. Þetta er frábær salur og kjörið fyrir fólk að koma í heimsókn norður. Kíkja á leikrit og fá sér bernase-sósu.“


Ljóðabókin Hugmyndir að andvirði 100 milljónir kemur út á fimmtudaginn og er gefin út af Bjarti bókaforlagi. Eftir verður til upplestrar og útgáfuhófs að Laugavegi 77 á útgáfudag.

kjartanatli@frettabladid.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SÍMAR AUGLÝSINGAEILDIR - AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



≠ Friðjudags ≠
TILBOÐ

— DOMINO'S —

1000 KR.

Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!

ITALÍA: Ferskur mozzarella, kirsuberjatómatar og basilpestó

WWW.DOMINOS.IS DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

Bakpankar

Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar



Lax í Þróttara- búningi

Ég var að borða epli um daginn þegar ég áttaði mig á því að það var ekkert bragð af því. Það var líka með öllu lyktarlaust. Reyndar er langt síðan ég fann eplalykt síðast. Það var einn daginn þegar ég rak nefið í nýstárlegt strokleður.

Ósjálfrátt fór ég að hugsa um eldislaxinn sem ég sá nýlega á asísku hlaðborði, hann var svo feitur að hann virtist vera í Þróttarabúningi. Það er ekki alvöru lax! Alvöru lax er það sem Trausti og Svabbi draga upp úr Hrutafjarðara. Alvöru epli hlýtur líka að bragðast og ilma eins og epli. Mér varð ljóst að það er búið að gera tvírit af tilveru okkar og nú erum við hætt að lifa í upprunalega eintakinu en gerum okkur tvíritið að góðu. Við lifum í afriti. Þar er nóg að eitthvað líti út fyrir að vera epli og þá „er“ það epli.

Fótboltamenn hafa fattað þetta og nú getað þeir skutlað sér fyrir færur andstæðingsins og þá eru þeir búnir að uppskera víti. Í tilveru í tvíriti, þar sem enginn hefur lengur auga á því sem er ekta, gengur þetta alveg upp. Í tónlistinni þarf ekki annað en hængja afritaða lagstúfa á eins konar takt-teina og þá ertu orðinn hörku músikant.

Fyrirtækin hafa brugðist við þessu og gera nú aðallega út á myndina. Það er afritið af fyrirtækinu. Þetta er ósköp þægilega tilvera. Þú getur „verið“ það sem þú vilt. Þú getur „verið“ réttlátur án þess að þurfa nokkurn tíma að taka afleiðingunum sem fylgja slíku eðlisfari. Þú gerir bara eins og fyrirtæki, skapar myndina og dreifir henni svo út um allt. Auðvelt og þægilegt.

Enn eru þó tvö vandamál sem á eftir að leysa: 1) samviskan sér ennþá bara frumeintakið og 2) stundum langar mann alveg óheyri-lega í alvöru epli.

Opíð allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland

53.7%

FBL

19,6%

MBL

YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalbestur á
tölublað 18-49 ára. Prentmiðlakönnun
Gallup, jan.-mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

Setjum heilsuna í fyrsta sæti

Gerðu gæða- og verðsamanburð



REVERIE
rúmin eru einnig
fánleg með
BODY PRINT
heilsudýnum
Kynntu þér
málið!



IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum

REVERIE 3E Essential með
Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 349.900.-

REVERIE 7S Supremem með
Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 449.900.-

Kíktu á www.reverie.com

Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með
okkar bestu heilsudýnum

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og kraftmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.



Frábær hönnun

- Hægt er að fá aukabúnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.

- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.

Vinsælu rafstillanlegu hvíldarstólarnir og sófarnir komnir aftur.
Leður á slitflötum. Einstaklega þægilegir. Nokkrir litir.



Rafdrifinn hvíldarsófi
aðeins kr. 219.900.-
Rafdrifinn hvíldarstóll
aðeins kr. 119.900.-

Lyftustólinn vinsæli kominn aftur
Verð aðeins **kr. 109.900.-**

Stillanlegir hvíldarstólar
Verð frá **kr. 89.900.-**

Verona

Lúxus rafstillanlegur tungusófi með
þykku vönduðu leðri. Hægri eða vinstri tunga.
Verð kr. 499.000.-
Kynningarverð aðeins kr. 399.200.-



Baldursnesi 6 - Akureyri

*3.5% lántökugjald



Listhúsið - Reykjavík

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

Svefn & heilsa

★★★★★

Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is